

Sóknarfæri

September 2022

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi



Allt um sýninguna
Sjávarútvegur 2022

í Laugardalshöll 21.-23. september



ICELAND FISHING
EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022

RIT
FORM

Hlúum að fjöregginu



Jóhann Ólafur Halldórsson
ritstjóri skrifar.

Nýhafið fiskveiðiár verður áskorun í íslenskum sjávarútvegi vegna áframhaldandi niðurskurðar þorskaflaheimilda, okkar verðmætustu fisktegundar. Þriðja árið í röð er samdráttur í úthlutun heimilda, byggður á vísindalegri ráðgjöf og liggur í hlutarins eðli að þegar heildarsamdráttur aflamarks í þessari fisktegund er liðlega 23% á þremur árum þá hefur það veruleg áhrif í greininni. Líkt og fjallað er um hér í blaðinu verður það áframhaldandi verkefni útgerðanna að bregðst við samdrættinum á þessu ári. Nú eins og svo oft áður eru þó ljós í myrkrinu en það hefur jafnan einkennt sjávarútveginn í gegnum tíðina að þegar einar dyr lokast þá opnast aðrar. Afurðaverð er hátt, ýsustofninn er á uppleið, úr mækrlveiðum rættist í sumar og vonir standa til að loðnuvertíðin verði góð í vetur. Almennt eru flestir sammála um að taka þurfi slaginn, fara að vísindalegum ráðleggingum í þorskveiðum í

þeirri trú að aftur verði hægt að auka við þorskaflaheimildir innan fárra ára. Það breytir hins vegar ekki því að stöðugt þarf að hamra á nauðsyn þess að við gefum ekki eftir í fiski- og hafrannsóknunum því þær eru einn allra mikilvægasti þáttur í því að hlúa að auðlindinni – fjöreggi sjávarútvegsgrainnar.

Talandi um rannsóknir má benda á áhuga-verða samantekt hér í blaðinu um landvinnunga grjótkrabbans hér við land sem augljóslega er full ástæða til að hafa áhyggjur af, líkt og sérfræðingar og viðmælendur blaðsins benda á. Útbreiðsla grjótkrabbans kann að vera ein af vísbendingum breytinga í lífríkinu í höfunum sem tengdar eru loftslagsþróun.

Margsannað er að það gamla orðatiltæki að lengi taki sjórinn við er öfugmæli. Hér í

blaðinu er fjallað um starf Bláa hersins í hreinsun í fjörum landsins þar sem bent er á að oft finnist í fjörum á Reykjanesi rusl sem augljóslega eigi ættir að rekja langt suður í höf. Hreinsun strandlengjunnar er gjöfugt starf og þarft.

En síðast en ekki síst er þessi útgáfa helguð sýningunni Sjávarútvegur 2022 í Laugardalshöll dagana 21.-23 september. Þrjú daga sjávarútvegshátíð þar sem fólk úr greininni hittist og fjöldi fyrirtækja kynni sína framleiðslu og starfsemi. Allir sem í Laugardalshöll munu koma þessa daga fara þaðan fróðari.

Sóknarfæri
Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi



Útgefandi: Ritform ehf.

Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson (ábm).

Umsjón, og textavinnsla: Baldur Guðmundsson, Hjörtur Gíslason, Jóhann Ólafur Halldórsson, Margrét Þóra Þórsdóttir og Valþór Hlökkversson.

Hönnun og umbrot:

Guðmundur Þorsteinsson - Guðli.

Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir
inga@ritform.is

Prentun: Landsprent

Dreifing: Íslandspóstur

Forsíðumynd:

Þorgeir Baldursson

Rafræn útgáfa á blaðinu er á ritform.is og visir.is

Við erum líka á Facebook!



Gott til endurvinnslu

VEIST ÞÚ hvað er í kerinu þínu?

iTUB býður upp á PE einangruð ker sem eru að fullu endurvinnanleg

- Halda vel styrk og lögun = **öruggara vinnuumhverfi til sjós og lands**
- Draga ekki í sig vökva og óhreinindi = **aukið matvælaöryggi hráefnisins**
- Halda þyngd sinni út líftímann = **réttari vigtun afla úr auðlindinni**


VELDU RÉTT!




iTUB
www.itub-rental.com

24 tíma
þjónusta

KÆLI



Skip / Bátar
Landvinnslur / Fiskeldi



Kjötvinnsur / Verslanir
Veitingastaðir / Heildverslanir

ÞJÓNUSTA



Kæli- og frystikerfi í vöruhúsum. Hönnun, ráðgjöf, uppsetning og viðhald.




Kæli- og frystiklefar frá Incold í öllum stærðum og gerðum.



Carrier kælikerfi í allar gerðir bifreiða og flutningavagna.



Ammóníakskerfi um borð í skipum. Uppsetning, viðhald og viðgerðir.



Þjónusta hjá viðskiptavinum.



Incold rennihurðir fyrir allar gerðir af kæli- og frystirýmum.



100% vistvænt CO2 kælikerfi frá SCM Frigo.



Uppsetning, þjónusta og viðgerðir fyrir matvöruverslanir ásamt 24/7 tíma vöktun.



Varmadælistöðvar fyrir þá sem ekki eiga kost á að nýta jarðvarma til húshitunar.



Hágæða kæli- og frystigámar frá Titan Containers.

ÖLL ALMENN ÞJÓNUSTA Á FRYSTI- OG KÆLITÆKJUM:

- Ráðgjöf
- Hönnun
- Smíði
- Umboð
- Uppsetning
- Viðhald
- Bilanagreining
- Viðgerðir
- 24/7 vaktþjónusta
- O.fl.

bæði á verkstæði okkar og hjá viðskiptavinum til sjávar og sveita.

MINNKAÐU KOLEFNISOPRIÐ ÚT MEÐ F-GÖSIN (FREON)

KAPP býður m.a. upp á að skipta út slæmum kælimiðlum í stað nýrra og umhverfisvænni miðla eins og t.d. Co2 og Ammóníak.

Lausnin er til.

VÖRUR

- Umhverfisvænar lausnir
- Kæli- og frystiklefar
- Kælikerfi fyrir bíla
- Varmaskiptar
- Kælihurðir
- Kæligámar
- Ísvélar
- Þjöppur
- Plötufrystar
- Blásarar
- Þurrkarar
- Kælimiðlar
- Vélakerfi
- o.fl. o.fl.

KÆLIKERFI

Þjónustum öll kælikerfi:

- CO2 • Ammoníak • RSW • OptimICE® • o.fl.

Við leggjum ríka áherslu á góða þjónustu og vandað verk.

KAPP ehf

24 tíma
þjónusta 664 1310

Turnahvarf 8 · 203 Kópavogur · Sími 587 1300 · kapp@kapp.is · www.kapp.is

Heildarlausn siglingatækja hjá Sónar

- stillanlegir toghlerar!



Sónar ehf. sem var stofnað fyrir 17 árum og er eitt af leiðandi fyrirtækjum á landinu í innflutningi og þjónustu við siglinga-, fjar-skipta- og fiskileitartæki fyrir skip og báta, verður að vanda með veglegan sýningarbás á sýningunni Sjávarútvegur 2022.

Sónar er umboðsaðili fyrir fjölbreytt úrval siglingatækja frá heimsþekktum framleiðendum, s.s. JRC, Sailor, Kaijo Sonic, Tranberg, Raymarine, Koden, Lars Thrane, SeapiX, Wassp, SeaTel, Raytheon Anschutz, Avitech, Seaman, ComNav, Kannad o.fl.

MLD stillanlegir toghlerar – ein mesta bylting í uppsjávarveidum undanfarin ár?

Guðmundur Bragason, sölustjóri, segir Sónar verða með það helsta í nýjungum frá framleiðendum á sýningunni en væntanlega muni stillanlegir toghlerar frá MLD vekja mesta athygi.

„Síðasta árið höfum við selt stillanlega toghlera frá MLD í sex uppsjávarskip og viðbrögðin hafa verið frábær. Venus NS er með MLD TSS trollstjórnunarkerfi þar sem hægt er að stjórna toghlerunum alfarið úr brúnni, s.s. láta þá halda sér á ákveðnu dýpi, halda ákveðinni fjarlægð milli toghlera og margt fleira. Bergur Einarsson skipstjóri á Venusi segir MLD toghleranna og trollstjórnunarkerfið hafa reynst frábærlega á makrílveiðum í sumar og segir það mestu framfarir í uppsjávarveidum síðustu ár.

Huginn VE, Sigurður VE,



■ Guðmundur Bragason, sölustjóri Sónar ehf.

Heimaey VE, Ísleifur VE og Sig-hvatur Bjarnason VE (ex Kap VE) eru öll með MLD MPD manual stillanlega toghlera og segist Ólafur Einarsson skipstjóri á Heimaey aldrei hafa kynnst jafn góðum toghlerum og reynslan hafi verið frábær á makrílveiðum í sumar.

Eftir frábæra reynslu á Venus-INS hafa stjórnendur Brims hf. pantað MLD TSS trollstjórnunarkerfið í Víking AK og MLD MPD manual stillanlega toghlera í Svan RE, sem verða afhentir á næstu vikum. Við og fulltrúar frá MLD hlökkum til að kynna þessa einstöku toghleralausnir fyrir skipstjórnendum og útgerðarstjórum uppsjávarskipa á sýningunni,” segir Guðmundur.

Heildarlausn í Baldvin Njálssyni GK

Sónar hefur séð um heildarpakka

siglinga- og fjar-skiptatækja í fjölmörgum nýsmíðum, jafnt í stærri trefjaplastbátum sem og stærri skipum. Guðmundur segir þetta vera stóran hluta af starfsemi Sónar, alltaf sé gaman að sjá öflug skip verða til og í samráði við eigendur að búa þau út með alvöru siglingatækjum.

Sem dæmi seldi Sónar heildarlausn siglinga-, fjar-skipta- og fiskileitartækja í frystitogarann Baldvin Njálsson sem kom nýr í lok síðasta árs.

„Í góðu samstarfi við skipstjórnendur staðsettum við tæki og skjái í brú. Það tókst afar vel og skipstjórnendur hafa hælt því hversu aðgengileg öll tæki eru og vinnuástanda til fyrirmyndar. Samstarfið við Nesfisk, skipstjórnendur og skipasmíðastöð gekk afar vel og viljum við enn og aftur þakka fyrir það.

Þetta er klárlega eitthvað sem



■ Skipstjórnarpúlt og skjáveggur í Baldvin Njálssyni GK.



■ MLD stillanlegir toghlerar á Venusi NS.

við viljum gera meira af og erum til í slaginn þegar menn velja fyrir sér nýsmíðum af öllum gerðum á komandi árum,” segir Guðmundur.

Skjáveggur

Á bás sínum á sýningunni mun Sónar kynna allt það nýjasta sem er að finna frá birgjum fyrirtækisins.

„Á sýningunni munum við m.a. sýna skjávegg frá Avitech en Pacific MS skjáveggjakerfið hefur vakið athygli fyrir mikla möguleika, áreiðanleika og frábært verð. Pacific MS skjáveggjalausnin hefur tekið markaðinn með

trompi og verið sett upp bæði í nýsmíðum og þegar endurnýjaðar eru skjálausnir í eldri skipum.

Þá sýnum við vandaða radarlínu frá JRC en JRC hefur sannað sig sem einn fremsti radarframleiðandi í heiminum í dag og fengið mikið lof notenda, ásamt JRC JLN-652 Doppler Current strauummælningum sem hefur fengið frábærar móttökur á íslenska markaðnum,” segir Guðmundur.

Ný fiskileitartæki frumsýnd

Seaman er nýtt merki á íslenska markaðnum sem verður kynnt á bás Sónar en Guðmundur segir Seaman framleiða vandaða Multi Beam og Chirp dýptarmæla sem henta í flestar stærðir skipa og báta.

Einnig verða kynntar uppfærslur á Kajo Sonic dýptarmælum, Doppler strauummæli og Omni sönartækjum en þar hefur Kaijo Sonic sérstöðu með öflugum há-tíðnisónar.

Sónar hefur hafið sölu á dýptarmælum frá Koden og mun sýna þá á sýningarbás sínum.

Nýjar uppfærslur á Multibeam dýptarmælum frá SeapiX og Wassp verða einnig kynntar sem og lausnir í myndavélakerfum ásamt hitamyndavélum frá FLIR. Frá Tranberg verður Sónar m.a. með LED leitarkastara og LED vinnuljós.

Á sýningunni verður einnig kynntur Thrane LT-3100 S GMDSS Iridium sími sem Guðmundur segir að hafi strax vakið mikil og jákvæð viðbrögð. Með honum opnast nýjir möguleikar í GMDSS útbúnaði skipa t.d. að skip geta farið á A4 siglingarsvæði með tvennum Thrane LT-3100S GMDSS sínum um borð.

Mikið úrval siglingatækja og afburða þjónusta

„Við leggjum metnað okkar í að bjóða fjölbreyttar lausnir í siglinga-, fiskileitar- og fjar-skiptatækjum, bæði í stærri nýsmíðar sem og meðalstóra og smærri báta. Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á þjónustu við tækin sem við seljum og finnum að það kunna viðskiptavinir okkar vel að meta. Ég hvet skipstjórnendur og útgerðarmenn til að kíkja við hjá okkur og kynna því betur. Áherslan verður lögð á vandaðan sýningarbás og að hafa létt yfir þessu,” segir Guðmundur að lokum.

Smurolíur, gírolíur, vökvakerfisólíur, smurfeiti, hreinsiefni og fl.



MOTUL IÐNAÐAROLÍUR OG SMUREFNI FRÁ MOTUL
Sími 462-4600 motul@motul.island.is



ÖRYGGI



VEIÐAR



FISKELDI



HÍFIBÚNAÐUR



REKSTRARVÖRUR

ALLT TIL FISKVEIÐA

Ísfell er leiðandi fyrirtæki í hönnun, þjónustu og sölu á veiðarfærum, útgerðarvörum, björgunarvörum, bindivörum, hífilausnum og ýmsum rekstrarvörum. Þjónusta fyrirtækisins markast af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og starfsfólki með víðtæka þekkingu.

Ísfell hjálpar viðskiptavinum að ná árangri með því að veita framúrskarandi þjónustu og lausnir. Hafðu samband og kynntu þér vöruúrval fyrirtækisins.

isfell.is • Sími 520 0500

ÞEKING • ÞJÓNUSTA • GÆÐI



■ Gunnar Tómasson, framkvæmdastjóri Þorbjarnar, segir að allir fiskmarkaðir séu góðir um þessar mundir.

Úr sextán skip- um í fjögur

Sjávarútvegsfyrirtækið Þorbjörn í Grindavík hefur á undanförunum árum hagrætt verulega í starfseminni

„Við höfum verið að breyta útgerðarmynstrinu hjá okkur, úrelða línuskipin Sturlu, Tómas og Hrafn, en í staðinn kom togbáturinn Sturla, sem áður hét Smáey (Vestmannaey). Þetta gerðum við meðal annars vegna þessa mikla niðurskurðar sem verið hefur í þorskinum undanfarin ár, rúmlega 20%. En við erum að byggja skip, sem á að koma eftir tvö ár, svo við vonum að þorskstofninn verið farinn að rétta úr kútnum þegar skipið kemur. Við getum leyft okkur að vonast eftir betri tímum. Strax á síðasta ári færðum við kvóta milli ára til að reyna að mýkja samdráttinn í veiðinni eins og við getum. Þá höfum við lengt sumarstoppin, þau voru lengri nú í ár en í fyrra og hitteðfyrra.“

Þetta segir Gunnar Tómasson, framkvæmdastjóri Þorbjarnar hf. í Grindavík um stöðuna nú um kvótaáramótin. Fyrirtækið

hefur staðið í miklum aðgerðum til hagræðingar á undanförunum árum.

„Nú gerum við út einn línubát, Valdimar, togbátinn Sturlu og frystitogarana Hrafn Sveinbjarnarson og Tómas Þorvaldsson. Það er því orðin allmikil breyting frá því sem var, þegar þrjú fyrirtæki, Þorbjörn, Fiskanes og Valdimar í Vogum runnu saman í eitt undir nafninu Þorbjörn. Þá voru þessi fyrirtæki að gera út 16 skip. Það hefur verið handgangur að laga til síðan þá. Búið að breyta mörgu og í raun er ekkert eins,“ segir Gunnar.

Ísfisktogari með möguleika á frystingu
Nýja skipið sem Þorbjörn er með í smíðum verður ísfisktogari en er þannig hannað, að mjög auðvelt verður að breyta því í frystiskip ef aðstæður verða þannig að það borgi sig. Allar lagnir og rými miðast við að hægt



■ Vinnslúna Þorbjarnar.



UMBÚÐIR & PÖKKUN ERU OKKAR FAG



FERSKFISKKASSAR SEM ERU 100% ENDURVINNANLEGIR

CoolSeal kassinn er umhverfisvænn og því
góður valkostur í stað frauðplastkassa



Gámakassi, vélreistur
með styrkingu í hornum
skýr og góð prentun.

Nýr flugkassi, tvöföld langhlið
sem tryggir meiri styrk og
betri einangrun.





■ Ísfiskskip Þorbjarnar, togbáturinn Sturla og línubáturinn Valdimar.



■ Tómas Þorvaldsson landar í fyrsta sinn í heimahöfn.

sé að koma fyrir frystitækjum og vinnslubúnaði og lestin er hönnuð sem frystilest þó hún verði nýtt sem ferskfisklest til að byrja með. „Við viljum halda okkur við ferska fiskinn áfram, en engar ákvarðanir hafa verið teknar um það hvort og þá hvaða skipum verður skipt út við komu nýja skipins. Það fer bara eftir hversu rýmilegur kvótinn verður þegar þar að kemur og hvernig fiskmarkaðir ytra þróast,“ segir Gunnar.

„Fljótlega eftir sameininguna minnkaði vægi saltfiskins, en við höfum samt haldið nokkuð í þann markað. Hjá okkur fara um 25% af fiskinum í salt. Hitt fer í ferskt og sjófryst. Við höfum þannig verið að sinna þessum traustu viðskiptavinum okkar á Spáni. Þeir hafa helst viljað línufiskinn en við höfum fengið þá til að taka saltaðan fisk úr trolli. Sá fiskur er miklu betri en hann var hér áður fyrr. Það er í dag farið betur með fiskinn, tekin styttri og minni hol. Aðgerð og kæling taka styttri tíma og túrarnir eru líka styttri. Þetta eru vinnsluferfi sem eru mjög afkastamikil og vel hönnuð.“

Ekkert sótt í Barentshafið nú

Gunnar segir að fyrirtækið verði rekið með óbreyttum hætti í vetur en það fari þó eftir því hvernig afurðaverðin haldi.

„Afurðaverðið hafa verið í hæstu hæðum en núna í ágúst voru að koma fram einhverjar lækkanir, til dæmis á hausuðum og slægdum þorski frá Noregi. Framboð á honum mun minnka skarpt þegar líður á haustið. Það eru heldur ekki miklir kvótar eftir í Noregi og einnig hefur þeim ekki gengið vel að ná kvótum.“

Þorbjörn á það lítinn kvóta í Barentshafi að hann var ekki sóttur að þessu sinni, heldur var honum skipt út fyrir heimildir hér heima. Fyrirtækið var líka búð að selja þær heimildir sem það átti áður í lögsögu Rússa. Ekki var orðinn grundvöllur fyrir að sækja þann afla en Gunnar segir að því til viðbótar hafi engar heimildir til veiða í lögsögu Rússa verið gefnar út nú.

Mjög stór þorskstofn

En hvað segir Gunnar um stöðu þorskstofnsins nú eftir mikinn niðurskurð veiðiheimilda á undanförunum árum?

„Í dag er mjög stór þorskstofn í sjónum og þegar þannig háttar til er auðvelt að veiða þorskinn. Hann er eiginlega alls staðar og auðveldast að veiða hann af öllum tegundum. Ég er viss um að þorskstofninn er búinn að ná sér og úr svona stórum þorskstofni væri engin goðgá að taka aðeins meira en við höfum verið að taka að undanförunu, eða um 20% meira. Mér hefur alltaf fundist að það mætti taka meira úr stórum stofni og minnka hlutfallið þegar stofninn dalar.“

Við höfum líka velt því mikið fyrir okkur hvernig staðan í karfanum er. Við viljum láta rannsa hana betur. Nú segja sjómennirnir okkar að alls staðar sé hægt að ganga að karfa en það hefur dregið mjög úr sókninni í hann vegna þess að kvótinn hefur minnkað svo mikið. Það hefur alltaf verið mjög erfitt að meta nýliðunina í karfastofninum. Ekki er enn búð að finna



■ Teikning af hinu nýja skipi Þorbjarnar.



■ Saltfiskur er um fjórðungur framleiðslu Þorbjarnar.

upp þá tækni sem þarf til að finna út hvernig hvert got kemur út á hverju ári. Raunverulega erum við ekki að fá almennilegar upplýsingar um það fyrr en fiskurinn í kominn í veiðanlegt ástand. Þetta er búð að vera vandamál og vonandi finnum við upp einhverjar nýjar aðferðir til mæla þetta.“

Allir markaðir góðir

Gunnar segir að markaðir fyrir fiskafurðir séu allir góðir. Þeir taki allir vel við og verðið sé hátt. En kaupendur séu reyndar ekki sáttir við að þurfa borga svona hátt verð og koma því út til neytenda. Ábyggilega séu einhverjir neytendur farnir að borða eitthvað annað en fisk, en þá spyrji menn sig hvað annað sé í boði. Allt hafi hækkað en kannski hafi menn bara notað tækifærið og minnkað við sig. Gunnar segir dæmi um að viðskiptavinir Þorbjarnar sem selja fisk og franskar hafi gripið til þess ráðs að minnka skammtana svolítið til að mýkja hækkanir á hráefnisverði. Einhverjir staðir hafi hætt rekstri meðan þessar hækkanir séu að

ganga yfir. Flestir haldi þó áfram og taki því sem að höndum ber.

Pólitísk mistök

Aðspurður um áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á reksturinn segir Gunnar að þau séu ekki meiri en á sjávarútveginn almennt. „Stríðið hefur fyrst og fremst valdið verðhækkunum á ýmsum aðföngum sem reksturinn þarf á að halda. Þar vegur olíuverðið þungt. Hvað varðar útflutning á fiskafurðum til Rússlands, vorum við búin að taka á okkur þann skell þegar Rússar settu innflutningsbann á afurðir frá löndum sem studdu viðskiptahindranir Evrópusambandsins vegna innlimunar Krímskagans í Rússland 2014. Það var pólitísk ákvörðun ríkisstjórnar Íslands að fylgja Evrópusambandinu í þeim aðgerðum og hún bitnaði fyrst og fremst á Íslandi. Það virðast allar aðrar þjóðir geta haldið sínu fram en hér giltu aðrar reglur og við gátum ekki sinnt þeim markaði í Rússlandi sem við vorum að sinna áður. Rússar setja viðskiptabann á Ísland til að refsa Evrópusambandinu. Það

voru bara pólitísk mistök hér að fara þessa leið.“

Jákvætt fyrir Grindavík

Gunnar segir að sjávarútvegurinn hafi þrátt fyrir þetta og aðrar áskoranir eins og Covid staðið sig vel. Það sé einnig gott að aðrir atvinnuvegir séu farnir að ganga vel, t.d. ferðaþjónustan og áliðnaðurinn með tilheyrandi gjaldþyrjóflun. Það hljóti að létta aðeins þunganum af sjávarútvegnum og dreifa ábyrgðinni meira.

Aðspurður um kaup Síldarvinnslunnar á Vísi hf., hinu stóra sjávarútvegsfyrirtækinu í Grindavík, segir Gunnar að það verði líklega jákvætt fyrir Grindavík, gangi það eftir sem stjórnendur Síldarvinnslunnar hafi sagt, að vinnsla í Grindavík verði eflað. Það verði þá meira um landanir á ferskum fiski, sem fari í gegn í Grindavík. Þá sé Samherji, stærsti hluthafinn í Síldarvinnslunni mjög öflugur í fiskeldi og Síldarvinnslan hafi fjárfest töluvert í því að undanförunu. Samherji sé að byggja upp viðamikil laxeldi á landi á Reykjanesi og það geti komið sér vel fyrir Grindavík. Því fylgi bara tækifæri fyrir Grindvíkinga þegar svo öflug fyrirtæki komi sér fyrir í Grindavík og nágrenni. Það sé líklega til góðs að eigendum Vísis hafi fjölgað í nokkur þúsund, þó sumir tali um samþjöppun í þessu sambandi. Það séu alltof oft einhver öflugmæli í umræðunni um sjávarútveg.


Ekki á leið á markað

Spurður hvort Þorbjörn sé á leiðinni á hlutabréfamarkað, segir hann svo ekki vera. „Við vorum á markaði á sínum tíma og það gekk frekar brösuglega. Það var ekki mikill áhugi fyrir fjárfestingum í sjávarútvegi á þeim tíma. Menn hurfu því frá því. En mér hefur fundist bæði Brim og Síldarvinnslan hafi staðið sig ágætlega á markaðnum. Hver veit hvort sú staða skapist að tækifæri verði fyrir okkur að fara inn á markaðinn. Þorbjörn er líklega of lítil eining fyrir markaðinn í dag, en fyrirtækið er með 5,6% hlutfélagi í þorskaflaheimildum.“

PROTECT
PRODUCT
& PEOPLE

alvar.is

MIST



Háðu varnarbaráttuna
gegn sýkingum, smiti
og kostnaði með einu
heildstæðu kerfi

ALVAR úðakerfin dreifa þéttum sóttþreinsandi úða í valin rými verksmiðu út frá því hvað er hagkvæmast fyrir stærð hvers rýmis. Þéttur úðinn tryggir djúpa sóttþreinsun á búnaði, alveg niður í minnstu glufur milli véla.

Með ALVAR kerfi er framleiðsla og orðspor fyrirtækisins tryggari og matvælaöryggi stórbætt. Þá dregur ALVAR úr vatns- og efnanotkun.

ALVAR Mist Core kerfið sóttþreinsar sjö þúsund fermetra verksmiðu á aðeins 30 mínútum, dregur úr vatnsnotkun um meira en 90% og minnkar efnanotkun um meira en 70%. Sóttþreinsunin útheimtir enga viðbótar vinnu starfsfólks. Með þessu móti er hægt að lengja hillulíf framleiðsluvöru um tvo daga með tilsvareandi samdrætti í matarsóun.

Fjárfestingin í ALVAR borgar sig að jafnaði á innan við ári.



ALVAR

Iceland
ALVAR Mist ehf.
Urðarhvarf 14
203 Kópavogur
info@alvar.is
+354 550 8300



ECA vatn – sjálfbært sótt- hreinnsi- og þvottaefni



■ Erlendur Geir Arnarson, framkvæmdastjóri Ísblik við ECA búnað sem settur var upp hjá Búlandstindi á Djúpavogi. „Við bjóðum gesti velkomna í básinn okkar A8 á sýningunni Sjávarútvegur 2022.“



Ánægðir viðskiptavinir

„Strákarnir hjá Ísblik settu upp hjá okkur ECA búnað í lok síðasta árs með það fyrir augum að sóttgreinsa allt blóðvatn sem fer frá vinnslunni aftur út í sjó. Reynslan er það góð að nú erum við að tengja ECA vatnið inn á öll þvottakerfi í húsinu,“ segir Elís Hlynur Grétarsson, framkvæmdastjóri hjá Búlandstindi á Djúpavogi.



„Með uppsetningu ECA búnaðar geta fyrirtæki framleitt sitt sóttgreinnsi- og þvottaefni eftir þörfum þar sem á að nota það og losnað þannig við endalausa flutninga á kemískum efnum og förgun á tónum umbúðum. ECA er fullkomlega hættulaust í notkun og er til þess fallið að minnka kolefnisspor fyrirtækja umtalsvert og þannig leggja þau sitt af mörkum við að ná metnaðarfullum markmiðum í umhverfismálum.“ Þetta segir Erlendur Geir Arnarson, framkvæmdastjóri Ísblik sem er dreifingar- og þjónustuaðili fyrir ECA kerfi á Íslandi.

Hvað er ECA vatn?

Erlendur segir að ECA vatn standi fyrir „Electro Chemically Activated Water“, sem á íslensku mætti kalla rafauðgað vatn. „Allt

sem þarf til að framleiða ECA vatn er vatn, salt og rafmagn. Virku efnin sem myndast við rafgreininguna eru hypóklórsýra (HOCl) og natríumhypóklóríð (NaOCl). Hypóklórsýra er skaðlaus lífverum þar sem hvít blóðkorn framleiða hana til að berjast við örverur sem herja á líkamann. Auk þess að vera öflugt sóttgreinnsiefni þá er ECA vatn líka gott í stað sápu vegna þess að það inniheldur natríumhypóklóríð.“

Það var breski vísindamaðurinn Michael Faraday sem uppgötvaði rafgreiningu um miðja 19. öld en þá er rafstraumi hleypt frá straumgjafa á milli tveggja skauta, anóðu og katóðu, sem liggja í vökv. Þetta ferli breytir efnasamsetningu vökvans. Það er óvíst hvort Faraday gerði sér grein fyrir því að með vatni, salti og rafgreiningu mætti framleiða sóttgreinnsilausn sem drepur örverur en það er þó staðreynd að uppgötvun hans leiddi til þess að ECA vatn varð til.

Banvæn áhrif á örverur

„ECA vatn hefur undirgengist fjölda klínískra prófana (EN-próf) sem sýna að það er öflugt til að eyða bakteríum, vírusum, geri og sveppum, m.a. E.coli, salmonellu, listeriu og SARS-CoV-2 (COVID 19). Það er vel þekkt í efnafræði að hypóklórsýra virkar

hraðar og betur til sóttgreinnsunar en efni sem byggð eru á alkóhólí, s.s. handspritt sem náð hefur mikilli útbreiðslu á undanfórnum misserum vegna covid 19 faraldursins,“ segir Erlendur Geir. Hann segir að þrátt fyrir banvæn áhrif ECA vatns á örverur sé fullkomlega óhætt að vinna með það þar sem það er hluti af náttúrulegu varnarkerfi líkamans, enda eru engar viðvaranir í öryggisblaði þess. Þetta er meðal annars vottað af Efnafræðistofnun Evrópu (ECHA). Þá er ECA vatn með vottun frá Umhverfis- og matvælastofnun Danmerkur um að ekki þurfi að skola það af flötum þar sem matvæli eru meðhöndluð.

ECA á bandi náttúrunnar

„Ísland hefur, líkt og mörg önnur lönd, sett sér metnaðarfull markmið í umhverfismálum, ekki síst mælanleg markmið um að draga úr kolefnislosun. Innleiðing ECA vatns er einföld leið til að taka stórt skref á þessari vegferð. Það er framleitt á notkunarstað og því ekki um langa flutninga efnisins að ræða, menn losna við uppsöfnun tómrar umbúða, í vatninu eru ekki hættuleg kemísk efni og þegar það kemst í frárennslí brotnar það aftur niður í hræfnin sem það er framleitt úr, vatn og salt.“

Erlendur Geir segir að ECA vatn sé í sívaxandi mæli að ryðja sér til rúms við aðstæður þar sem gerðar eru miklar kröfur til hreinlætis og sóttgreinnsunar. Hvað sjávarútveginn varðar er þar notað allt vatn sem notað er til vinnslu, til íblöndunar í ís og krpa, í kælitanka, auk allra þrifa og sóttgreinnsunar búnaðar, véla og húsnæðis. Í fiskeldinu er það notað til þrifa og sóttgreinnsunar á eldiskerum og öðrum búnaði og sóttgreinnsunar á blóðvatni frá slátrun.

„Á Íslandi og í Færeyjum er ECA búnaður í notkun hjá fyrirtækjum í bolfiskvinnslu, uppsjávarveiðum og vinnslu, fiskeldi og þurrkun og einnig í kjúklingarækt og vinnslu og ræktun örþörungna. Nefna má að leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í framleiðslu og sölu á snjalltækjum leyfir ekki önnur efni nálægt sínum vörum og stór alþjóðleg skipafélög hafa sett upp ECA búnað á öllum sínum ferjum og skemmtiferðaskipum. Það besta af þessu öllu er að þegar búið er að setja upp ECA búnað þá kostar hver framleiddur lítri af ECA vatni innan við tvær krónur,“ segir Erlendur Geir í Ísblik að síðustu.

isblik.is

Ánægðir viðskiptavinir

„Við settum upp ECA kerfi um borð í Nordborg árið 2019 og okkar reynsla af því er frábær. Við sáum strax mikla breytingu á vinnsludekkinu og þríf taka nú mikið skemmri tíma en áður. Við getum því heilshugar mælt með ECA kerfi um borð í vinnsluskip,“ segir Jon Rasmussen eigandi og skipstjóri Nordborg frá Færeyjum.



■ Öflugur ECA búnaður er um borð í Nordborg frá Færeyjum þar sem ECA vatni er blandað í allan sjó á vinnsludekki auk kælitanka (RSW).



Allt mögulegt fyrir öryggið



Við sérhæfum okkur í öryggisvörum svo sem heyrnarhlífum og samskiptabúnaði, fallvörnum, hjálmum, vinnu- og öryggisfatnaði, gasmælum, öryggisgleraugum, og höfuðljósum.

Auk þess erum við með mikið úrval af háprýstidælum, rafstöðvum, loftpressum, o.fl.

Kíkkaðu í vefversun okkar og hafðu samband.

Við veitum þér faglega aðstoð.



DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

Um 150 fyrirtæki á sjávarútvegs-sýningunni í Laugardalshöll



Um 150 innlend og erlend fyrirtæki verða með sýningarbása á sýningunni Sjávarútvegur 2022 – ICELAND FISHING EXPO í Laugardalshöll dagana 21.-23. september næstkomandi. Að sýningunni stendur fyrirtækið Ritsýn ehf. og segir Ólafur M. Jóhannsson, framkvæmdastjóri, að mikill áhugi hafi verið á þátttöku en þetta er í þriðja sinn sem Ritsýn heldur sjávarútvegsýningu sem þessa. Þær fyrri voru 2016 og 2019.

Mikill áhugi og meðbyr

Ólafur segist hafa fundið mikinn meðbyr í undirbúningi sýningarinnar og voru öll sýningarrými uppseld fyrir nokkru.

„Sýningin endurspeglar þá miklu þróun sem er á öllum sviðum íslensks sjávarútvegs. Gestir koma til með að sjá það nýjasta í alls kyns búnaði sem tengist útgerð og fiskvinnslu, nýjungar í fiskileitar- og fjarskiptabúnaði, þeir kynna framþróun í hugbúnaðargerð sem tengist sjávarútvegi og þannig má lengi telja.



■ Sjávarútvegssýningar eru mikilvægur vettvangur viðskipta og vafalítið verða margir viðskiptasamningar handsalaðir á sýningunni Sjávarútvegur 2022.



■ Þjónustufyrirtæki með fiskileitar- og fjarskiptatækni kynna sinn búnað.



■ Ólafur M. Jóhannsson, framkvæmdastjóri Ritsýnar ehf.

formlega. Sýningin verður opin þann dag kl. 14 til 19 og kl. 10-18 á fimmtudegi og föstudegi.

„Eitt stærsta markaðstæki okkar er að sýnendur fá ótakmarkaðan fjölda boðsmíða og við reiknum með miklum fjölda gesta, líkt og á fyrri sýningum okkar,” segir Ólafur og bætir við að í aðdraganda sýningarinnar verður hún kynnt í innlendum sjávarútvegsmiðlum og öðrum fjölmiðlum, sem og á samfélagsmiðlum. Eins og áður segir eru bæði innlendir og erlendir sýnendur og í því sambandi nefnir Ólafur að m.a. hafi sendinefnd frá Möltu boðað komu sína á sýninguna.

„Af langri reynslu veit ég að þessi tími ársins er hentugur til sýningarhalds og í Laugardalshöll er öll aðstaða til sýningarhalds eins og best verður á kosið. Þar er t.d. nýbúið að gera lagfæringar í eldri höllinni, endurnýja gólf og fleira. Og með þann meðbyr sem ég og starfsfólk við undirbúning sýningarinnar höfum fundið þá erum við spennt að opna sýninguna og bjóða gesti velkomna,” segir Ólafur M. Jóhannsson.

Meðal sýnenda eru einnig fyrirtæki í þjónustu við hina ört vaxandi fiskeldisgrein á Íslandi sem margir telja að muni verða stærri en fiskveiðar- og fiskvinnsla í framtíðinni. Fyrst og fremst verður Sjávarútvegur 2022 stór, fjölbreytt og fræðandi sýning, jafnframt því að vera dýrmætur vettvangur viðskiptatengsla í sjávarútvegsgreininni,” segir Ólafur.

Þriggja daga sjávarútvegshátíð
Sjávarútvegur 2022 hefst með setningarathöfn eftir hádegi miðvikudaginn 21. september þar sem Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra, opnar sýninguna

Rafbátar fá að veiða meira á strandveiðum

„Við fögnum þessum áformum ráðuneytisins. Þetta er frábært framtak og ber vott um framsýni ráðuneytisins í þessum efnum,” segir Þorsteinn Másson, framkvæmdastjóri Bláma, sem er samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða og Vestfjarðastofu. Meginmarkmið Bláma er að styðja við og efla nýsköpun og þróun orkuskiptaverkefna með því að auka hlut vistvæns eldsneytis, vetnis og rafeldsneytis í samgöngum og iðnaði.

Hvatt til fjárfestinga í rafbátum

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra hefur birt í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða þar sem boðað er að smábátum sem eingöngu eru knúin rafmagn verði heimilt að sækja 750 kíló í þorskigildum talið, í hverri veiðiferð á strandveiðum á næsta fiskveiðiári. Aðrir strandveiðibátar mega eftir sem áður veiða 650 kíló á dag, í þorskigildum talið.

Í kynningu á frumvarpinu segir að þannig gætu eigendur smábáta eða minni fiskiskipa séð hvata til að fjárfesta í nýjum

bátum eða gera breytingar á bátum sínum þannig að þeir gangi fyrir rafmagn í stað jarðefnaeldsneytis. Fram kemur að frumvarpið falli vel að markmiðum um sjálfbæra auðlindanýtingu, verðmætasköpun og kolefnishlutleysi.

Mikil tækifæri

Þorsteinn segir að miklir möguleikar felist í orkuskiptum í sjávarútvegi og að Ísland geti, ef vel verður haldið á spilum, orðið leiðandi í þróun grænorkubáta á heimsvísu. Slíkt frumkvæði geti skapað verðmætan iðnað hér á landi. Hann bendir á að Íslendingar eigi þegar nokkur fyrirtæki í fremstu röð þegar kemur að bátasmíðum.

Spurður hversu raunhægt það sé í dag að knýja báta með rafmagn svarar Þorsteinn því til að fyrst um sinn eigi hann von á að rafmagn eða metanól verði notað samhliða sprengimótörum, til þess að auka drægni þeirra og draga úr notkun dísilolíu. „En það er ekkert langt í að hægt verði að setja rafhlöðu í handfærabát og nota hann þannig,” bætir hann við.



■ Þorsteinn Másson, framkvæmdastjóri Bláma.

Fleiri grænir aflgjafar

Þorsteinn á von á að þróunin geti orðið eins og í tilfelli bíla. Fyrstu rafmagnsbátarnir verði tvinnbátar en að orkan sem rúmast í rafgeymunum verði sífellt meiri. „Við munum sjá einhverja sem fara í 100% rafmagn en ég er viss um að við munum líka sjá metanólbáta. Metanól hentar vel með litlum sprengimótörum. Við munum örugglega sjá veg metanóls og vetnis aukast í sjávarvængdri starfsemi á komandi árum, sérstaklega



■ Þess er að líkindum ekki langt að biða að fyrsti rafknúni handfærabáturinn á Íslandi líti dagsins ljós.

þegar kemur að smærri og milli-stórum skipum.”

Í þessum fyrstu drögum frumvarpsins er aðeins hreinum rafbátum ívilnað. Þorsteinn vill sjá að horft verði til fleiri aflgjafa, svo sem metanóls og vetnis en líka til þeirra sem til einka sér hybrid-lausrir. „Við viljum umfram allt draga úr olíunotkun og nota innlent eldsneyti. Þar liggja okkar tækifæri. En þetta er frábær byrjun og það lýsir framsækni að ráðast í þetta.”

Þorsteinn fagnar einnig öðru frumvarpi sem matvælaráðherra hefur lagt fram, sem snýr að rými heimildum smærri togskipa til að veiða innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Stærðartakmarkanir hafa þar haft áhrif á

upptöku nýrra orkugjafa en metanól tekur tvöfalt meira pláss en dísilolía, svo dæmi sé tekið. „Þetta er afskaplega mikilvægt skref í þá átt að styðja við orkuskipti á sjó,” segir Þorsteinn.

Fagna ívilnun rafbáta

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaveigenda fagnar einnig framlögðu frumvarpi um ívilnun fyrir rafknúna báta. Hann bendir á að handfærabátar séu í raun tvinnbátar í dag, því flestir hlaði þeir rafhlöður sínar á landi og veiði svo stóran hluta tímans með dautt á vél. „Við fögnum þessu skrefi og styðjum frekari ívilnanir til orkuskipta í sjávarútvegi,” segir hann.



Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111



Velkomin á IcelandFishExpo 2022 í Laugardalshöll 21-23 September! Við erum á bás B29 - B30.



Vörður

Búnaður sem Marás og FAJ selur og þjónustar er í þessum skipum :

YANMAR aðalvélar
FINNOY niðurfærslugírar
VULKAN ástengi
NORIS vélaeftirlitskerfi
STAMFORD rafalar
SCANTROL autotroll

SIMRAD sjálfstýring
OLEX þrívíddarplotter
SAILOR fjarskiptatæki
PHONTECH kallkerfi



Áskell



Harðbakur



Bergey



Steinunn



Vestmannaey



Þinganes



Samleið með sjávarútveginum í 100 ár

Rætt við Rögnvald Þ. Höskuldsson, deildarstjóra skipa- og véladeildar Héðins



„Meginstarfsemi skipa- og véladeildarinnar felst í þjónustu við Kongsberg Maritime búnað og Bergen vélar ásamt MTU vélum og Simplex skrúfuáspéttum,“ segir Rögnvaldur Þ. Höskuldsson, deildarstjóra skipa- og véladeildar Héðins. „Þjónusta Héðins við sjávarútveginn má rekja allt aftur til stofnunar fyrirtækisins árið 1922 – fyrir sléttum 100 árum. Enn þann dag í dag snýst meginhluti starfsemi Héðins um sjávarútveginn, hvort sem er í skipa- og véladeild, tæknideild, stálsmíðadeild eða á renniverkstæði,“ segir Rögnvaldur.

„Eins og nafnið gefur til kynna sér skipa- og véladeild Héðins um allt sem snýr að sölu, viðhaldi og viðgerðum vélbúnaðar ásamt uppsetningu og uppfærslum á tilheyrandi kerfum. Kjarninn í starfsemi þess byggist á þjónustu við allt sem snýr að Kongsberg Maritime, Bergen Engines, MTU vélum og Simplex áspéttum. Þar á meðal má nefna skipahönnun, spilbúnað, stýrikerfi, gir- og skrúfubúnað, stýrisvélar og aðal- og ljósavélar. Fjöldi togara helstu útgerðarfyrirtækja landsins eru Kongsberg skip frá brú niður í kjól og með Bergen aðalvélum.“

Bæði varðskip Landhelgisgæslunnar – Þór og Freyja – eru hönnuð hjá Kongsberg Maritime, aðalvélar eru Bergen og stór hluti alls búnaðar um borð er frá Kongsberg.

Tvö ár eru frá því að Kongsberg Maritime keypti allan rekstur og eignir Rolls-Royce Marine, að undanskildu Bergen Engines. Héðinn var áður sölu- og þjónustufyrirtæki Rolls-Royce Marine hér á landi, þannig að viðbrigðin ná aðallega til nafnbreytingarinnar. En sagan nær lengra aftur, því Héðinn var með sölu- og þjónustuumboð fyrir flesta þá norsku framleiðendur vélbúnaðar sem sameinuðust undir hatti Rolls-Royce Marine. Þar á meðal má nefna NVC Design, Bergen Diesel, Ulstein, Kamewa, Brattvaag, Norwinch, Tenfjord og Frydenbø.

„Við vinnum afar náið með eigendum skipanna og Kongsberg Maritime til að vera ávallt viðbúinir viðhaldi og viðgerðum og veitum ráðgjöf byggða á okkar bestu þekkingu þegar kemur að vali á búnaði í nýsmíðaverkefnum eða endurnýjun. Við viljum vera með puttann á púlsinum,“ segir Rögnvaldur.

Tækninni fleygir fram þegar kemur að vélbúnaði og tilheyrandi stýrikerfum. „Þetta á ekki síst við í spilbúnaði þar sem PM [permanent magnet] rafmagnsspil hafa verið að koma til sögunnar. Sama er að reyndar að segja um skrúfur, þar er PM að ryðja sér til rúms, ekki síst í hliðarskrúfum. Autoið fyrir trollið endurnýjast og uppfærast reglulega og það kallar á finstillingu og prófanir.“

Daglegu verkefni í skipa- og véladeild Héðins snúa meðal



■ Starfsmenn skipa- og véladeildar Héðins undirbúa uppsetningu á nýjum Kongsberg togspilum um borð í Tómasi Þorvaldssyni GK.



■ Höfuðstöðvar Héðins eru að Gjahellu 4 í Hafnarfirði.

annars að girviðgerðum, vélaviðgerðum, breytingum, hugbúnaðaruppfærslum og uppsetningu á spilbúnaði. Véladeildarlutinn sinnir ennfremur orkufyrirtækjum, veitum, stóriðjunni og fjölda annarra viðskiptavina.

„Við einskorðum okkur ekki við Ísland, til dæmis sennum við skipum Samherja samstæðunnar sem gerð eru út erlendis, þar á meðal frá Þýskalandi, Kanada, Englandi og Frakklandi. Við störfum einnig náið með HPP Solutions, sem er systurfyrirtæki



■ Rögnvaldur Þ. Höskuldsson, deildarstjóri skipa- og véladeildar Héðins.

Héðins og framleiðir hinar einstöku HPP prótínverksmíður sem meðal annars er að finna í skipum héraðs og erlendis,“ segir Rögnvaldur.

Fyrir utan starfsemi í höfuðstöðvum Héðins að Gjahellu 4 í Hafnarfirði er skipa- og véladeildin með umboðsskrifstofur á Akureyri og í Noregi.

hedinn.is

Frumkvöðull í hálföld



„Borgarplast er yfir 50 ára gamalt fyrirtæki sem leggur mikinn metnað í að bjóða gæðavörur. Sú menning kemur frá stofnanda og fyrrverandi eiganda fyrirtækisins sem var mjög kröfuharður á gæði.“ Þetta segir Kristján Benediktsson, sölustjóri Borgarplasts, en fyrirtækið hefur um langt árabil verið frumkvöðull í vörubrúun fyrir sjávarútveginn.

brautreynd ker til áratuga

Borgarplast hefur verið í fararbroddi í framleiðslu á fiskikerjum allt frá því fyrstu kerin voru hönnuð og framleidd á árunum 1983–1986. Fyrst um sinn voru kerin að sögn Kristjáns óeinangruð en fljótlega fór fyrirtækið að framleiða einangruð fiskiker tvöföldum veggjum og polyurethan á milli. Kerin þekka útgerðarmenn og fiskverkendur um allt land vel.

„Einangrunin er þeim eiginleikum gædd að hún bæði heldur fiskinum ferskum en er líka afar létt. Þannig náum við að halda kerjunum eins léttum og hægt er,“ útskýrir Kristján.

Auk þessa framleiðir Borgarplast aðrar vörur úr polyethelene



■ Kristján Benediktsson sölustjóri segir tækni við framleiðslu fiskikerja hafa nýst víðar en í sjávarútvegi.




■ Nýlega voru tekin í notkun ný mót sem gera frauðkassa fyrirtækisins sterkari og betri en áður.

svo sem heita potta, vegatálma, saltkistur og ýmis konar búnað sem tengist fráveitu. Tæknin hefur því nýst á fleiri sviðum en í sjávarútvegi.

Sterkari og betri kassar

Fyrirtækið hefur framleitt frauðkassa, sem notaðir eru til flutnings á ferskum fiski, allt frá árinu



■ Borgarplast hefur framleitt fiskiker frá því snemma á níunda áratugnum.

1990. Kristján segir að þessi vara hafi tekið breytingum í árána rás því Borgarplast hafi þróað framleiðsluna í samráði við viðskiptavini sína, sem eru fjölmargir. Sem dæmi um þá vörubrúun hafi fyrirtækið nýverið tekið í notkun ný mót sem geri kassana bæði betri og sterkari en áður.

Eins og fyrr segir hefur fyrirtækið allt frá stofnun gert miklar kröfur til framleiðslu sinnar. „Þeim kröfum hefur verið haldið við og hvergi til sparað í að bjóða upp á mikil gæði og góða þjónustu,“ segir Kristján að lokum.

borgarplast.is

ICELAND
FISHING EXPO
2022

BÁS NR.
B-34

MARPORT | PRO

Verið velkomin á bás B-34 á Iceland Fishing Expo 2022 þar sem Marport mun m.a. kynna fyrstu þrjár vörurnar í nýrri vörulínu undir merkinu Marport Pro.

Marport Pro hefur verið í þróun sl. 5 ár og er hannað með okkar kröfuhörðustu viðskiptavini í huga.

MARPORT | PRO
TRIDENT FJÖLGEISLANEMI

MARPORT | PRO
DOOR EXPLORER

MARPORT | PRO
DOCK HEIMAHÖFN




MARPORT


MARPORT

MARPORT.COM

 ICELAND

 USA

 SPAIN

 NORWAY

 FRANCE

 SOUTH AFRICA

 UK

Markus Lifenet ehf.

Mikilvægt að skoða björgunarnetin reglulega



Fyrirtækið Markus Lifenet ehf. í Hafnarfirði kynnir framleiðslu sína og þjónustu á sýningunni Sjávarútvegur 2022 í Laugar-dalshöll en þekktasta vara fyrirtækisins er án nokkurs vafa Markúsarnetið sem framleitt hefur verið í 43 ár. Auk Markúsarnetsins og tengdra öryggisvara til björgunar á fólki úr sjó og vötnum framleiðir fyrirtækið svokallaðar klifurvörur en þar er um að ræða t.d. netstiga sem settir eru á síður skipa og báta og gera þeim sem falla í sjó kleift að klifra um borð. Klifurstigarnir eru líka víða aðgengilegir sem öryggisbúnaður á hafnarsvæðum. Framleiðsla Markus Lifenet ehf. er í dag seld um allan heim og uppfylla vörurnar ströngustu staðla og kröfur sem gerðar eru til búnaðar af þessu tagi.

Skoðunarskylda á björgunarnetunum

Rakel Ýr Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Markus Lifenet ehf. segir fyrirtækið hvetja eigendur björgunarnetanna til að koma með þau til reglubundinna skoðana, svo sem skylt er að gera.

„Liður í þeim stöðlum sem framleiðsla okkar byggir á er skylda um skoðun björgunarnetanna á fimm ára fresti, að lágmarki. Víða erlendis eru eftirlitsstofnanir sem sjá til þess að þessar öryggis-skoðanir á netunum séu gerðar en hér á landi er það alfarið á herðum eigenda netanna að láta yfirfara þau reglulega. Því miður höfum við í slíkum skoðunum hér heima séð mörg dæmi um net sem

■ Markúsarnetið hefur verið framleitt í 43 ár og er selt út um allan heim.

eitthvað er athugavert við, annað hvort hvað varðar netin sjálf eða hylkin sem þau eru í. Þess vegna höfum við að undanförunu lagt mikla áherslu á að koma þeirri hvatningu út til eigenda netanna; útgerða, hafnaryfirvalda og annarra, að tryggja að þessar reglubundnu skoðanir séu gerðar,” segir Rakel en skoðanir á netunum er hægt að fá hjá Markus Lifenet ehf.

„Yfirferð á netunum tekur stuttan tíma og t.d. er auðvelt að



■ Rakel Ýr Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Markus Lifenet ehf.

ljúka þeim meðan skip hafa viðdvöl í landi. Sem dæmi þá fáum við stundum til okkar net til skoðunar frá erlendum skipum sem hafa viðdvöl hér á landi. En fyrst og fremst er það okkur kappsmál að það sé tryggt að þessi mikilvægi öryggisbúnaður sé örugglega í lagi ef á honum þarf að halda. Það er tilgangurinn með því ákvæði um reglubundna skoðunarskyldu sem fylgir búnaðinum.”

Getur enst í áratugi

Endingartími búnaðarins frá Markus Lifenet ehf.

segir Rakel Ýr að ráðist mjög af meðferð og notkun. Hann geti verið mjög langur ef vel sé með búnaðinn farið.

„Sé vel farið með hann og búnaðinum pakkað með réttum hætti þegar hann er skoðaður eða notaður þá getur endingin verið líftími viðkomandi skips. Við höfum fengið til okkar 30 ára gömul net til skoðunar sem hafa verið í mjög góðu ásigkomulagi. Þetta er auðvitað búnaður sem er ekki í daglegri notkun heldur er þetta neyðarbúnaður og maður vonar auðvitað að aldrei komi upp þær aðstæður í skipum að gripa þurfi til hans,” segir Rakel Ýr.

markuslifenet.is

Engin trix í ufsanum

Vigfús Vigfússon á Höfn í Hornafirði var aflakóngur strandveiða sumarsins

„Ef maður hefur áhuga á hlutunum þá gengur vel,” segir aflakóngur strandveiðivertíðarinnar 2022, Vigfús Vigfússon. Vigfús gerir út frá Höfn í Hornafirði og rær á 10 metra Sóma-bát, Dögg SF-18. Hann gerði sér lítið fyrir og veiddi rúmlega 69 tonn á vertíðinni, sem stóð frá byrjun maí til 21. júlí. Hann var tæpum 13 tonnum hærri en næstaflahæsti strandveiðibáturinn, Nökkvi ÁR.

Uppistaðan í afla Vigfúsar var ufsi, eða rúmlega 46 tonn. Vigfús, sem er 62 ára og hefur marga fjórana sopia í útgerð, segir að nóg hafi verið af ufsa við Höfn í sumar en ekki séu mörg ár síðan makrillinn hafi sett strik í veiðarnar. „Þetta var óvenju gott í sumar og verður vonandi gott áfram ef makrillinn leggst ekki á okkur – það er ekki góð skepna,” segir hann spökur.

Áhuginn skiptir öllu

Vigfús, sem rær einn, er hógværdin uppmálur þegar hann er spurður hver lykkillinn hafi verið að velgengni hans í sumar. Hann segist hafa veitt ufsann bæði á grunnu vatni og djúpu. „Það eru engin trix í þessu, ég leita hann bara uppi og sæki þar sem ég



■ Strandveiðikóngurinn Vigfús með afabarn sitt og alnafna, Vigfús bór Vigfússon.



■ Vigfús Vigfússon kemur til hafnar á Hornafirði 26. júlí í sumar á Dögg SF 18 með hálf sjötta tonn af ufsa. „Þetta var óvenju gott í sumar og verður vonandi gott áfram ef makrillinn leggst ekki á okkur – það er ekki góð skepna,” segir aflakóngurinn.

Mynd: Kiddi Jóns

finn hann. Maður þarf fyrst og fremst að hafa áhuga á þessu.”

Vigfús hefur að sögn róið til fiskjar síðan fyrir fermingu. Hann segist aðspurður hafa tekið þátt í mörgum kerfum; allt frá 84 daga kerfum niður í 18 daga. Í dag líti hann á þátttöku sína á strandveiðum sem „hobbiveiðar”. „Þetta snýst bara um að hafa gaman af hlutunum.”

Hlyntur svæðaskiptingu

Svandís Svavarsdóttir, ráðherra sjávarútvegsmála, hefur boðað að breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi strandveiða fyrir næsta tímabil. Hún stefnir á að skipta aflaheimildunum á milli

landsvæða. Frá árinu 2018 hafa allir strandveiðimenn veitt úr sama potti. Veiðar á Vesturlandi gengu afar vel í sumar, eins og í fyrra, og veiddu þeir sjómenn stærsta hluta pottsins áður en fiskur gekk á miðin austanmegin við landið. Vigfús er ómyrkur í máli þegar kemur að fyrirkomulagi veiðanna. „Það er bara frekja að hafa þetta í einum potti,” segir hann og vísar til þeirra sem róa á vestanverðu landinu og börðust fyrir breytingunni 2018. Þar er fiskgengdin fyrr á sumrinu. „Þeir sem róa á Norðausturhorninu hafa alla mína samúð. Ég er mjög hlyntur því að breyta þessu aftur,” segir hann.

Vigfús vill að byggðapottarnir verði notaðir til að auka aflaheimildir í strandveidikerfinu. Fyrirkomulag úthlutunar úr byggðapottunum sé pólitískur leikur og vill að byggðarlögunum sé tryggt hæsta mögulega verð fyrir fiskinn sem veiddur sé á strandveiðum – þar sem fiskurinn fer á markað. „Á byggðakvótaforminu er það alltaf kóngurinn á hverjum stað sem fær aflaheimildirnar á lágmarksverði. Þá fær höfnin alltaf lágmarksverð.”



Gæði og öryggi alla leið

Langar þig að bæta matvælaöryggismeninguna í þínu fyrirtæki?

Leitaðu til okkar og við kryfjum málin með þér.

Ertu í stressi, er matvælaeftirlitið að koma í heimsókn?

Talaðu við Sýni.

Er hreinlætið í lagi?

Við bjóðum upp á sýnatökur af matvælum og umhverfi matvæla.

Aðgerðir til úrbóta.

Vantar þig tíma til að sinna gæðamálum?

Hafðu þá samband við Sýni og fáðu gæðastjóra að láni.

Vantar upp á þjálfun starfsfólks?

Í Matvælaaskólanum hjá Sýni eru fjölbreytt námskeið, aðlöguð að þínum þörfum.

Námskeið á staðnum eða í fjarkennslu.

Þjálfun þegar starfsmanni hentar í gegnum LearnCove.

syni.is

Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogi
Sími 512 3380
syni@syni.is

Furuvöllum 1, 600 Akureyri
Sími 464 3810
akureyri@syni.is

Enn eitt ár í niðurskurðri þorskaflans

FRÉTTASKÝRING

Nýtt fiskveiðiár er hafið með ráðleggingu um hámarksveiði í þorski upp á 208.846 tonn og verður leyfilegur afli í samræmi við það. Þetta verður minnsti þorskvóti frá fiskveiðiarinu 2013-2014. Leyfilegur þorskaflí Íslendingahefur sveiflast mikið frá árinu 1981 þegar aflinn varð 461.000 tonn og hefur aldrei verið meiri. Svartar skýrslur frá Hafrannsóknastofnun sýndu fram á að mikil ofveiði hefði átt sér stað árin á undan og mikill niðurskurður í aflaheimildum væri nauðsynlegur. Illa hafði gengið að stjórna fiskveiðum og ljóst að tímarnærri óheftra veiða væru liðnir. Eina leiðin út úr ógöngunum var kvótakerfi, þar sem ákveðinni aflahlutdeild í helstu fisktegundum var úthlutað á hvert skip og útgerðinni ætlað að sjá um úreldingu og fækkun skipa.

40% aflaskerðing í upphafi kvótakerfisins

Fyrsta árið í kvótakerfi ráðlagði Hafrannsóknastofnun 200.000 tonna hámarksveiði. Úthlutað var 242.000 tonnum og varð skerðingin í heild og á hvert skip 40% frá veiðireynslu árána á undan. Reyndin varð að alls veiddust 281.500 tonn árið 1984. Það varð svo reynslan næstu árin að alltaf var aflinn talsvert meiri en ráðgjöf fiskifræðinga gerði ráð fyrir og



■ Breki VE togar á miðunum.

Mynd: Guðmundur Guðmundsson

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH


Þorskur. Tillögur um hámarksafli samkvæmt aflareglu, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).
Cod. Recommended TAC according to management plan, national TAC and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Íslendinga Catches Iceland	Afli annarra þjóða Catches others	Afli alls Total catch
2010/11	160 000 ¹⁾	160 000	165 000	2 000	167 000
2011/12	177 000 ¹⁾	177 000	183 000	2 000	185 000
2012/13	196 000 ¹⁾	195 000	210 000	2 000	215 000
2013/14	215 000 ¹⁾	214 000	224 000	2 000	226 000
2014/15	218 000 ¹⁾	216 000	221 000	2 000	223 000
2015/16	239 000 ¹⁾	239 000	249 000	2 000	251 000
2016/17	244 000 ¹⁾	244 000	234 649	2 995	237 644
2017/18	257 572 ¹⁾	255 172			
2018/19	264 437 ¹⁾				

¹⁾ 20% aflaregla. 20% harvest control rule.



■ Óhjákvæmilega mun það hafa talsvert áhrif í sjávarútvegi þegar þorskvótinn er nú skorinn niður þriðja fiskveiðiárið í röð. Samdráttur þorskvótans á nýhöfnu fiskveiðiári miðað við fiskveiðiárið 2019/2020 þegar síðast var aukið við þorskvótann er 23,4%.



sama má segja um úthlutaðan kvóta, eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Aðal ástæðurnar voru að flotinn var alltof stór.

682.000 tonn umfram ráðleggingar

Þó sumir telji að farið hafi verið að tillögum fiskifræðinga og

ákvörðunum stjórnvalda um leyfilegan heildarafla af þorski frá tilkomu kvótakerfisins, er það alrangt. Munurinn á tillögum fiskifræðinga frá 1984 til 1991 og ákvörðun stjórnvalda um heildarafla er samtals 265.000 tonn á þessu tímabili. En heildaraflí varð miklu meiri en ætlað var. Hann fór

417.000 tonn fram yfir ákvörðun stjórnvalda og 682.000 tonn umfram ráðleggingar fiskifræðinga. Aflinn var næstu árin 300.000 til 400.000 tonn. Pólitíkin réði miklu og stjórnkerfið hafði takmarkaða getu til að hafa stjórn á veiðunum. Og skipin voru enn alltof mörg.

Sóttu í Smuguna í Barentshafi

Það var ekki fyrr en eftir 1990 sem fór að verða betra samræmi í ráðgjöf, ákvörðun og endanlegum afla. Þá hafði sóknarmarkid verið fellt niður að mestu og framsalið gefið frjálst. Engu að síður var veitt umfram ráðleggingar vísindamanna allt til ársins 2009. Við ramman reip var að draga í þessum efnun, meðal annars vegna margvíslegs þrýstings úr röðum stjórnmálamanna og víða úr þjóðfélaginu. Talið var að það jafngilti kreppu á Íslandi færi þorskaflinn niður fyrir 300.000 tonn, hvað þá enn neðar. Allan tíunda áratug síðustu aldar voru miklir erfiðleikar í íslenskum sjávarútvegi. Kvótinn var lítill. Árið 1993 var mjög erfitt í þorskveiðunum og þá fóru skipin í tugatali á þorskveiðar í Smugunni í Barentshafi. Sjávarútvegsráðherra fór þá þess á leit við Hafrannsóknastofnun að farið verði í vinnu til að veita langtíma ráðgjöf um nýtingu þorskstofnsins. Þá var fyrsta aflareglunefndin skipuð. Niðurstaðan var að ekki skyldi tekið meira en 25% úr veiðistofninum á hverju ári. Engu að síður voru heimilaðar meiri veiðar en fiski-

fræðingar lögðu til og tekið herra hlutfall úr stofninum en þeir töldu ráðlegt. Aflinn þennan áratug rokkaði í kringum 200.000 tonninn.

20% veiðiregla

Fiskveiðiárið 2007/2008 var tekin upp 20% regla að ráðleggingum vísindamanna. Ekki skyldi tekið meira en 20% árlega úr veiðistofninum. Stjórnvöld ákváðu þá að fylgja ráðleggingum vísindamanna í hvívetna. En það gekk þó ekki alveg eftir. Fiskveiðiárið 2007/2008 lögðu vísindamenn til 130.000 tonna hámarksafli í kjölfar ofmats á stofninum árin á undan. Úthlutað aflamark var það sama en aflinn varð samt 141.000 tonn. Árið eftir var tillaga fiskifræðinga 124.000 tonn samkvæmt 20% aflareglu. Útgefinn kvóti var engu að síður 160.000 tonn og heildaraflí 169.000 tonn. Þó stjórnvöld hafi haldið sig við ráðleggingar fiskifræðinga varð aflann alltaf meiri, nema fiskveiðiárið 2016/2017. Þá náðist ekki að veiða það sem ráðlagt var, 244.000 tonn. Munaði þar 7.000 tonnum. Síðan þá hefur verið samræmi í ráðleggingum, útgefnun kvóta og afla. Engu að síður hafa fiskifræðingar lagt til niðurskurð síðustu fiskveiðiárin, grundvallað á ofmati stofnunarinnar á stærð þorskstofnsins. Fiskveiðiárið 2019/2020 var ráðlagður hámarksafli 272.411 tonn samkvæmt 20% aflareglunni. Ráðlegging fyrir fiskveiðiárið 2020/2021 var 256.593 tonn, sem var samdráttur um 6%. Fiskveiðiárið 2021/2022 var samdrátturinn í þorskráðgjöfinni hlutfallslega enn meiri, eða 13%, þegar ráðlagt var að veiða 256.593 tonn af þorski. Áhrif þessa mátti til dæmis sjá í sumar þegar flest sjávarútvegsfyrirtæki lengdu sumarstopp í útgerð og vinnslu.

Og sem fyrr segir er hafið nýtt fiskveiðiár sem þorskvótinn dregst enn saman, nú um 6% frá síðasta fiskveiðiári og verður 208.846 tonn. Samdrátturþorskvótans á þessu fiskveiðiári miðað við fiskveiðiárið 2019/2020 þegar síðast var aukið við þorskvótann er 23,4%.

VOGIR

Eltak sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjóðum **MESTA** úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is



■ Lúðvík Geirsson hafnarstjóri á von á 130–140 stórskipum á ári sem tengjast Carbfis verkefnum.



■ Franska farþegaskipið Le Bellot við háspennutengingu í Hafnarfjarðarhöfn á sjómannadaginn.

Hafnfirðingar stórhuga í umhverfismálum

„Þetta hefur allt gengið eins og í sögu og er stórt framfaraskref fyrir Hafnarfjörð,“ segir Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar en höfnin varð í sumar sú fyrsta á Íslandi til að bjóða viðskiptavinum sínum að tengjast öflugum rafmagnslandtengingum, þar sem skip geta fengið allt að 1,2 megavött. Franska farþegaskipið Le Bellot varð fyrsta skipið til að tengjast háspennukerfinu en það var gert á sjómannadaginn, 12. júní síðastliðinn. Þá hefur frystitogarinn Baldvín Njálsson tengst háspennukerfi hafnarinnar.

Með landtengingunni hætta skipin að þurfa að brenna jarðefnaeldsneyti við bryggju en

áætlað er að um 14% af eldsneytisnotkun skipa sé við bryggju. Le Bellot kom tíu sinnum til hafnarar í Hafnarfirði í sumar. Áætlað er að landtengingin minnki losun CO2 við höfnina um 140 tonn. Að auki dregur mjög úr hávaða.

Gengið hnökralaust

Lúðvík segir að upp séu komnar öflugar háspennutengingar við báða bakka Hafnarfjarðarhafnar. Allur búnaður hafi reynst mjög traustur og þessi orkuskipti hafi þannig gengið hnökralaust. „Þetta var mun einfaldara og betra en við áttum von á,“ segir hann og bætir við að viðskiptavinir hafnarinnar hafi lýst yfir mikilli ánægju með tenginguna. Rafmagnið sé mun

hagkvæmara en olían. „Burtséð frá umhverfislegum ávinningi þá er þetta líka bylting fyrir vélstjóra og áhafnir skipanna. Þær geta nú legið við bryggju í kyrrð og ró.“

Hafnarfjörður hefur fjárfest í landtengingum fyrir um 250 milljónir króna á undanförunum árum. Þá er ótalin sá kostnaður sem hlýst af breytingu á skipunum svo þau geti tekið við straumnum. Lúðvík bendir á að fjölmargar hafnir út um allt land ráði ekki við svona fjárútlát. „Orkuskipti í höfnum landsins byggjast hvoru tveggja á því að til staðar séu innviðir, þar með talin næg raforka, en einnig að skipin séu búin réttum búnaði. Við köllum eftir skilningi og stuðningi frá

stjórnvöldum við þetta stóra verkefni.“

Miðstöð förgunar koldíoxíðs

Óhætt er að segja að Hafnarfjörður sé stórhuga þegar kemur að umhverfismálum. Fyrirhugað er að ráðast í miklar framkvæmdir við nýja stórskipahöfn í Straumsvík. Til stendur að byggja þrjá viðlegukanta fyrir 200 metra löng flutningaskip en stórauðnar skipakomur eru fyrirhugaðar. Reisa á móttöku- og förgunarmiðstöð fyrir koldíoxíð, þá fyrstu sinnar tegundar í heiminum, í Straumsvík. Í hrauni Hafnarfjarðar verður allt að þremur milljónum tonna af CO2 fargað með niðurdælingu. Tæknin er kölluð Carbfix

og felur í sér að leysa CO2 í vatni og dæla djúpt niður í berglög þar sem það steinrennur á innan við tveimur árum. Gert er ráð fyrir að skipakomur sem tengjast Carbfix verði 130 til 140 á ári.

Gert er ráð fyrir að um 600 störf skapist, bein og afleidd, við uppbyggingu og rekstur miðstöðvarinnar. „Þetta er risastórt mál í umhverfislegu tilliti, að binda kolefni á þennan hátt. Okkar hlutverk í þessu er að búa til nýja höfn sem getur tekið við þessum stóru skipum,“ segir Lúðvík að lokum.

hafnarfjarðarhofn.is



LANDVÉLAR

Lausnir á lager



Slípi- og skurðarvörur • Bitstál • Slípivélar
Taliur • Handverkfæri • Stroffur • Brúkranar
Bílkranar • Hraðastýringar • Borvélar • Sagir
Loftpressur • Vatnsdælur • Rör • Borholudælur
Skammtadælur • Rótordælur • Háprýstidælur
Prýstimælar • Drifbúnaður • Slöngur • Ástengi
Legur • Drifreimar • Rafmótorar • Rafsuðuvélar
Loftbúnaður • Lofttjakkar • Gastæki • Kúlulokar
Vökvatankar • Dælustöðvar • Síur • Stýringar
Membrudælur • Lofthreinsibúnaður • Ventlar
Vökvabúnaður • Smurefni • Vökvadælur
Vökvamótorar • Vökvatjakkar • Hraðtengi
Rafsuðuvír • Lagnaefni • Plasmaskurðvélar
Öryggisvörur • Vökvahamrar • Hosur • Samtengi
Barkar • Lím • Pakkdósir • Efnavörur • Péttingar
Nipplar • Slönguhjól • Hosuklemmur • Hitamælar
Prýstiklukkur • Kælar • O-hringir • Lokar

Velkomin á básinn okkar nr. B19,
á Sjávarútvegssýningunni 2022

Breyta reglum sem hamlað hafa orkunýtni

Sævar Birgisson í Skipasýn segir aflvísinn hafa verið „eitt allsherjar bull í fjölda ára“ og fagnar boðaðri reglugerðarbreytingu

„Það er verið að leiðrétta vitleysu sem aldrei hefði átt að eiga sér stað,“ segir Sævar Birgisson, framkvæmdastjóri Skipasýnar um drög að frumvarpi Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra. Frumvarpið er í samráðsgátt en það varðar heimildir smærri togskipa til veiða innan 12 mílna beltis fiskveiðilandhelginnar. Heimildirnar kveða meðal annars á um hámarks lengd og vélarafli skipa en vélarafli er mælt í reiknuðum aflvísni, margfeldi af hestöflum aðalvélar og þvermáli skrófu viðkomandi skips.

Með breyttri löggjöf er markmiðið að greiða fyrir orkuskiptum og þá sérstaklega notkun tvíorkuskipa við fiskveiðar. Gildandi lög hafa komið í veg fyrir endurnýjun togbáta, smíði hagkvæmari skipa, sem mega fara upp að þremur til fjórum mílum frá landi.

Í fiskveiðilöggjöfinni er sett stærðartakmörkun á báta til að þeir geti öðlast veiðileyfi með krókaafلامark. Fyrirhuguð laga-breyting hefur það að markmiði að draga úr olíunotkun flotans. Hún heimilur bátum sem nota vistvæna orkugjafa að vera stærri en gildandi lög setja takmörkun um. Bátar með vistvænum orkugjöfum gera kröfu um auknið rými fyrir orkuinnihald; stærri tanka eða rými fyrir rafhlöðu.

Stærri skrófur hagkvæmari á togveiðum

Sævar hjá Skipasýn býr að ára-

tuga reynslu þegar kemur að hönnun fiskiskipa og hefur lengi talað fyrir hagkvæmni stærri skrófa fyrir togbáta. Hann segir orkusparnað stærri skrófa ótví-ræðan þegar kemur að skipi á togveiðum. „Það er miklu árangursríkara að hraða upp miklu magni af vatni lítið í stað þess að hraða litlu vatni mikið. Skipsskrúfa er ekkert öðruvísi en vængur á vindmyllu eða flugvél. Besti vængurinn er óendanlega þunnur og óendanlega langur,“ útskýrir hann.

Hann segir að ekki sé nokkur leið að hanna hagkvæman bát inn í aflvísinn; hvorki lítinn né stóran. Hann bendir á að margfeldi af hestaflafjölda aðalvélar og þvermáli skrófu fyrir 42 metra togara megi ekki vera meira en 2.500. „Menn setja varla minni aðalvél í 42 metra togskip en 1.500 hestöfl, bara til að drífa spilbúnað, framleiða ís eða krupa, kæla lestar og svo framvegis. Slikur búnaður þarf fleiri hundruð hestöfl. Með 1.500 hestafla vél má skrófan vera 1,7 metri í þvermál sé miðað við aflvísisregluna. Eins komma sjö metra skrófa er bara trilluskrúfa sem hefði afleita nýtni á togbát,“ segir hann.

Hann bendir á að þvermál skrófunnar sé algjört lykilatriði þegar kemur að afli skips á togveiðum. „Mjög stór hluti okkar togaraflota er með svona 20-30 prósent nýtni á skrófunni. Öflugustu uppsjárskipin eru með 15-20% nýtni á skrófunni. Við höfum



■ Feðgarnir Birgir Sævarsson [t.v.] og Sævar Birgisson, við togarann Baldvin Njálsson, sem Skipasýn hannaði fyrir Nesfisk í Garði. Aðalvélin í skipinu er 4.000 hestöfl og skrófan engin smásmíði; 5 metrar í þvermál.

Mynd/Skipasýn

verið að mæla fjölda kílóa á hvert hestafl í togspyrnu. Skástu skipin eru með 15 kg í togspyrnu á hvert hestafl. Það væri mjög auðvelt að koma þeim í 20 til 25 kíló ef þvermál skrófunnar væri meira.“

Á skjön áratugum saman

Sævar segir að stjórnmöld hafi ekki geta staðið lengur á gildandi reglum. Þær hafi verið á skjön



■ Systurskipin Breki VE og Páll Pálsson ÍS eru hönnun frá Skipasýn og þau eru búin skrófum sem eru fimm metrar í þvermál. Hér er Breki VE í smíðum.

trésmíðavélar, bílalyftur, loftpressur, bílavörur, verkfæri, dælar, súluborvélar, lyftibúnaður, rennibekkir, bandsagir

Allt fyrir iðnaðinn....



IDN/VÉLAR

SMÍÐJUVEGI 44-46

sími 414-2700

sala@idnvelar.is

www.idnvelar.is



raðataeki, sogbúnaður, legupressur, slönguhjól, 3d prentarar, sagarblöð, járnsmíðavélar, suduborð, handverkfæri

áratugum saman og til trafala við hönnun skipa. Hann dregur ekkert undan. „Þetta er satt best að segja búið að vera eitt allsherjar bull í fjölda ára. Það setur enginn minni vél í 29 metra togbát en 700-900 hestöfl. Þá endar þú með mjög litla og óhagkvæma skrófu,“ útskýrir hann.

Hann segir að lagasetningin muni breyta miklu þegar kemur að hönnun skipa til veiða við Íslandsstrendur. „Nú getum við allt í einu farið að hanna hagkvæma báta inn í þessar reglur. Ímyndaðu þér ruglið; menn hafa verið að smíða tveggja skrófu báta með tilheyrandi kostnaði, til að dansa í kring um þessar reglur. Menn hafa meira að segja verið að taka skrófuhringinn af skrófunni, til að falla réttu megin í kerfinu jafnvel þó hringurinn spari 20 til 30 prósent orkunna.“

Tíma mun taka að sögn Sævars að vinda ofan af því fyrirkomulagi sem útgerðir og skipasmíðir hafi þurft að fara eftir undanfarin ár og

áratugi. Sævar fagnar hins vegar breytingunni og segir hana löngu tímabæra.

Orkuskipti í skrefum

Spurður um orkuskipti fiskiskipa segir Sævar að engin ein augljós laus sé í farvatninu. Stundum sé rætt um ammoníak en stundum eitthvað annað. Þróunin sé mikil og hröð. Hann segir að í sínum huga sé ljóst að orkuskiptin muni verða í skrefum.

„Í dag sjáum við möguleika á að vera með vélar sem ganga að helmingi fyrir dísilolíu og hinum helmingi fyrir metanóli og nokkrir framleiðendur stefna á 75% metanól á móti olíu.“

Sævar segir að gallinn við metanólið sé að útblásturinn sé ekki hreinn. „Við værum hins vegar að endurnýta mengun, sem er vissulega áfangi,“ segir Sævar og bindur vonir við að einn daginn verði hægt að nýta hreina orkugjafa; vetni eða rafmagn.



Skeljungur



Viðskiptavinasögur

Rannveig Grétarsdóttir • Framkvæmdastjóri Eldingar

„Við erum búin að vera í viðskiptum við Skeljung í 15 ár og ástæðan fyrir því að við erum þar ennþá er framúrskarandi þjónusta. Og það er það sem skiptir okkur alveg gríðarlega miklu máli, að hafa þjónustuna í lagi því við erum að starfa allt árið, alla daga vikunnar. Svo við þurfum að hafa góða þjónustu og að það sé brugðist fljótt við ef eitthvað kemur upp á.“

„Upp á að vera umhverfisvottuð erum við alltaf að skoða hvernig við getum nýtt olíuna sem best og skilað sem minnstum útblæstri. Þá höfum við ráðgjafa innan Skeljungs sem hefur verið að hjálpa okkur. Þeir eru einhvern veginn okkar samstarfsaðilar í því að gera hlutina betur.“

Kynntu þér þjónustuframboð Skeljungs á Skeljungur.is eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 444-3000



Sæbjúgun skapa aukin verðmæti fyrir þjóðarbúið

■ Ólafur Hannesson, framkvæmdastjóri Hafnarness-Vers segir að þegar best hafi látið hafi útflutningur sæbjúgna frá Íslandi skilað nærri tveimur milljörðum króna.

„Hjá okkur skipta gæði vörunnar og markaðir fyrir hana mestu máli. Það var aldrei markmið okkar og koma þessu í kvótasetningu og veiða sem mest í þeim tilgangi. Markaðurinn réði sókninni hjá okkur og þess vegna drógum við verulega úr veiðum þegar Covid lamaði markaðinn en hefðum getað veitt mun meira til auka aflareynslu okkar. Þannig höfum við aldrei hugsað. Við höfum viljað skjóta fleiri stoðum undir sjávarútveginn með því að sækja nýjar tegundir eins og sæbjúgun og skapa með því aukin verðmæti fyrir þjóðarbúið. Þegar mest var skilaði útflutningur á sæbjúgun frá Íslandi nærri tveimur milljörðum í gjaldyristekjur. Þó útflutningur og afli séu í lægð núna hef ég fulla trú á því að fyrri afköstum verði náð, bæði veiði, vinnslu og útflutningi,“ segir Ólafur Hannesson, framkvæmdastjóri hjá Hafnarnesi-Ver í Þorlákshöfn en fyrir-tækið vr stofnað árið 2006 við sam-einingu á tveimur rótgrónum fyrirtækjum, Hafnarnesi og Fiskiðjunni VER, sem bæði áttu farsælan og langan feril í útgerð og vinnslu.

Byrjuðu 2008 í sæbjúgunum

„Hjarta fyrirtækisins er og hefur verið vinnsla á saltfiski. Þar slær hjartað hjá Hannesi föður mínum. Þegar við keyptum Hafnarnes vorum við í humri líka. Á þeim tíma voru þetta tvær megin stoðir undir fyrirtækinu. Við vorum líka í hinu og þessu í smærri mæli, flatfiski og fleiru. Við byrjuðum árið 2008 í sæbjúgunum en vorum þó ekki þeir fyrstu. Einn sá fyrsti var Kári Ólafsson, sem er með Reykofninn í Kópavogi núna og faðir hans. Við höfum þraukað allan þennan tíma ásamt Kjartani B. Sigurðssyni skipstjóra sem er með Völ ehf. Fyrstu árin var þetta bara tap, verðin niðri í kjallara en þetta skapaði þó vinnu. Það var upp úr 2015, sjö árum eftir að við byrjuðum, að rekstrargrundvöllur skapaðist fyrir sæbjúgun. Markaðurinn var byrjaður að taka við þessu á viðunandi verði. Áður höfðu komið nokkur högg í markaðinn því íslensku sæbjúgun voru öll sett undir sama hatt. Ef einn



■ Sæbjúgunum pakkað fyrir heilfrystingu.

framleiðandi gerði mistök bitnaði það á öllum. Því miður voru nokkur dæmi um það en þetta hefur sem betur fer lagast mikið á síðustu árum og allir leggja meiri áherslu á gæði vörunnar.“

Landað daglega

Ólafur segir að á þessum tíma þegar staðan var að snúast við hafi kaupendur verið farnir að treysta þeim og vitað að hverju þeir gætu gengið með vöruna.

„Við erum með staðlaða vöru sem hefur staðið sig. Það hefur því minni áhrif á okkur en áður ef einhverjir aðrir útflytjendur gera mistök. Við höfum allan tímann gætt þess að passa upp á ferskleikann. Meginstefnan er að bjúgunum sé landað daglega sem þýðir að ef t.d. bjúgun er landað seinni partinn á mánudegi fyrir austan eða vestan þá eru þau komin til okkar morguninn eftir þegar vinnsla hefst kl. 7. Við heilfrystum þau og seinni partinn, sólarhring eftir að bjúgunum var landað, ætti að vera búið að frysta allan aflann. Þegar bjúgun koma til okkar er megnið af þeim ennþá lifandi í kórnum og þau eru því mjög fersk þegar þau fara í frystingu. Það sama á við um það sem fer í þurrkun. Áherslan á ferskleika hefur skapað okkur gott orðspor og traust á mörkuðunum,“ segir Ólafur.



■ Mikið er lagt upp úr ferskleika bæbjúgna við vinnsluna og fara bjúgun að jafnað í vinnslu ekki síðar en degi eftir löndun.

10.000 krónur kílóíð

Heilfrysting á sæbjúgunum er algengust en nokkuð af þeim er þurrkað. Þá eru bjúgun opnuð og slægd og það er töluverð handavinna sem kostar talsvert í launum. Þau eru svo þurrkuð þar til þau eru orðin eins og viður, mjög hörð. Þetta er tiltölulega dýr vara í framleiðslu, sem fyrirtækið selur í heildsölu í 10 kílóa kössum. Verð á kíló eru um 10.000 krónur. Til að fá eitt kíló af þurrkuðum sæbjúgunum þarf um 20 kíló af bjúgunum upp úr sjó.

„Þetta er viðkvæm vara og nokkuð vandmeðfarin en eftir að við náðum tókum á þessu hefur gengið nokkuð vel. Þegar við vorum að selja sem mest af þurrkuðum bjúgunum voru það um 50 tonn yfir árið, þúsund tonn upp úr sjó. Verðmætaaukningin er því umtalsverð við að fullvinna bjúgun.“

Covid lokaði öllu

En svo kom Covid og þá breyttist allt. Mikið var selt af þurrkuðum bjúgunum hér á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum og þá voru það kínverskir ferðamenn sem keyptu þau til að taka með heim. „Við vorum líka að selja mikið til Kína en eftir að Covid skall á lokaðist eiginlega allt. Megin salan á þurrkuðum bjúgunum til Kína er í kringum kínversku áramótin, sem eru í febrúar. Þau er meðal annars gefin í tækifæringsgjafir sem táknræn gjöf

um heilsu. Þetta er líka falleg gjöf þar sem bjúgun taka á á sig fallegan svartan lit að utan og appelsínugulan að innan við þurrkun. Covid drap þann Kínamarkað alveg í billi. Á síðasta ári og það sem af er þessu ári þessu ári hafa markaðir fyrir bæði heilfryst bjúgu og þurrkuð verið á botninum. Við höfum því verið með birgðir af hvoru- tveggja og veiddum þess vegna ekki allt sem við gátum veitt í fyrra. Við látum markaðinn ráða ferðinni í veiðunum enda engin skynsemi að vera að veiða ef sala afurðanna er ekki trygg.“

Hafnarnes-Ver með mesta hlutdeild

Fiskistofa hefur birt viðmiðun um hlutdeildir útgerða í sæbjúgnaveiðum miðað við aflareynslu síðustu ára. Ákveðið hefur verið að setja veiðina í aflahlutdeildarkerfið, kvóta. Hafnarnes-Ver er þar efst á blaði. Ólafur segir útlit fyrir að fyrirtækið verði með 39% vestanlands og 31% austanlands. „Svo erum við í samvinnu við aðra aðila þannig að við verðum með í vinnslu um 50-55% þess aflu sem á land kemur. Við erum með bátana Friðrik Sigurðsson ÁR, brist ÁR og Jóhanna ÁR, sem allir hafa verið á sæbjúgunum á mismunandi tíma.

Þegar við vorum að veiða sem mest, vorum við með tvo báta. Friðrik og Þristinn og svo vorum við að kaupa af Sæfara ÁR ▼

Stólpi Gámar

fyrir atvinnulífið



Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.



www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík

Sæbjúgnavarpa

„Sumir hafa talað illa um veiðar á sæbjúgum og telja að plógurinn skemmi botninn og lífríki hans. Nafnið plógur hræðir marga en við teljum að þetta sé rangnefni, sæbjúgnavarpa væri til dæmis mun betra. Þetta er biti sem er á hjólum og aftan í honum eru keðjur sem eru dregnar eftir botninum. Þetta er svipað og þegar verið er að slóðadraga tún. Þannig er þetta dregið eftir botninum, rennur eftir honum og bjúgum skoppa upp og fara í netið sem fylgir á eftir. Þetta skemmir ekki botninn, plægir ekki neitt og skemmir ekki neitt. Það er búið að sýna það með myndatökum neðansjávar. Okkar verkefni framundan er að leiðrétta ranghugmyndir um sæbjúgnaveiðar. Auðvitað vita fæstir Íslendingar nokkuð um sæbjúgu þó þeim fari fjölgandi. Það er því ekki gott að ranghugmyndir um þessar veiðar ráði ferðinni,“ segir Ólafur.



■ Sæbjúgun eru nú að mestu leyti heilfryst.

17 frá Þorlákshöfn og Ebba, sem er gerður út frá Akranesi. Þegar mest var veiddust um 6.000 tonn af sæbjúgum við Ísland og engar takmarkanir á veiðunum. Af því vorum við að vinna tæplega 4.000 tonn. Við veiddum í samræmi við vinnslugetu og markaði og stoppuðum stundum báta í

góðri veiði ef útlit var fyrir að vinnslan réði ekki við magnið með góðu móti. Það var aldrei nein hugsun að ná sem mestri veiðireynslu. Það sem gerðist síðan var að stjórnvöld ákváðu, án þess að vera með nokkur vísindaleg rök fyrir því, að of mikið sé veitt af sæbjúgum við landið. Sjávarút-

vegsráðuneytið ákvað í samráði við Hafró að skera veiðimagnið úr 6.000 tonnum niður í rúmlega 2.000 tonn. Þessi ákvörðun var í raun bara eins og draga tölu upp úr hatt. Engar rannsóknir lágu þar að baki og ekkert samráð var haft við okkur sem vorum að stunda veiðarnar og höfðum góða

tilfinningu fyrir veiðiþoli stofnsins, sem er í nokkrum hölfum við landið.


Raunveruleikinn er ekki í takti við þessar ákvarðanir. Við höfum boðist til þess að leggja bát og fjármuni í rannsóknir, en það hefur ekki verið þegið. Við höfum mikla trú á því að staða stofnsins sé góð og mun meiri veiðar en 2.000 tonn muni ekki fara illa með stofninn. Við viljum auðvitað ekki stunda einhverja rányrkju. Það er okkar hagur að nýtingin sé í samræmi við vöxt viðgang stofnsins. Í því liggur okkar framtíð og þess vegna viljum við rannsóknir til byggja á sem hagkvæmasta nýtingu til góðs fyrir alla.“

Langtímaværkefnið að gera íslensku bjúgun verðmætari

Í heiminum er að finna yfir þúsund tegundir af sæbjúgum. Þau íslensku eru neðarlega á gæðalistanum og stundum kölluð verkamannabjúgu. Dýrustu bjúgun eru japönsk með löngum göddum á hliðunum. Þau íslensku eru frekar slétt í áferð. Það eru gaddarnir sem stýra mikið til verðgildi bjúgnanna. Verðmunurinn getur verið alveg óheyrilegur, þegar kemur að þeim dýrustu og ódýrustu. Svo er allt þarna á milli.

„Okkar verkefni til langs tíma er að koma íslensku bjúgunum ofar á verðlistann. Við höfum gríðarleg verðmæti falin í landinu okkar. Ísland hefur á sér mjög jákvæða ímynd fyrir hreinleika og má til dæmis nefna hreina tæra vatnið sem kemur að framleiðslunni á mörgum stigum. Það tryggir öryggi framleiðslunnar en matvælaöryggi er farið að skipta miklu um allan heim, ekki síst í Kína sem er stærsti endanlegi markaðurinn. Ísland verður sífellt þekktara í Kína. Svo er Ísland þekkt fyrir ómengið haf og ábyrga fiskveiðistjórnun. Allt hjálpar þetta til,“ segir Ólafur.

Nothing Runs Like A Deere



John Deere vélar fyrir atvinnubáta eru bestar þar sem kröfurnar eru mestar.



JOHN DEERE

SÍÐAN ÁRIÐ 1837

Vélastærðir frá 75 til 750 hestöfl.

Horfðu til framtíðar og skildu áhyggjurnar eftir heima. Njóttu afls, áreiðanleika og rekstrarhagkvæmni John Deere bátavéla



Byltingarkennd lausn frá ALVAR

Á sýningunni í Laugar-dalshöll kynnr fyrirtækið ALVAR, sem áður hét D-Tech, byltingarkennda lausn við sótthreinsun í matvælafyrirtækjum þar sem mannhöndin kemur þar hvergi nærri. ALVAR búnaðurinn framleiðir sótthreinsandi þöku sem smígur í gegnum allar rifur og sótthreinsar með ótrúlegum árangri. Við ræddum stuttlega við Guðmund Sigþórsson, framkvæmdastjóra fyrirtækisins en fyrirtækið kynnr sínar atvagnsgerðu lausnir á bás B-9 í.

„Fyrsta kerfið frá okkur var sett upp fyrir um 20 árum og það er enn í notkun. Þetta er nýstárleg tækni við sótthreinsun sem ég fullyrði að sé að öllu leyti mun betri en sú sem almennt hefur verið notuð í matvælavinnslum og fiskiskipum til þessa, þ.e. að smúla vélar og vinnslurými með hreinsiefnum og vatni. Okkar tækni notar 90% minna vatn við sótthreinsun, 70-80% minna af sótthreinsiefnum og launakostnaðurinn við sótthreinsunina er enginn þar sem búnaðurinn er alsjálfvirkur. Þá stýttist niðurtími í vinnslunni umtalsvert og að jafnaði borgar fjárfesting í okkar kerfum sig upp á einu ári,“ segir hann. „Að auki má geta þess að þessi lausn stuðlar að aukinni sjálfbærni og er afar umhverfisvæn.“

Gegn matarsóun

Mannhöndin stýrir hefðbundnum sótthreinsiaðferðum sem hingað til hafa verið alls ráðandi sem þýðir að svæði sem erfitt er að komast að verða útundan. Með aðferð ALVAR er vatni, sótthreinsi og lofti blandað saman og dreift um alla verksmiðjuna sem þöku þannig að ekkert verður útundan. Um leið sótthreinsar þökan gólf, vegg og loft sem erfitt er að komast að. ALVAR hefur sett upp nærri 200 kerfi á Íslandi, Lettlandi, Hvíta Rússlandi, Noregi, Grænlandi, Kanada og síðast en ekki síst Póllandi þar sem allir stærstu kjöt- og alifuglaframleiðendur landsins nota kerfin frá ALVAR.

Guðmundur bendir á að almennt sé talið að um þriðjung af matvælu í heiminum sé hent vegna skemmda eða mengunar í framleiðsluferlinu, flutningi eða geymslu. „Með betri umgengni við hráefni og markvissari sótthreinsun eykst geymsluþol matvælna til muna. Því er okkar framlag til aukins matvælaöryggis afar mikilvægt og við sjáum vel að þar sem okkar kerfi hafa verið innleidd batna gæðin og líftími vörunnar eykst. Þar viljum við vera; að taka þátt í að minnka matarsóunina og halda helst virðisdeðjunni óslitinni,“ segir hann.

Laxinn er afar viðkvæmur

Laxeldi eykst hröðum skrefum hér á landi og öllum ljóst að þar þarf sótthreinsun að vera í besta lagi enda afurðin viðkvæm og listeríuvandamál oft erfið. „Við höfum náð góðum árangri þar sem listeríuvandamál voru til staðar en slík smitun hefur verið viðvarandi fylgifiskur laxeldis og í laxaslátrun svo og í framhaldsvinnslu laxaafurða. Mistök í ferlinu kosta gríðar-

lega fjármuni og oft þurfa framleiðendur að innkalla vöruna eða sæta verðlækkunum sem um leið skaða orðspor þeirra. Laxinn er mjög viðkvæmur gagnvart listeríusmiti, allt frá því hann kemur úr kvíum, honum slátrað og hann fluttur ferskur á markað eða í framhaldsvinnslu. Ég fullyrði því að okkar kerfi tryggja bestu



■ Guðmundur Sigþórsson, framkvæmdastjóri ALVAR: „Við höfum t.d. náð góðum árangri þar sem listeríuvandamál voru til staðar t.d. í laxaslátrun svo og í framhaldsvinnslu laxaafurða.“



ICELAND FISHING EXPO 2022

Sjávarútvegur 2022

fánlegu vörnina gegn bakteríusmiti í þessum viðkvæmu en verðmætu afurðum.“

Guðmundur áréttar í lokin að hann heyrir oft fullyrðingar um að sótthreinsikerfin þeirra þurfi að nota hreinsiefni sem ALVAR selur. „Svo er alls ekki og menn geta í flestum tilfellum áfram notað efni sem þeim líkar við og hafa keypt til þessa.“

alvar.is

KLAKI


Endingargóður og áreiðanlegur búnaður



Blokkaþressur og úrsláttarvélar ásamt öllum helsta frystibúnaði



Framleiðum allar gerðir færifanda sem hafa reynst einstaklega endingargóð og sterkbyggð



Útdraganleg færifönd á lager framleidd eftir pöntun með gúmmí- eða kubbareim




Práðlausar fjarstýringar



Útdraganlegar rennur framleiddar eftir pöntun



Stillanlegir vinnupallar fótdrifnir eða handstillanlegir



Frystipönnur af öllum gerðum og blokkarammar



Parker vökvamótorar



Norgren loftbúnaður



Ryðfríar keðjur og keðjuhjól



Tæmilúgur



Fjarstýrðir snúningsáttaskiptar fyrir allar tegundir rafmótora



Róbótar auka bæði skilvirkni og hagkvæmni

■ Páll S. Helgason og Óskar Pétursson hafa rekið Klaka frá árinu 2019.



ICELAND FISHING
EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022

Fyrirtækið Klaki ehf. hefur undanfarin ár beint sjónum sínum að róbótum sem búnir eru gervi-

VOGIR

Eltak sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjóðum **MESTA** úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is



■ Róbótaverkfræðingurinn Páll við róbót frá Klaka.

greind og tölvusjón. „Með gervigreind og tölvusjón getum við nýtt róbóta til að leysa miklu flóknari verkefni heldur en áður var hægt,“ segir Óskar Pétursson hjá Klaka. Fyrirtækið fagnar í ár 50 ára starfsafmæli en Klaki hefur allt frá byrjun framleitt endingargóðan búnað úr ryðfríum efnum fyrir framleiðslufyrirtæki og sjávarútveg.

Hjá Klaka er valinn maður í hverju rúmi. Óskar tók við rekstri Klaka árið 2019 ásamt Páli S.

Helgasyni en þeir eru þriðja kynslóð rekstraraðila fyrirtækisins. Þeir eru í grunninn vélstjórar en hafa lokið meistaraþráðum í rafmagns- og róbótaverkfræði. Í desember í fyrra bættist Garðar Örn Garðarsson í hópinn en hann býr að mikilli reynslu og

þekkingu á sviði róbóta og gervigreindar.

Aukin samkeppnishæfni

Óskar segir að stjórnendur fyrirtækisins deili þeirri sameiginlegu sýn að sjálfvirkar lausnir séu til þess fallnar að draga úr sóun, auka hagkvæmni og þar með samkeppnishæfi viðskiptavina sinna. „Við vinnum nú að fjölmörgum verkefnum þar sem gervigreind til greiningar á myndum og myndstreymum er hagnýtt af róbótum og færslubúnaði, þ.e. sjónstýrðar sjálfvirknilausnir,“ útskýrir Óskar. Flest verkefni hafi til þessa snúið að vinnslum í landi en róbótalausnir um borð í skipum séu nú einnig í þróun.

Óskar er þess fullviss að með tíð og tíma muni róbótar leysa af hendi öll einhæf störf sem unnin eru í vinnslum í dag, sama hvort það er að mata vélar, raða fiskiflökum eða stafla kössum. „Við bjóðum upp á spennandi róbótalausnir þegar kemur að þökkun; svo sem stöflun á bretti og innmötun á fiski. En við erum líka að þróa lausnir á borð við tegundagreiningu og flokkun fisks í uppsjávarvinnslu, sem og gæðaeftirlit með aðstoð myndgreiningar,“ útskýrir Óskar. Hann segir að slík tækni leiði meðal annars af sér

stöðluð vinnubrögð og fækkun mannlegra mistaka.


Í samstarfi við stóra framleiðendur

Klaci er viðurkenndur þjónustaaðili fyrir Universal Robots, stærsta sérhæfða framleiðanda samvinnuþjarka í heimi. Samvinnuþjarkur er róbóti sem getur unnið í sama rými og starfsfólk án þess að hætta stafi af. Klaci er einnig í samstarfi við Yaskawa, sem er á meðal stærstu framleiðenda iðnaðarróbóta í heiminum.

Aðspurður segir Óskar að það sé hæðgarleikur að laga nýja róbóta að þeim stjórnkerfum sem fyrir eru í vinnslunum. Það þýðir að framsækið fyrirtæki geti nýtt þá fjárfestingu sem fyrir er í vinnslunni, þegar ný tækni er innleidd. Hann hvetur fyrirtæki sem hafa áhuga á aukinni sjálfvirkni og hagræðingu að hafa samband. „Fyrsta skrefið er að hefja samtalið,“ segir hann að lokum.

klaki.is

■ Þjarkur frá Klaka sem staflar vörum á bretti.





Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

Í tæknivæddu samfélagi nútímans er erfitt að hugsa sér daglegt líf án rafmagns, svo samofið er það öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. RARIK rekur umfangsmesta rafdreifikerfi á Íslandi sem nær til 90% af sveitum landsins og til 44 þéttbýliskjarna. Lengd dreifikerfisins er 9.000 km og þar af eru 72% jarðstrengir.

RARIK Í 75 ÁR



RARIK ohf | Dvergshöfða 2 | 110 Reykjavík | www.rarik.is



Frumskýning á nýrri myndavél frá Vaka



Vaki fiskeldiskerfi ehf., hefur í meira en þrjú áratugi verið leiðandi fyrirtæki í þróun og framleiðslu á lausnum sem snúa að talningu og stærðarmælingum á eldisfiski ásamt því að bjóða upp á heildarlausnir við dælingu, flokkun og talningu. Við hittum Magnús Þór Ásgeirsson, sölustjóra á Íslandi að máli en á sýningunni Sjávarútvegur 2022 mun Vaki kynna nýja myndavél sem tekur fyrri tækni fram.

Falcon vélin markar tímamót

„Já, við erum að kynna nýjung á sýningunni sem er afar fullkomin myndavél sem við nefnum Falcon en hún kemur í stað rammanna sem við höfum notað til að mynda eldisfisk í kerjum og fylgjast með viðgangi hans. Þessi vél tekur fyrri tækni fram og veitir nákvæmari upplýsingar um hvernig best sé að haga eldinu, bæði hvað varðar velferð fiskins en einnig til að eldið skili sem bestum rekstrarlegum árangri. Falcon vélinni er einfaldlega sókkt í kerin og hún tekur í sífellu myndir af fiskunum sem veita mikilvægar upplýsingar í vaxtarferlinu sem safnað er í gagnagrunn. Þessar upplýsingar eru svo nýttar til að stýra fóðurgjöf, meta hvernig mismunandi umhverfisaðstæður hafa áhrif á vöxtinn, hvernig sé best að haga

flokkun og skiptingu kvía o.s.frv. Þá er hvenær sem er hægt að meta verðmætin í hverju eldiskeri fyrir t.d. tryggingafélög og banka og stjórna allri framleiðslunni með tilliti til mesta leyfilega lífmassa. Þessi myndavél markar að

okkar mati tímamót og við erum spennt að sjá hvernig markaðurinn tekur við þessari nýju tækni,” segir Magnús Þór.

Mæling á árangri

Magnús Þór segir að með myndavélatakninni sé fyrst og fremst verið að fókusera á vöxtinn og mæla árangur af mismunandi aðferðum við eldið því öðruvísi læri menn ekki af reyningunni til að þróa starfsemi og hámarka arðsemi.

„Þessar staðreyndir eru ljósar öllum fiskeldismönnum enda verða menn í þessum rekstri eins og öðrum að setja sér skýr markmið og geta svo mælt árangurinn af mismunandi aðferðum. Fóðrið er einn dýrasti liðurinn í fiskeldi og því gríðarlega mikilvægt að vita nákvæmlega hversu mikið skuli fóðra, hver sé besti tíminn

fyrir vetrarfóðrun, á hvaða vaxtarskeiði sé best að skipta um kögglastærð í fóðrinu og svo framvegis. Og þegar fiskurinn er á síðasta vaxtarskeiðinu fyrir slátrun getur skipt sköpum að vita hvort draga skuli úr fóðrun eða auka hana til að fiskurinn nái hámarksstærð og þyngd á réttum tíma. Ef menn bregðast of seint við tapast tækifæri til aukins vaxtar og þar með bættrar afkomu. Falcon vélin veitir einfaldlega dýrmætar upplýsingar um allt vaxtarferli fiskins sem stuðlar að hámarksárangri í eldinu.“

Magnús Þór hvetur alla til að kíkja í bás B-24 á sýningunni Sjávarútvegur 2022 og kynna sér Falcon myndavélina sem þar verður frumsýnd.

vaki.is



■ Magnús Þór Ásgeirsson, sölustjóri hjá Vaka ehf. „Með Falcon myndavélinni er fyrst og fremst verið að fókusera á vöxtinn og mæla árangur af mismunandi aðferðum við eldið.“

RSF



■ Falcon myndavélin frá Vaka veitir meiri upplýsingar um eldi fiskins en fyrri lausnir.

Stígðu ölduna með okkur

Við bjóðum hagnýtt framhaldsnám til alþjóðlegra skipstjórnarréttinda og stúdentsprófs - **Innritun stendur yfir**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins





■ Hjá HD starfa yfir 200 manns sem búa yfir yfirgrípsmikilli þekkingu á helstu iðngreinum.

HD ehf. leiðandi í vél- og málm-tækniþjónustu



ICELAND FISHING
EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022

Fyrirtækið HD er eitt stærsta þjónustufyrirtæki landsins í málm-tækniþjónustu; vélbúnaði, tækniþjónustu og stálsmiði. HD

VOGIR

Eltak sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjóðum **MESTA** úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is



■ Höfuðstöðvar HD eru í Kópavogi en starfsstöðvar fyrirtækisins eru einnig í Mosfellsbæ, Reykjavík, á Grundartanga og Eskifirði, auk starfsstöðvarinnar á Akureyri sem hér sést.

þjónustar mörg stærstu fyrirtæki landsins á sviði sjávarútvegs, stóriðju, matvæla og fiskeldis auk orku og veitu. Stærstu áfangar í uppbyggingu fyrirtækisins og stækkun á allra síðustu árum er samruni vélaverkstæðisins Hamars og tækniþjónustufyrirtækisins Deilis ehf. í Mosfellsbæ, auk þess sem fyrirtækin Vélar ehf. í Reykjavík og NDT ehf. á Akureyri voru sameinuð undir merkjum HD. Höfuðstöðvar HD eru í Kópavogi en starfsstöðvar eru einnig í Mosfellsbæ, Reykjavík, Grundartanga, Akureyri og Eskifirði.

Breitt þjónustusvið

Frá stofnun Hamars árið 1998 hefur það verið í forystuhlutverki í málm-tækniþjónustu við almennan iðnað og sjávarútveg. Með áðurnefndum sameiningum undir merkjum HD hefur þjónustusviðið breikkað enn frekar. Meðal þjónustusviða HD eru tæknilegar ástandsgreiningar véla og sívökt-



■ Titringsmælingar, sprunguleit og hljóðbylgjuprófanir eru meðal margra sérhæfðra þjónustupátta HD ehf.

un vélbúnaðar, hönnun, framleiðsla og þjónusta við dælu- og lagnakerfi, titringsmælingar,

sprunguleit og hljóðbylgjuprófanir, fyrirbyggjandi viðhald, viðhald á jarðgufutúrbinum og rafölum

orkuvera, innflutningur á vél- og tækniþjónustu, uppsetningar, varahlutaöflun og önnur þjónusta. Þá býr HD yfir sérþekkingu á vélbúnaði fyrir sjávarútveg og fiskeldisfyrirtæki.

Sérhæfing og skjót þjónusta

Í gegnum sitt yfirgrípsmikla þjónustunet geta starfsmenn HD veitt viðskiptavinum sérhæfða þjónustu um land allt skjótt og örugglega. Hjá HD starfa yfir 200 manns á sex starfsstöðvum sem búa yfir yfirgrípsmikilli þekkingu á helstu iðngreinum s.s. sjávarútvegi, stóriðju, virkjunum, veitufyrirtækjum, fiskeldi og matvælaframleiðslu, svo nokkrar séu nefndar. Starfsmenn HD búa að þjálfun í viðhaldi sérhæfðs vélbúnaðar og málm-súðumenn fyrirtækisins eru hæfisvottaðir fyrir suðuferla þar sem unnið er samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Markmið HD er að hámarka upptíma í framleiðslu viðskiptavina og stuðla þannig að auknu rekstraröryggi og fyrirsjáanleika í rekstri þeirra.

Vélaverkstæði og sala vélbúnaðar

HD hefur yfir að ráða vel búnum vélaverkstæðum til að þjónusta viðskiptavinum t.d. í málm-smíði, rennismíði, plötusmíði, smíði á sérhæfðum vélarhlutum, vökvatjökkum, viðgerðum á dælum og þannig mætti áfram telja. Fyrirtækið annast einnig innflutning, sölu, uppsetningu og viðhald á fjölbreyttum búnaði fyrir iðnað og sjávarútveg, t.d. dælum og rafmóturum, vélbúnaði til fiskimjólsframleiðslu, brúarkrönum, mælitækjum, mótörvörnum og áspéttum. Þannig kappkostar HD að vera það bakland í þjónustu sem fyrirtæki í iðnaði og sjávarútvegi þurfa á að halda til að tryggja að rekstur þeirra gangi snurðulaust og örugglega frá degi til dags.

hd.is

Dynjandi tryggir öryggið



„Dynjandi er gamalgróid fyrir-tæki og má hiklaust telja braut-ryðjanda hér á landi hvað varðar öryggisbúnað og varnir, hvort sem er að sjó eða landi. Vörur fyrirtækisins verða kynntar á sýningunni Sjávarútvegur 2022 en vöruflóra Dynjanda nær til flestra geira atvinnulífsins, ekki síst sjávarútvegsins. Við ræddum við Pétur Gísla Jónsson, gæðastjóra fyrirtækisins.

Fjölbreyttar lausnir

„Á sýningunni munum við kynna fjölbreytt vöruúrval Dynjanda með áherslu á það sem snýr að sjávarútveginum, bæði um borð í skipunum en einnig í landvinnslunni. Það sem Dynjandi stendur fyrir eru persónuhlífar fyrir sjómenn sem þeir geta treyst, t.d. fatnaður, hjálmar og skór en einnig gas- og súrefnismælar, samskiptatæki, skutrennublaðir og fleira. Við vitum öll að slysin gera ekki boð á undan sér og um borð í skipum geta skjótt skapast stórhættulegar aðstæður og skynsamlegt að hafa gert ráðstafanir sem geta komið í veg fyrir alvarleg slys og bjargað mannlífum. Sem betur fer fækkar mjög slysum og dauðsföllum um borð í íslenskum



■ Pétur Gísla Jónsson, gæðastjóri Dynjanda, lengst til vinstri á nýafstaðinni sýningu erlendis ásamt Gisellu Umbertini frá Kask og Ola Feten frá Univern en Dynjandi er með umboð fyrir þessi merki.

skipum enda öll vitund um mikilvægi öryggisbúnaðar allt önnur en var fyrir fáeinum árum. Ég held að fræðslustarfið, m.a. frá hendi okkar ráðgjafa, hafi átt þátt í þessari þróun því Dynjandi býður upp á námskeið þar sem farið er yfir grunnþætti öryggisbúnaðar, notkun hans og meðhöndlun. Námskeiðin eru algjörlega sniðin að þörfum hvers fyrirtækis enda aðstæður misjafnar.

Gvendur jaki kemur til

Það var Gunnlaugur Pálmi Steindórsson sem stofnaði Dynjanda árið 1954 og varð strax brautryðjandi á sviði öryggismála á vinnustöðum víða um land og sérhæfði sig fljótlega í viðurkenndum öryggisbúnaði, persónuhlífum og vinnufatnaði fyrir starfsfólk. „Framan af var erfitt að koma mönnum í skilning um nauðsyn persónuhlífa en sagan

segir að þegar var verið að byggja álverið í Straumsvík hafi Gvenur jaki hringt í Gunnlaug og spurt hvort hann gæti ekki útvegað hjálma á verkamennina sem þar unnu. Það var auðvitað snarlega gert og smám saman jókst hjálmanotkunin og kom í stað derhúfanna sem karlarnir höfðu áður sem höfuðföt.“

Þegar lítið er yfir úrvalið í verslun Dynjanda eru þar margir

vöruflokkar í boði. Alls kyns vinnufatnað er hægt að fá, s.s. öryggisskó, hjálma, samfestinga, hanska, boli, vinnuskyrtur og smíðavesti. Þá eru öryggisvörur hvers konar í úrvali, s.s. augn- og andlitshlífar, eyrnatappar, ryk- og gasgrímur, heyrnahlífar og gas- og súrefnismælar. Einnig býður Dynjandi úrval fallvarnarbúnaðar s.s. belti, líf- og öryggislínur og alls kyns festi- og tengibúnað.

Velkomin í bás Dynjanda

„Hvað vinnufatnaðinn varðar flytjum við hann fyrst og fremst inn frá Noregi og Svíþjóð en þeir framleiðendur uppfylla okkar kröfur um styrk og endingu fatnaðarins um leið og áherslan er á þróunin í allri hönnun fatnaðarins því menn vilja jú vera þokkalega til fara vinnunni.“

„Við hjá Dynjanda bjóðum einnig gott úrval af stórum og smáum rafstöðvum en einnig öðrum vélum og tækjum eins og djúpvatnsdælur, brunndælur, mótorráfsuðuvélar, ryk- og vatnssugur, gufugildrur, gufuloka og háþrýstidælur. Allt það nýjasta í þessum búnaði verður kynnt á sýningunni og býð ég alla velkomna í básinn okkar til að skoða breitt vöruval og þjónustu fyrirtækisins,“ segir Pétur Gísla Jónsson, gæðastjóri Dynjanda.

dynjandi.is

TRAUST ÞJÓNUSTA

VIÐ ÍSLENSKAN SJÁVARÚTVEG Í ÁRATUGI



PROPERTY OF
UMBÚÐAMIÐLUN



UMBÚÐAMIÐLUN

555 6677 | umb.is | Korngörðum 5, Reykjavík

Stálsmiðjan-Framtak ehf. Þjónusta við sjávarútveginn alltaf verið ein af grunnstoðunum



„Þjónusta Stálsmiðjunnar-Framtaks við íslenskan sjávarútveg hefur frá upphafi verið ein helsta

stoð fyrirtækisins enda rekum við slippþjónustu og eitt öflugasta vélaverkstæði landsins. Fyrirtækið annast breytingar á skipum, hvers kyns viðhaldsverkefni, skrokkviðgerðir, sem og viðgerðir og viðhald véla af öllum stærðum og gerðum, t.d. aðal- og ljósavéla, ásamt öðrum búnaði skipa. Þessu til viðbótar rekum við stóra plötusmiðju og tökum á því sviði að okkur stálsmiðaverk-

efni fyrir bæði sjávarútveg og almennan iðnað,” segir Erlingur Kristinsson, sölustjóri hjá Stálsmiðjunni-Framtaksi. Auk sjávarútvegs er þjónusta við orkuviðnað og stóriðjuver stór þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið mun kynna þjónustu sína á sýningunni Sjávarútvegur 2022 í Laugardalshöll.



■ Erlingur Kristinsson, sölustjóri Stálsmiðjunnar-Framtaks.



Sliptökur og vélaviðgerðir

Höfuðstöðvar Stálsmiðjunnar-Framtaks, söludeild og varahlutaverslun, véladeild, renniverkstæði, diesilverkstæði og plötusmiðja eru að Vesturhrauni 1 í Garðabæ en slippþjónustan er við Ægisgarð í Reykjavík. Þar eru skip tekin upp í reglubundið viðhald og málning-arvinnu.

„Þó að minna sé um það en áður að óvæntar bilanir verði í vélbúnaði skipa, þá gerist slíkt. Sem dæmi um verkefni af því tagi hjá okkur á síðari árum eru upp-tektir á aðalvéllum í annars vegar flutningaskipinu Lagarfossi og núna erum við að klára upptekt á aðalvél togaranum Ottó N. Þor-lákssyni frá Vestmannaeyjum. Upptektir á svona stórum vélum eru talsvert umfangsmikil verkefni, en í slippþjónustunni erum við að öðru leyti í reglubundinni slippvinnu og fyrirbyggjandi við-haldi skipa. Í dag er flest öllu við-haldi stýrt af viðhaldskerfum sem hefur aukið rekstraröryggi og leitt til að óvæntum bilunum hefur fækkað mjög mikið. Gott viðhald skilar sér alltaf í lengri endingu búnaðarins,” segir Erlingur.

Það borgar sig að vera í stjórnendafélagi!

Ert þú í stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki eða starfsmaður sem hefur mannaforráð?

Ert þú einyrki og stundar sjálfstæða atvinnustarfsemi?

Aðildarfélög Sambands stjórnendafélaga eru ellefu talsins um land allt.

Félagsmenn eiga rétt á aðstoð úr einum besta sjúkrasjóði landsins og njóta styrkja úr einum öflugasta menntasjóði lamsins til að sækja sér aukna menntun í starfi.

- » Launavernd í allt að 9 mánuði í veikindum
- » Styrkir vegna veikinda maka eða barna
- » Styrkir til kaupa á gleraugum og heyrnartækjum
- » Styrkir vegna fæðingar barns
- » Tryggingavernd allan sólarhringinn!
- » Aðgangur að tugum orlofshúsa og íbúða um land allt
- » Dánarbætur vegna andláts félagsmanns
- » Einstaklingsbundin þjónusta
- » Lögfræðiaðstoð

Kannaðu hvort þú eigir erindi í eitthvert ellefu aðildarfélaga STF.

Við tökum vel á móti þér!

Samband
stjórnendafélaga

Hlíðasmára 8
201 Kópavogur
Sími 553 5040
stf@stf.is
www.stf.is

Þekkt merki í vélbúnaði, krönum og varahlutum

Auk framangreindra þjónustuþátta rekur Stálsmiðjan-Framtak söludeildina Blossa sem býður heildarlausnir og sérhæfða þjónustu við eldsneytiskerfi. Blossi er umboðsaðili fyrir fjölmörg þekkt vörumerki, þar á meðal með umboð fyrir varahluti í MaK skipavél-ar, umboð fyrir Desmi dælur til nota á landi og á sjó og síukerfi frá C.J.C í Danmörku. Einnig Wencon steypuviðgerðarefni fyrir ýmskonar vélbúnað og einnig selur fyrirtækið skips- og hafnarkrana af gerðinni MKG en þeir eru á bryggjum víða um land og víða á fiskiskípaflotanum. Kranaskoðanir og álagsprófanir með vatnspokum eru í boði, framkvæmdar af skoðunaraðilum viðurkenndum af flokkunarfélagunum. Af öðrum vörum sem fyrirtækið flytur inn má nefna varmaskipta, áspétti og glussaspil frá Dinamic oil svo dæmi séu tekin. Starfsmenn Stálsmiðjunnar-Framtaks og Blossa eru um 80 að jafnaði. „Starfsmannafjöldinn er breytilegur eftir verkefnum og þegar stór verkefni eru í t.d. orkugeiranum þá getur starfsmannafjöldinn hjá okkur orðið mun meiri tíma-bundið. Þannig lögum við okkur að þeim verkefnum sem eru hverju sinni,” segir Erlingur.

framtak.is

Vistvæn hönnun, ráðgjöf og eftirlit

Mannvit býður upp á öfluga þjónustu við sjávarútveg á sviði rafmagns, vélbúnaðar, mannvirkja, byggingarstjórnunar og umhverfismála, með sjálfbærni að leiðarljósi.

Mannvit rekur nýu starfsstöðvar víðsvegar um landið og veitir verkfræðiráðgjöf og tækniþjónustu á öllum verkstigum.

Við erum á Sjávarútvegur 2022 í Laugardalshöll 21.-23. september.
Verið velkomin í kaffi á bás B32.



Fiskeldið á fljúgandi ferð

Ný skýrsla er komin út hjá Hafnarsóknastofnun um stöðu fiskeldis í heiminum með áherslu á landeldi á laxi. Í henni er farið yfir möguleika og þróun landeldis til þessa en mikil áform eru um landeldi á laxi hérlandis, mest á Reykjanesi og í Þorlákshöfn. Helsti kostur landeldis á Íslandi er í skýrslunni talinn vera aðgangur á hreinum jarðsjú, sem dregur verulega úr hættu á ýmsum sjúkdómum og dýrum hreinsunarbúnaði. Þá er talið að landeldi á laxi komi fyrst og fremst út sem viðbót við sjókvíaelði, fremur en að leysa það af hólmi.



■ Teikning af fyrirhuguðu landeldi Samherja á Reykjanesi.

Fiskeldi vex hraðast

Fiskeldi er sá geiri matvælaframleiðslu sem vaxið hefur hvað hraðast í heiminum á undanförunum árum og nú er svo komið að framleiðslumagn eldisfisks er svipað því sem veitt er af villtum fiski, að því er segir í skýrslunni. Því er spáð að hlutfallslegt vægi fiskeldis komi enn til með að aukast, sem og mikilvægi þess við að tryggja matvælaöryggi í heiminum.

„Þróunin í fiskeldi hefur verið kölluð Bláa byltingin. Árið 2018 nam heimsframleiðslan í fiskeldi (eða þess sem alið er í eldi) um 82 milljón tonn. Þar af voru 54 milljónir tonn af fiski, 17 milljón tonn af lindýrum og 9 milljónir tonn af krabbadýrum. Eldisfiskur samanstendur af ýmsum fisktegundum og er eldislax ein þeirra. Raunar er hann frekar lítill hluti af heildinni en mesta framleiðslan á eldisfiski fer fram í ferskvatni eða um 47 milljón tonn árlega og eru tegundirnar graskarpi (Ctenopharyngodon idellus) og Nilartilapia (Oreochromis niloticus) þar áberandi.“

Fiskeldisrisarnir í Noregi

Norðmenn eru stórtækastir í framleiðslu á eldislaxi, framleiða um 1,4 milljónir tonna árlega og þaðan kemur um helmingur alls eldislax í heiminum. Þar á eftir kemur Chile með um 700 þúsund tonna ársframleiðslu. Önnur stórir lönd í eldisframleiðslu, þó ekki séu þau stór í samanburði við Noreg, eru Skotland, Kanada, Færeyjar og Ástralía (Tasmanía).


Framleiðsla í sjávar- og strandeldi var um 7 milljónir tonna árið 2019 og þar af var eldislax um 2,5 milljónir tonna. Í skýrslunni segir að eldislaxinn sé ein verðmætasta eldisafurð í heimi og hlutfallslega dýr vara miðað við aðrar eldisafurðir. Líkt og fiskeldi í heild sinni hafi framleiðsla í laxeldi aukist mikið á undanförunum áratugum og eftirspurn hafi farið vaxandi í efna-meiri ríkjum og nýir markaðir bæst við með vaxandi velmegun, t.d. í Austur og Suðaustur-Asíu.

Eftirspurn mun aukast


Í skýrslunni segir að því sé spáð

að eftirspurn eftir laxi muni aukast enn frekar í framtíðinni og fyrir því eru taldir nokkrar meginástæður. Í fyrsta lagi mikil fólksfjölgun, í öðru lagi stækkanði millistétt nýmarkaða, í þriðja lagi að heilsusamlegum ávinningi af neyslu sjávarafurða sé haldið á lofti af alþjóðlegum heilbrigðisfyrirvöldum, í fjórða lagi að kolefnisfótspor fiskeldis sé minna en griparættar í landbúnað og loks í fimmta lagi að veiðar á villtum fiski hafi takmarkaða vaxarmöguleika.

„Laxeldi er að langstærstum hluta stundað í sjókvíum. Miðað við aðra matvælaframleiðslu er sjókvíaelði tiltölulega ung framleiðsluaðferð eða einungis um hálftrar aldar gömul. Velgengni laxeldis á sér margar ástæður, líkt og miklar framfarir í framleiðslu (sem snýr t.d. að þróun kvía, fóðurs, kynbóta og bólu-efna), vöruþróun, öflug markaðssetning, samþjöppun fyrirtækja og aukin stærðarhagkvæmni þeirra. Sjávarhiti takmarkar möguleika þess hvar hægt er að



■ Framleiðsla á eldislaxi í tonnum. Fiskeldi er sú tegund matvælaframleiðslu í heiminum sem vex hraðast og fyrirsjáanlega verður ekkert lát á.



■ Hér má sjá hvernig framtíðaráform um framleiðslu laxfiska í landeldi hafa breyst frá árinu 2017.

stunda sjókvíaelði á laxi en einnig þarf önnur ytri skilyrði eins og skjól og hentuga sjávarstrauma.“

Samherji stefnir að 40.000 tonna eldi á Reykjanesi

Stefnt er að umfangsmiklu landeldi á laxi hér á landi og eru sum þeirra verkefna hafin en önnur á hugmyndastigi. Eitt stærsta verkefnið á þessu sviði er landeldisuppbygging Samherja Fiskeldis á Reykjanesi.

„Laxeldi Samherja Fiskeldis kemur til með að standa í Auð-

lindagarði HS Orku á Suðurnesjum en í honum eru þegar fyrirtæki líkt og Stolt Sea Farm, Matorka, ORF Líftækni, Bláa Lónið og Carbon Recycling. Samherji hefur um 20 ára reynslu af landeldi og er t.a.m. með fullveldi á laxi á Núpsmýri í Óxarfirði, líkt og nefnt hefur verið, og 1.600 tonna framleiðslu á eldislaxi á ársgrundvelli.“

Fram kemur í skýrslunni að heildarkostnaður við eldisstöð Samherja fyrir 40.000 tonna ársframleiðslu sé áætlaður 45,2 milljarðar króna. Mannafloppur slíkrar stöðvar verði hátt í 1.000 manns ef tekin eru með bein og afleidd störf.

Bent er á að ef öll landseldisáform yrðu að veruleika hér á landi þá megi gera ráð fyrir 150 milljarða króna fjárfestingum og þúsundum starfa. „Hér eru um margs konar störf að ræða sem krefjast sérfræðisþekkingar á ýmsum sviðum, t.d. fiskeldisfræðingar, rafvirkjar, vélfræðingar, líffræðingar, fiskverkfólkl o.fl. Búast má við samkeppni um mannafla til að sinna þessum störfum þótt ekki kæmi til ört stækkandi sjókvíaeldis,“ segja skýrsluhöfundar.

Nýtt orkuver í Ölfusi?

Í skýrslunni segir að raforkuþörf eldisstöðvar Samherja fyrir 1. áfanga (10.000 tonn) sé 33 GWh. Orkuþörf fyrirhugaðra verkefna í heild geti nálgast 450 GWh sem svarar til um 15% af raforkuþörf álversins í Straumsvík, svo hliðstæða sé tekin.

„Þótt orkuþörf eldisfyrirtækjanna gæti virst lítil í þeim samanburði hafa heyrst gagnrýnisráddir um stöðu raforkumarkaðarins á Íslandi í tengslum við þessi áform. Þannig hefur sveitarfélagið Ölfus til skoðunar að reisa raforkuver til að geta veitt eldisfyrirtækjum og mögulega öðrum matvælafyrirtækjum ódýrari orku.“


Polar

Pluto plastherinn er hluti af hringrásarhagkerfi sjávarútvegsins. Plasmengun í sjó ógnar bæði lífríki hafins og afkomu þeirra sem byggja á sjávarútvegi, hefur orðið okkur hvatning til að skapa nýtt kerfi um okkar framleiðslu sem byggir á endurvinnslu plastúrgangs og fiskineta og er Pluto okkar framlag til umhverfismála.




Mar Eco
SOLUTIONS



Velkomin á bás okkar nr. B-20 á
Sjávarútvegssýningunni í Laugardal

polardoors.com - mar-eco.eu - s: 898 66 77



HEILDARLAUSN í siglingatækjum

SAILOR
COBHAM
SERVICE PARTNER



FREMSTIR Í FJARSKIPTUM

- ★ Ný fjarskiptalína sem er einföld í notkun.
- ★ Allar talstöðvar með upptöku og endurspilun á kölluðum skilaboðum.
- ★ Sónar er umboðsaðili SAILOR á Íslandi.
- ★ Fáðu tilboð í SAILOR hjá okkur í nýsmíðar eða uppfærslur á eldri búnaði.
- ★ Verðið kemur á óvart!

JRC gæðatæki
- ekki sætta þig við annað!



JMR-5400 RADAR

- ★ Nýr black Box radar, fánlegur í X-band og S-band.
- ★ Ný tækni gerir smæstu báta mjög sýnilega.
- ★ Ný tækni tryggir einstaka virkni á styttri skölum.
- ★ Ný tækni á clutterum bætir virkni í slæmum veðrum og sjó.
- ★ Kortaoverlay mögulegt á radamynd.
- ★ Hægt að tengja við wide screen skjái.

SONIC
KAIJO DENKI



KDG-300 DOPPLER STRAUMMÆLIR

- ★ Sá langdrægasti á markaðnum! Sýnir straumhraða og stefnu á allt að 300m dýpi.
- ★ Fjögurra geisla straummælir. Sýnir fjórar dýptarmælismyndir.
- ★ Sýnir nákvæma straumstefnu og -hraða á fimm dýpislögum, með botnlæsingu.
- ★ Dýptarmælir 30° í bak/stjór, fram/aftur, virkar niður að 500m.

TRANBERG



- ★ Sterkbyggðir kastarar úr ryðfríu stáli.
- ★ Fánlegir í Xenon, Halogen og LED.
- ★ Fjarstýrð geislabreidd.
- ★ Hitaelement í mótörhúsi.
- ★ Gott og þægilegt stjórnbörð.
- ★ Söluhæstu leitarkastararnir í Noregi.

TRANBERG LEITARKASTARAR

Sjón er sögu ríkari
- verið velkomin að skoða skjáveggjakerfi í sýningarsal okkar!

SKJÁVEGGUR Í BRÚNA



- ★ Ný gerð skjáveggjalausnar sem komin er góð reynsla af í íslenskum skipum.
- ★ Margar útgáfur á framsetningu mynda frá tölvum, siglingatækjum, fiskileitartækjum, myndavélum, vélgæslukerfum, sjónvarpi og fleiru.
- ★ Öllu stjórnað á einfaldan hátt með einni mús.

FLIR Sjáðu ...
á nóttu sem degi!



FLIR HITAMYNDAVÉLAR

- ★ Ný gerð fjarstýrðra hitamyndavéla, einstök upplausn!
- ★ Getur blandað saman hitamynd og hefðbundinni mynd.
- ★ Öflug veltuleiðrétting, mikill munur í slæmu veðri.
- ★ Nýtt og uppfært stjórnbörð.
- ★ Kíktu í heimsókn, sjón er sögu ríkari!

Sónar ehf
Hvaleyjarbraut 2
220 Hafnarfjörður
Sími 512 8500
sonar@sonar.is
www.sonar.is

SÓNAR



■ Simrad NSX30xx nýtt fjölnota tæki

Friðrik A. Jónsson ehf.

Snjalltækni í tækjunum frá Simrad



ICELAND FISHING
EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022

„Siglinga-, fjarskipta- og fiskileitartæki skipa hafa tekið stórkostlegum breytingum á síðustu árum og má á vissan hátt líkja þróuninni við snjallsímana sem flestum þykja ómissandi í daglegu lífi, tæki sem hafa mun viðfeðmara notkunarsvið í dag en áður var. Sama á við um svokölluð fjölnotatæki í brúm skipa í dag, tæki þar sem búið er að sameina í einu tæki t.d. dýptarmæli, plotter, radar, stjórnun dælubúnaðar, ljósa og útvarps og þannig mætti áfram telja. Á sýningunni Sjávarútvegur 2022 í Laugardalshöll kynnis sýnir fyrirtækið Friðrik A. Jónsson ehf. það nýjasta í fjölnotatækjum frá Simrad sem er stjórnubúnaður byggður á „android“ stýrikerfi. Með hverju árinu færast tæknin í Simrad lengra inn í snjallheiminn.

Íslenskt notandaviðmót mikilvægt

„Við hjá FAJ höfum aðstoðað við aðlögun íslenskunnar að nýja stjórnubúnaðinum fyrir fjölnota tækið frá Simrad því okkur er það kappsmál að allt viðmótið sé á íslensku,“ segir Eyjólfur Bergsson, sölumaður hjá FAJ, en stýrikerfið sem ber nafni Neon var frumsýnt nú í vor.

„Þetta kerfi er talsverð framför því skipstjórnendur geta valið milli einstakra smáforrita fyrir aðgerðir og byggt upp sín eigin flýtsvæði í fjölnotatækini. Þetta er einmitt á margan hátt samþærilegt við það hvernig fólk getur lagað umhverfið í snjallsímanum að sinni notkun. Þessu til viðbótar er kominn nýr sjókortagrúnnur með mun meiri upplausn og skýrari hafnakortum. Svo má nefna að ef skip er til dæmis á svæði þar sem eru ekki miklar dýptarupplýsingar fyrirbyggjandi þá er hægt að taka upp dýptarmælismynd og feril og deila síðan gögnunum á síðu hjá Simrad sem yfirfærir gögnin og endurbyggir svo kortin í tækjunum sjálfvirk í framhaldinu. Þannig njóta allir,“ segir Eyjólfur.



■ Simrad NSSevo3S fjölnotatæki



■ Eyjólfur Bergsson, sölumaður hjá FAJ.



■ Simrad A2004 sjálfstýring

Stöðugar framfarir

Tæki frá Simrad eru kjarninn í tækibúnaði FAJ fyrir sjávarútveginn ásamt Olex þrívíddar plotternum. Þar má nefna siglingatæki á borð við ratsjár, plottera, sjálfstýringar og neyðarsenda, sem og dýptarmæla og botnstykki til fiskileitar. Eyjólfur segir einnig að nær öll fiskiskip sem komi til landsins séu búin sjálfstýringu frá Simrad sem undirstriki það mikla traust sem er á þeim búnaði.

Auk tækibúnaðar frá Simrad selur FAJ einnig allan búnað til fjarskipta, AIS tæki, GMDSS bún-

að og neyðarsenda, ljósbúnað, kallkerfi, netkerfi, sjónvarpskerfi og margt fleira.

„Okkar svið hjá FAJ í tækibúnaði fyrir sjávarútveg spannar allt frá skútum upp í stærstu fiski- og flutningaskip. Og allt þar á milli. Hraðar framfarir birtast okkur þessi árin á öllum sviðum, sendingarhraði eykst, upplausn í skjám er margföld og margt annað gerir að verkum að notendur fá sífellt meira út úr búnaðinum,“ segir Eyjólfur.

Örugg og fyrirsjáan- leg fjarskipti með Símanum



„Með fyrirtækjapakka Símans geta öll fyrirtæki óháð stærð fengið fyrsta flokks netþjónustu þar sem öryggismálum er tvinn- að saman við hin hefðbundnu fjarskipti. „Við gerum öll kröfu á að netið sé í lagi og sinni þörfum okkar. Vinnustaðir eru flestir háðir netinu í dag til að geta sinnt hlutverki sínu og því skiptir máli að uppsetning og öryggi þjónustunnar sé fyrsta flokks svo starfsemi truflist ekki. Þess vegna settum við saman fyrirtækjapakka Símans. Pakkinn setur netöryggi og yfirsýn notenda yfir nettengdan búnað í forgang,” segir Akureyringurinn Hjörtur Þór Bjarnason, vörustjóri fyrirtækjalausna Símans.

Rafrænt öryggi hefur aldrei skipt meira máli en nú þegar kemur að rekstri fyrirtækja. Mikill vöxtur hefur verið í netárásum ýmskonar þar sem t.d. er reynt að lama þjónustur viðkomandi fyrirtækja með ýmsum hætti eða komast yfir fjármuni. Ekkert okkar er óhult fyrir slíku, öll nettengd tæki sem og notendur eru skotmörk og því skiptir máli að efla varnir fyrirtækja og setja upp öflugan búnað og hafa virkt eftirlit.

Fyrirtækjapakki Símans er einmitt slík þjónusta þar sem öll fjarskipti fyrirtækja og netöryggi er saman í einum pakka á föstu mánaðargjaldi.

„Grunn fjarskiptaþjónusta er í eðli sínu einföld, en hana þarf að setja rétt upp. Uppsetningin á fyrirtækjapakkanum okkar er innifalin. Sérfræðingar Símans setja upp allan búnað og tryggja að allt virki rétt. Við setjum upp næstu kynslóðar eldvegg sem ver fyrirtæki fyrir óværum og árásum. Öryggisuppfærslur eru innifaldar og þjónustan er undir stöðugri

vöktun allan sólarhringinn hjá Símanum,” segir Hjörtur og bætir við að einnig fái fullkomin yfirsýn yfir nettenginguna og þannig sjáist um leið og eitthvað eitt tæki sé t.d. sýkt af óværu. Sýkta tækið er þá útilokað frá frekari samskiptum við netið og minnkar þannig þann skaða sem annars gæti orðið.

Ef eitthvað kemur upp á er varaleið yfir öflugt 5G og 4G kerfi Símans innifalin í fyrirtækjapakka Símans. „Við getum svo sérsniðið fjarskiptaþjónustu og varaleiðir um heim allan. Til dæmis yfir gervihnetti og þannig boðið gagnatengingar eða farsíma-samband um borð í skipum eða minni bátum, og í raun hvar sem er í heiminum. Það leynist ótrúleg þekking innan Símans, fjarskipti eru okkar fag og svo má ekki gleyma að við eigum í frábæru samstarfi við Ericsson, Fortinet, Cisco og fleiri birgja og sérfræðingar okkar eru í stöðugri endurmenntun,” segir Hjörtur og bætir við að það sem var öruggt og gott



■ Hjörtur Þór Bjarnason, vörustjóri fyrirtækjalausna Símans.

í gær þarf ekki að vera öruggt og gott í dag.

„Þetta er endalaus eltingaleikur sem þarf að sinna. Við hjá Símanum ætlum að hlaupa með fyrirtækjum og heimilum í landinu

og þannig færa þeim fyrsta flokks fjarskiptaþjónustu sem sé örugg og nútímaleg.“

siminn.is



DIECI á Íslandi | VELTIR

Þú færð öfluga DIECI skotbómulyftara hjá Velti

Dieci skotbómulyftarar og liðstýrðir skotbómulyftarar eru gríðarlega öflugir og hannaðir fyrir mikla notkun við erfiðar aðstæður.

Vinnuaðstaða stjórnenda Dieci skotbómulyftara er hin besta þar sem sýn úr öikumannshúsi er framúrskarandi og mikil áhersla lögð á öryggi tækjanna. Dieci býður breiða línu tækja, yfir 75 gerðir með lyftigetú allt að 23.000 kg og lyftihæð allt að 30 metrar. Aukabúnaður er fánlegur í miklu úrvali í Dieci skotbómulyftara hjá Velti.

Hafðu samband í dag

Hafðu samband við sérfræðinga okkar varðandi Dieci skotbómulyftara með því að hringja í síma 510 9100 eða sendu okkur fyrirspurn á dieci@veltir.is eða komdu til okkar í kaffi til að ræða málin í nýrri glæsilegri þjónustumiðstöð okkar að Hádegismóum 8. Hjá okkur starfar framúrskarandi teymi fagmanna sem búa yfir áratuga reynslu í söluráðgjöf og þjónustu við atvinnutæki.

DIECI

Dieci á Íslandi
Hádegismóar 8
Sími 510 9100
Salah8@veltir.is

VELTIR



**Kíktu við
á glæsilega
sjávarútvegs-
sýningu
í Laugardalshöll**



Glæsileg sjávarútvegssýning í Laugardalshöllinni


21. – 23. september 2022

Sýningin er opin:

Miðvikudag: 21. sept. 14.00-19.00

Fimmtudag: 22. sept. 10.00-18.00

Föstudag: 23. sept. 10.00-18.00



**ICELAND FISHING
EXPO 2022**

Sjávarútvegur 2022

www.icelandfishexpo.is

Við verðum á sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll dagana 21. til 23. september

Hlökkum til að sjá ykkur


MeindýraVarnir MVE

 **RAFVER**

 **Ísblik ehf.**

 **Nortek**
ÖRYGGISLAUSNIR

VELTIR

SÓNAR
HEILDARLAUSN
Í SIGLINGATÆKJUM

 **MARÁS**

 **FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.**

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

 **FÁLKINN ÍSMAR**

 **LANDVÉLAR**

FINNOY
FINNOY GEAR & PROPELLER AS

MARPORT

Samey 

 **málning**
-það segir sig sjálf-

 **FJARÐABYGGÐ**


GÚMMÍSTEYPA P. LÁRUSSON EHF.
70

VK vörukaup

 **SCANMAR**

 **MD VÉLAR**
VIRGINÓFER 12, REYKJAVÍK | S. 567 2600 | mdvelar@mdvelar.is | mdvelar.is

Íslyft ehf


MANNVIT


THYBORØN TRAWLDOOR.DK


FISKISTOFA
TRAUÐ - FRAMSKENI - VIRÐING

 **VÉLFAG**
FISKVINNSLUVÉLAR


STÁLSMÍÐJAN FRAMTAK EHF.

MARKUS LIFENET

navis

 **IÐNVER**

Samband stjórnendafélaga 

JÓN BERGSSON EHF.


SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

UMBÚÐIR & RÁÐGJÖF

 **AFLHLUTIR**

GRUNN

ÆGIR

BORGARPLAST


Brimrún
FURUNG

dertec[®]
Designed to Perform

 Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Við verðum á sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll dagana 21. til 23. september

Hlökkum til að sjá ykkur





■ Gríðarleg aukning er fyrirhuguð í landeldi á næstu árum. Mikil þekking og reynsla hefur safnast upp meðal starfsmanna Set á landeldissviðinu.

Ljósmynd: RAX.

SET í þjónustu við landeldið



Set á Selfossi hefur haft aðkomu að uppbyggingu landeldis á undanförunum árum, í upphafi við eldisstöð Stolt Sea Fish Farming á Reykjanesi á miðjum síðasta áratug. Í því verkefni kom Set að tæknilegum úrlausnarefnum við sjólagfir og kerfi stöðvarinnar þar sem framleiðsluvörur félagsins, plaströr, einangruð rör og lagnavörur, nýttust við verkefnið.

Örn Einarsson stýrir sölu og tæknisviði Set. Hann segir að mikil þekking og reynsla hafi safnast upp meðal hans fólks á landeldissviðinu meðfram breiðri framleiðslulínu og vörusviði félagsins fyrir veitumarkaðinn. Set framleiðir plaströr fyrir vatnslagnir úr Polyethelyne (PE) og Po-

lypropelyne (PP) efni. Í fráveitulögnum eru framleidd slétt PVC rör en einnig svokölluð Weholite rör úr PE efni sem ná upp í mun meiri víddir. Wholite rörin eru helsta smíðafni brunna, tanka og ýmissa tengihluta. Set selur einnig X-stream frárennslirör sem eru burðarmikil tveggja laga rör með sléttu innra byrði og ríffluðu ytra byrði, létt og hagkvæm í uppsetningu.

Sterkir birgjar

Örn segir þessa miklu breidd í framleiðslu og vöruvali styrkja aðkomu Set að verkefnum í landeldinu og fyrirtækið býi að mjög sterkum birgjum með hliðarvörur fyrir landeldissviðið.

„Áralengt samstarf Set ehf. og Set Pipes GmbH við þýska fyrirtækið Simona AG sem framleiðir plaströr, tengi og plastplötur til sérsmiða, hefur leitt af sér samvinnu við Stadpipe AS í Noregi. Fyrirtækið hefur langa reynslu af tæknilegum úrlausnarefnum í fiskeldi. Einnig má nefna annan samstarfsaðila Set, svissneska

fyrirtækið George Fischer sem býður, auk plasttengistykkja af ýmsum gerðum, svokallaðan Signet búnað sem komið er upp þar sem mæla þarf flæði, þrýsting, hitastig, súrefnismettun, vatnshæð, klórinnihald, leiðni, PH gildi, ORP o.fl. Signet kerfið frá GF hefur ákveðna sérstöðu á þessu sviði en með búnaðinum er hægt að fá sendi og stýringar til að tengjast iðnstýringum sem stjórna lagnakerfunum,” segir Örn.

Tæknileg geta

Sérsmiðadeild Set framleiðir brunna, skiljur, tanka og tengihluti til ýmissa nota, m.a. fullbúna þurrðælutanka með öllum búnaði sem til þarf við stýringu á dælum og lokum. Með kaupum á fyrirtækinu Dælum og þjónustu á síðasta ári hefur Set öðlast enn meiri tæknilega getu við samþættingu allra þátta við hönnun og smíði dælubrunna og val og uppsetningu á dælum, lokum og stýringum. Auk sérsmiðadeildar Set starfrækir Set fullkomna vél-



■ Örn Einarsson stýrir sölu og tæknisviði Set.

koma að flóknari smíði búnaðar fyrir fiskeldi.

„Við eigum gott samstarf við fjölmarga aðila á öllum sviðum veitumarkaðarins en okkur er jafnframt ljóst að framleiðsluvörur okkar eiga fullt erindi í landeldið. Ef öflugar framleiðslulínur eru teknar út fyrir sviga þá hefur það komið æ betur í ljós hversu mikil samlegðaráhrif og styrkur felst í samhæfingu stöðdeilda okkar; viðskiptaþróunar- og tæknideildar, plast-sérsmiðadeildar, vél-tæknideildar og útþjónustu. Við hjá Set munum kynna vörur okkar og þjónustu á sýningunni Sjávarútvegur 2022,” segir Örn að lokum.

set.is

smíðadeild sem hefur haft með höndum verkefni við smíði framleiðslutækja og búnaðar en deildin hefur á að skipa mikilli smíðagetu bæði í málm og plasti. Þannig er Set einnig í stakk búíð að

Við verðum á sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll dagana 21. til 23. september

Hlökkum til að sjá ykkur






































Ný fiskvinnsluvél Vélfags á sér hvergi hliðstæðu í heiminum



Á sýningunni Sjávarútvegur 2022 í Laugar-
dalshöll mun Vélfag ehf. svipta hulunni af
glænýrri fiskvinnsluvél sem ber heitið
UNO. „Þessi vél er langstærsta framfara-
skref í framleiðslu fiskvinnsluvéla Vélfags
frá upphafi. Með UNO lausninni kynnum
við nýja nálgun og tækni sem er frá-
brugðin því sem áður hefur verið gert í
fiskvinnslu. Allar prófanir á UNO hafa verið
mjög uppörvandi hvað varðar afköst og
nýtingu. Við erum sannfærð um að hér er á
ferðinni tækniskref sem muni breyta
fiskvinnslunni, bæði á landi og á sjó,”
segja þau Ólöf Ýr Lárusdóttir og Bjarni
Sigurgarðarsson, stofnendur og stjórn-
endur Vélfags ehf. Um er að ræða vél sem í
sama vinnsluferli hausar bolfisk, sker
hliðarafurðir úr hausnum, flakar fiskinn,
sker beingarðinn úr fiskinum, roðrífur
bæði flök og beinagarða og sker flakið –
allt í sömu vélinni og í eina og sama
vinnsluferlinu.

Hausun, flökun, roðdráttur og beingarðs- skurður í einni vél

Hugmyndin að baki vélinni segja Bjarni og
Ólöf að hafi kviknað fyrir mörgum árum og
sé byggð á reynslu og þekkingu sem Vélfag
hafi byggt upp frá því fyrirtækið var stofnað
fyrir 27 árum. Frumprófanir á beinskurðin-
um hófust 2015 en það var síðan í kjölfar
samstarfs við Gjögur hf. á Grenivík og síðar
stuðnings Tæknipróunarsjóðs við verkefnið
sem það fékk byr undir báða vængi. Þróun
vélarinnar hefur staðið yfir af krafti allt síð-
asta ár og enn frekari kraftur var settur í
verkefnið eftir að nýr meðeigandi kom að
Vélfagi ehf. fyrr á þessu ári. Áætluð afhend-
ing fyrstu UNO vélanna er á fjórða ársfjórð-
ungi 2023.

Beingarður skorinn samhliða flökun

Stærsta tæknibyltingin sem Vélfag kemur
fram með í UNO er að beingarðar verða þar
skornir úr óflökuðum fiski. Þetta verður
framkvæmt í einu og sama vinnsluferli



■ Bjarni Sigurgarðarsson og Ólöf Ýr Lárusdóttir, stofnendur og stjórnendur Vélfags ehf.

ásamt hausun og flökun með nýrri nálgun
og tækni sem Vélfag hefur sótt um einka-
leyfi á.

„Aðferðin við beinaskurðinn er tækni-
lega séð hjartað í UNO og grundvallar-
breyting frá því sem fiskvinnslan notar í
dag. Í dag er beingarður skorinn eftir að
flakið er búið að fara í gegnum flökun og
roðdrátt. Í þeim ferlum vilja beinin aflagast
og þá getur beinagarðsskurðurinn orðið
mun ónákvæmari og nýting verri. Í hausun
og beingarðsskurði í UNO vélinni er fiskur-
inn hins vegar vel skorðaður og aðferðin
skilar töluvert nákvæmari skurði og nýtingu
enda skorið fyrir beinagarðinum inn í heil-
an fiskinn,” útskýrir Bjarni.

Annar stór þáttur í nýju vélinni er haus-

unin. Bjarni leggur áherslu á að þar, með
sama hætti og í flökuninni og beingarðs-
skurðinum, skipti máli að fiskurinn er vel
skorðaður og það skili mun nákvæmari
hausun og meiri nýtingu. Því til viðbótar
verður líka mikill kostur að geta samhliða
skorið hliðarafurðir úr hausnum, t.d. gellur,
kinnar og jafnvel augu. Allt eru þetta verð-
mæti í dag og verða enn verðmætari af-
urðir í framtíðinni. Sama er að segja um
roðreginn beinagarðinn, roðið og fisk-
dálkin.

„Önnur bylting í UNO er að í henni sam-
einast í eitt og sama vinnsluferli hausari,
flökunarvél, beinaskurður og roðdráttarvél
í eina netta samstæðu og bara það atriði
er grundvallarbreyting frá því sem fisk-

vinnslurnar byggja á í dag. Þetta sparar
bæði starfsfólk og rými í vinnslunum,
styttrir verulega þá leið sem fiskurinn þarf
að fara í vinnslunni, auðveldara er að halda
kælingu á fiskinum í gegnum vinnsluferlið,
fiskurinn verður fyrir minna hnaski í
vinnsluferlinu, vatnsnotkun og orkunotkun
minnkar ásamt tilheyrandi sótspori,” segja
þau Bjarni og Ólöf.

UNO lausnin færir vinnslunum mikil tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar

Líkt og fyrr segir mun Vélfag í fyrsta sinn á
sýningunni í Laugardalshöll kynna við-
skiptavinum og almennings hvers er að
vænta í þessari nýju og áhugaverðu fisk-
vinnsluvél fyrirtækisins þar sem segja má
að besta tækni fiskvinnsluvéla fyrirtækisins
í dag sé sameinuð í einu tæki ásamt alveg
nýrri aðferðarfræði við beingarðsskurðinn,
hausun og vinnslu hliðarafurða. Þau Bjarni
og Ólöf reikna með að fyrstu UNO vélarnar
verði afgreiddar eftir um eitt ár.

„Með tilkomu UNO verða mikil tækifæri
til afurðavinnslu eftir flökun. Viðskiptavinir
Vélfags munu þar fá mjög mikla fram-
leiðslumöguleika út úr einni og sömu vél-
inni, spara rými í vinnslunum, draga úr
mannaflopp og fá meira út úr fjárfestingu
í vinnslubúnaði. Ávinningur fyrir vinnslurnar
er því margbættur,” segja Bjarni og Ólöf.
„UNO opnar dyr til að vinna bolfisk í verð-
mætari söluvöru nær uppruninum með
mun hagkvæmari aðferð. Vinnslur sem
glíma við skort á vel þjálfuðu starfsfólki í
frumvinnslu fá þannig öflugt vopn í hendur
til að vaxa og dafna og skapa verðmætari
störf með verðmætara hráefni.”

Aðspurð um áhuga fiskvinnslu á nýju
vélinni á markaðnum segjast þau ekki í
vafa um að margir bíði spenntir. „Þeir sem
hafa fengið upplýsingar hingað til um hvað
við erum að þróa, sýna vélinni mjög mikinn
áhuga og sjá strax tækifærin. Hún mun
nýtast bæði landvinnslum og vinnsluskip-
um, stórum fyrirtækjum og smáum. Við
sjáum fyrir okkur að UNO muni ekki sist
opna mikil tækifæri fyrir litlu vinnslurnar til
að þróa sínar afurðir með vél sem er bæði
viðráðanleg í stærð og sem fjárfesting. Við
hlökkum því til að kynna UNO fyrir fisk-
vinnslunni bæði hérlendis og erlendis.”


velfag.com



■ Hús Vélfags við Baldursnes á Akureyri.

uno

ONE SOLUTION



Vélfag ehf. // Baldursnes 2 // 603 Akureyri
ICELAND // 466 2635 // sales@velfag.com

velfag.com

RUBIX í örurum vexti á Íslandi



RUBIX á Íslandi er hluti af RUBIX-GROUP sem er með um 9000 starfsmenn í Evrópu og starfar í 25 löndum. RUBIX hefur starfað hér á landi frá árinu 2007, í byrjun undir nafninu Brammer en síðan undir eigin nafni. Önnur tveggja starfsstöðva RUBIX er í Kópavogi þar sem eru skrifstofa, vöruhús og verkstæði en hin á Reyðarfirði og veitir hún Alcoa Fjarðaáli sérsniðna og víðtæka þjónustu á sviði vöruhúsa og aðfanga vegna varahluta og rekstrarvara. Í dag starfa um 40 manns hjá RUBIX á Íslandi en nýjasti áfangi í eflingu fyrirtækisins eru kaup RUBIX á Verkfærasölunni fyrir á þessu ári. Fyrirtækin verða rekin hvort í sínu lagi áfram en koma til með að hafa náið samstarf. Bæði fyrirtækin taka þátt í sýningunni Sjávarútvegur 2022 í Laugardalshöll.

Mikið vöruúrval og tækifæri

„Í upphafi var aðal áhersla RUBIX



■ Jóhann Eðvald Benediktsson, framkvæmdastjóri RUBIX á Íslandi.

hér á landi á þjónustu við stóriðjuna og tengdan iðnað en síðustu ár höfum við í vaxandi mæli horft til fleiri greina, þar á meðal til

sjávarútvegsins,” segir Jóhann Eðvald Benediktsson, framkvæmdastjóri RUBIX.

Vöruúrval og þjónusta fyrir-

tækisins spannar mjög vítt svið. RUBIX selur vörur fyrir málm og vélsmíði, legur, mótora og drifbúnað, loft- og vökvabúnað, verk-

færi, vinnufatnað, öryggisfatnað og öryggisvörur, smurefni, efnavörur, festingar, stiga, vinnupalla, suðuvörur og margt fleira.

JRC

SIMRAD
By KONGSBERG

75
YEARS 1947-2022

KONGSBERG

NORTHROP GRUMMAN

Sperry Marine

JOTRON

Framúrskarandi fyrirtæki

Stillanlegur Skjáveggur

ICELAND FISHING EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022

Askalind 2
201 Kópavogur

Simberg

www.simberg.is
simberg@simberg.is

Sími: 414-4414

„Flóran hjá okkur er því mjög mikil og við höfum verið í stöðugum vexti um margra ára skeið,” segir Jóhann en velta RUBIX á Íslandi nam um 3 milljörðum króna í fyrra.

„Ég sé mikil tækifæri almennt fyrir okkur í atvinnulífinu á Íslandi, ekki síður í sjávarútvegi en öðrum greinum. Það á við um bæði skipin og útgerðina, sem og landvinnslufyrirtækin. Vöruúrval okkar er mikið og til að veita enn betri þjónustu höfum við þróað vefviðmót fyrir pantanir sem henta t.d. vélstjórum í skipum úti á sjó mjög vel. Pantanirnar eru þá tilbúnar þegar skipin koma til hafnar. Við erum með stóran vörulager í Kópavogi til að geta tryggt viðskiptavinum sem stystan afgreiðslutíma á vörum,” segir Jóhann.



■ Við Dalveg í Kópavogi er önnur tveggja starfsstöðva RUBIX hér á landi. Hin er á Reyðarfirði.



■ Með kaupum á Verkfærasölnni eflist starfsemi RUBIX enn frekar.

Kaup á Verkfærasölnni liður í vexti

Kaup RUBIX á Verkfærasölnni nú í vor segir Jóhann að styrki bæði fyrirtækin og séu liður í vexti RUBIX á markaði hér á landi.

„Með Verkfærasölnni fáum við mikla samlegð og aukum vöruframboð og þekkingu. Starfsemi fyrirtækjanna og vöruframboð falla mjög vel saman. Verkfærasalan hefur gífurlega reynslu í sölu verkfæra sem við höfum ekki verið mikið í en RUBIX er aftur á móti mun sterkara á sviðum sem Verkfærasalan hefur ekki starfað á. Markmiðið er að reka fyrirtækin áfram hvort í sinu lagi og byggja á þeirra styrkleikum. Hjá báðum fyrirtækjum sjáum við mikla aukningu í ár og ég er þess vegna mjög bjartsýnn á nánustu framtíð enda mikil gróska í íslensku atvinnulífi nú um stundir,” segir Jóhann.

rubix.is

VOGIR

Eltak sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjóðum **MESTA** úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is



Römm er sú taug

Það var árið 1926, á Suðureyri við Súgandafjörð, sem 66°Norður hóf að framleiða sjóklæði. Við erum stolt af því að geta enn í dag auðveldað íslenskum sjómönnum og fiskverkunarfólki verkin.

Sjó- og vinnufatnaður er faánlegur í verslun 66°Norður Miðhrauni 11 og hjá fyrirtækjasviði 66°Norður í síma 535-6660 eða í netfanginu soludeild@66north.is

66north.is



■ Fiskeldi vex hratt á Íslandi um þessar mundir og þeirri þróun fylgir Ísfell eftir af krafti með búaði fyrir fiskeldisfyrirtækin og þvotti á fiskeldispokum.



■ Sjófátnaður er meðal þeirra vara sem Ísfell selur.

Víðtæk þjónusta við sjávarútveg og fiskeldi

ÞJÓNUSTA

Ísfell er leiðandi fyrirtæki í hönnun, sölu og þjónustu á útgerðar-, fiskeldis- og iðnaðarlausnum. Fyrirtækið var stofnað í febrúar 1992 af Péttri Björnssyni, Hólmsteini Björnssyni, Páli Gestssyni og Jóni Leóssyni. Sá síðastnefndi hvarf fljótlega úr hópnun. Upphaflega voru starfsmenn 3 og starfsemin fólst í innflutningi á veiðarfærum og efnunum til veiðarfæragerðar. Hólmsteinn stýrði félaginu fyrstu 19 árin, Páll var sölustjóri allt til ársins 2004 þegar hann lét af störfum 78 ára að aldri. Pétur varð formaður stjórnar og hefur verið það síðan. Guðbjartur Þórarinsson hefur sinnt starfi framkvæmdarstjóra Ísfells frá árinu 2018.

Þjónustunet um allt land

Fyrirtækið rekur átta þjónustu- og framleiðslueiningar um land allt; í Hafnarfirði, Þorlákshöfn, Sauðárkróki, Húsavík, Akureyri, Ólafsfirði og í Vestmannaeyjum. Þar er í boði útgerðarvörur til togveiða, netaveiða, línu- og krókaveiða, dragnótaveiða eða nótaveiða. Einnig hífi- og festingabúnaður, ýmsar rekstrarvörur og allar björgunarförur. Lögð er mikil áhersla á þjónustu í heimabyggð og afgreiðslu samdægurs á vörurvali Ísfells. Ísfell leggur áherslu að til-einka sér fljótt allar nýjungar í hönnun veiðarfæra með það fyrir augum að gera þau létt í drætti, sterkbyggð með góða endingu og hámarka veiðigetu skipa. Veiðarfærin er hægt að fá aðlögð fyrir hvert skip eftir vélastærð og togkrafti.

Búnaður og pokaþvottur fyrir fiskeldi

Ísfell hannar og selur í samstarfi við Selstað allar gerðir fiskeldispoka, fuglaneta og kastnætur að óskum og þörfum kaupanda. Vörur frá Ísfelli og birgjum uppfylla staðalinn NS9415 sem lagður er á fiskeldisframleiðendur. Árið 2019 reisti Ísfell eina fullkomnustu þjónustustöð á landinu með öllum þeim búnaði sem þarf til að sinna viðhaldi og viðgerðum á fiskeldisbúnaði. Fyrirtækið tekur við fiskeldispokum þegar þeir eru búnir að vera í sjónum í eitt og hálf ár. Pokarnir eru þvegnir í stórrí þvottavél og sótthreinsaðir, netin og íhlutir yfirfarnir, framkvæmd eru styrkleikapróf og gert við pokana ef þörf þykir. Móguleiki er á böðun með sæfivörnum og húðun til að verja net og lengja líftíma. Að lokum þurrkar Ísfell



■ Hönnun, framleiðsla, sala og þjónusta við veiðarfæri er snar þáttur í starfsemi Ísfells.

Texti: Erna Kristjánsdóttir
markaðsstjóri Ísfells.



pokann og þakkar fyrir flutning eða geymslu fyrir áframhaldandi notkun.

Sérhæfing í öryggisbúnaði

Sterk öryggisvitund hefur verið að festast í sessi hjá útgerðum og fyrirtækjum hérlendis. Ísfell vinnur markvisst að því að draga úr áhættu við vinnu í sjávarútvegi og í starfsumhverfi viðskiptavina. Það gerir fyrirtækið á eftirfarandi hátt:

■ Öryggi á sjó er eitt það fyrsta sem allir sjófarendur þurfa að huga að áður en haldið er af stað í siglingar. Ísfell er í samstarfi við skoðunarstöðvar á björgunarbúnaði víðsvegar um landið. Allar skoðunarstöðvar eru viðurkenndar af Siglingamálastofnun og framleiðendum á viðkomandi björgunarbúnaði. Ísfell er með mikið úrval af björgunarbúnaði fyrir sjófarendur og hafnir: Bjarghring og fylgihluti, björgunar- og flotbúninga, björgunarbáta, björgunarbelti, björgunarnet, björgunarvesti, flugelda, vinnu og MOB báta og öryggishjálma.

■ Ísfell er eina fyrirtækið á Íslandi sem er meðlimur að LEEA (Lifting Equipment Engineers Association). LEEA eru alþjóðasamtök lyftitækni greina, sem starfa á heimsvísu og eru leiðandi samtök hvað varðar alla starfsemi fyrirtækja sem nota og framleiða hífibúnað. Ísfell sérhæfir sig í sölu á hífi- og fallvarnarbúnað og hefur leyfi til þess að skoða búnað sem skylt er að gera a.m.k. einu sinni á ári. Með

aukinni öryggismenningu er orðið sífellt algengara að fyrirtæki sendi starfsmenn sína á hífi- og fallvarnar námskeið hjá Ísfelli, þar sem farið er yfir notkun og meðhöndlun slíks búnaðar. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að minnka slyshættu með rétttri meðhöndlun búnaðar og að búnaður endist sem lengst. Að loknu námskeiði, eftir að hafa sýnt fram á þekkingu sína á námsefninu gefur Ísfelli út viðurkenningarskírteini um viðkomandi hafi tekið námskeið hjá fyrirtækinu með fullnægjandi árangri.

Þjónusta fyrirtækisins markast helst af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og framúrskarandi hópi starfsfólks með víðtæka þekkingu á sviði veiðafæra, rekstrarvara og öryggismála. Við framleiðslu notar Ísfell há-gæða hráefni frá þekktum framleiðendum.

isfell.is

ER
 EINHVER NÁLEGUR AÐ
 HLUSTA Á ÞIG?

Rás 16 er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin.
 Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.



SAMGÖNGU- OG
 SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ
 Siglingaráð

Samgöngustofa 



■ Nýopnað þjónustuútibú Motul er að Nesbraut 10 á Reyðarfirði.

Þjónustuútibú Motul á Íslandi opnað á Reyðarfirði

„Með opnun þjónustuútibús á Reyðarfirði og ráðningu á þjónustustjóra í fullt starf er markmið okkar að styrkja verulega þjónustu Motul á Íslandi við allt atvinnulíf á svæðinu og ekki síst horfum við til sjávarútvegsins. Motul smurvörurnar eiga mikið erindi í sjávarútveginn, bæði í

skipin og landvinnslufyrirtækin,“ segir Birkir Sigurðsson, framkvæmdastjóri Motul á Íslandi en fyrirtækið opnaði fyrir skömmu þjónustuútibú og verslun á Reyðarfirði. Þetta er fyrsta útibú fyrirtækisins utan höfuðstöðva þess sem eru á Akureyri.


Motul á Íslandi hefur á liðnum áratug byggt upp sölu- og þjónustu á smurvörum frá franska fyrirtækinu Motul hér á landi. Á heimsvísu er Motul mjög þekktur framleiðandi á smurvörum hvers konar enda hefur fyrirtækið starfað í 170 ár en það hóf raunar starfsemi sína í Bandaríkjunum. Áhugavert er í þessu sambandi að nefna að fyrstu olíur Motul voru framleiddar úr hvalalýsi.

Birkir segir Motul sérhæft í framleiðslu á smurvörum og byggir framleiðslan á ströngum kröfum um gæði og vottanir.

„Markmiðið okkar á Austurlandi er það sama og við leggjum áherslu á um allt land, þ.e. öflug þjónustu við verkstæði, verktaka, bændur og sjávarútveg. Við státum af háu þjónustustigi og verðum t.d. með góðan vörlager á Reyðarfirði til að tryggja viðskiptavinum hraða afgreiðslu á vörum,“ segir Birkir.

„Þegar kemur að sérhæfðum kröfum viðskiptavina þá stöndum við sterkt að vígi og það á við um grein eins og sjávarútveginn. Sem dæmi um slíkt eru smurvörur sem eru viðurkenndar og vottaðar fyrir matvælaframleiðslu eins og landvinnslur. Annað dæmi er smurfeiti fyrir skipin sem er sérstaklega þolin fyrir álagi og seltu en að öðru leyti ná okkar smurvörur, olíur og hreinsivörur yfir allt véla- og tækjasviðið. Við höfum jafnt og þétt verið í sókn síðustu ár á markaði hér á landi og sjáum enn fleiri tækifæri í sjávarútvegi, á verktakasviðinu og fleiri sviðum atvinnulífsins. Útibúið á Austurlandi er liður í að treysta okkar starfsemi enn frekar í sessi,“ segir Birkir.

Þjónustuútibú Motul er að Nesbraut 10 á Reyðarfirði og því stýrir heimamaðurinn og Norðfirðingurinn Eiríkur Karl Bergsson.



Hjá S4S er auðvelt að versla vörur og fatnað fyrir starfsfólkið þitt á einfaldan hátt. Þjóðum upp á fjölbreytt úrval af skóm, fatnaði og vörum fyrir hverskyns útiveru og útivist, **eithvað sem hentar öllum!**

Gjafakort S4S, sem jafnframt nýtist sem **beiðnakort**, gildir í öllum verslunum S4S og **rennur aldrei út**. Þjóðum fyrirtækjum og stærri hópum góð kjör og getum sérsniðið kortin eins og fyrirtækinu hentar.

S4S er eitt stærsta smásölufyrirtæki landsins. Undir því eru **13 verslanir og 5 netverslanir**. Við reynum að vera framarlega í tæknijungum og þróun með þarfir viðskiptavina í forgangi.



Adolf Óskarsson
adolfo@s4s.is
660-1711



Jón Birgir Valsson
jonbirgir@s4s.is
699-0019

Hafðu samband, fáðu tilboð og við finnum saman lausnir fyrir þitt fyrirtæki.

AIR **ØCCO**
STEINAR WAAGE

ELLINGSEN
Skór.is

Kaupfélagið
Toppskórinn

SKECHERS
ELLINGSEN

RAFHIJÓLASETUR
ELLINGSEN



■ Olíur og aðrar Motul vörur eru fáanlegar í versluninni.


motulisland.is

MD VÉLAR

VAGNHÖFÐA 12, REYKJAVÍK | 5. 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | mdvelar.is



ICELAND FISHING
EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022



MITSUBISHI MARINE ENGINE

Partner for sales & services



WILLBRANDT
GUMMITEKNIK



Metraflex
for pipes in motion



Sole Diesel

Sérhæft verkstæði. Viðhald á vélum og búnaði.



Þekking | Reynsla | Þjónusta | Í rúm 30 ár

Stöðugar nýjungar í veiðarfær- nemum frá Marport



„Heimsfaraldurstíminn var áskorun fyrir okkur og hefur á vissan hátt breytt umhverfinu í okkar geira hér á norðurslóðum. Þó fyrirtækjum í þjónustu og framleiðslu rafeindabúnaðar hafi fækkað þá opnast okkur ný tækifæri. Eitt af því er að fylgja eftir mikilli þróun í upplýsingatækni í sjávarútvegsgreininni því okkar tæknibúnaður verður sífellt tengdari því sviði greinarinnar eftir því sem tækninni fleygir fram. Möguleikarnir á okkar sviði eru því miklir og spennandi í framtíðinni,“ segir Axel Óskarsson, verkfræðingur, hjá fyrirtækinu Marport sem framleiðir veiðarfærana og selur til útgerða á Íslandi og um allan heim.

Heimsfaraldurinn breytti heimsmyndinni
„Covid faraldurinn flýtti fyrir þróun á heimsvísu sem var fyrir séð en var ekki farin að banka á dyrnar áður en faraldurinn skall á. Hjá okkur í Marport birtist þetta í því að við erum núna komin með eigin útbú í sjö löndum og opnuðum tvær nýjar sölu- og þjónustuskrifstofur á Covid-tímanum, annars vegar í Suður-Afríku í febrúar 2020 og núna á vormánuðum í Peterhead í Bretlandi. Það að reka eigin skrifstofur er sú nálgun á heimsvísu sem hefur reynst okkur best því á þann hátt getum við best fylgt eftir þeirri sérhæfingu sem er í okkar framleiðslu og þjónustu við búnaðinn. Þar sem markaður er fyrir hendi og nægur grundvöllur til staðar borgar sig fyrir okkur að byggja upp eigin þjónustu til að vera nær viðskiptavinunum og fylgja eftir okkar þjónustu við þá. Við sjáum þessa þróun halda áfram þó við höfum ekki tekið ákvörðun um hvar við komum til með að opna næstu þjónustuskrifstofu,“ segir Axel.

Heimamarkaðurinn dýrmætur fyrir vöruþróunina


Í bás Marport á sýningunni Sjávarútvegur 2022 í Laugardalshöll geta gestir sýningarinnar fengið innsýn í þann fjölbáða nema-búnað sem Marport framleiðir fyrir sjávarútveg. Veiðarfærana fyrir tækisins hafa verið þróaðir á undanförunum árum í nánú samstarfi við útgerðarfyrirtæki og viðskiptavini fyrirtækisins hér á landi og á þann hátt segir Axel heimamarkaðinn mjög dýrmætan fyrir vöruþróun Marport. Hún leggi grunn að framleiðslu veiðarfærana og upplýsingakerfa fyrir veiðarfærana sem Marport síðan selur til viðskiptavina bæði hér á landi og um allan heim. Á sýningunni mun Marport m.a. kynna þrjár nýjar vörur í nýrri vörulínu undir merkinu Marport Pro, en vörulínan hefur verið í þróun sl. 5 ár og er hönnuð með kröfuhöfðustu viðskiptavini fyrirtækisins í huga.

Nýr og öflugur toghleranemi

„Við erum í stöðugri vöruþróun og meðal þess sem við munum kynna á sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll er svokallað „Marport Pro Door Explorer“ kerfi en þar er um að ræða toghleranema sem mælir fjarlægð milli hlera, veitir upplýsingar um halla, dýpi, sjávarhita, staðsetningu og sýnir auk þess hæð frá botni með endurvarpi. Þetta eru upplýsingar sem við vorum áður að fá frá tveimur toghleranemum en fáum þær nú frá einum nema og stóra byltingin



■ Axel Óskarsson, verkfræðingur hjá Marport.



■ Marport Pro Trident fyrir flottrollsveiðarnar í togaranum Svend C í sumar.

er hraði upplýsinganna upp í skipið og sú mikla upplausn á gögnunum sem skipstjórnarnir fá. Annað mjög stórt skref er að hver rafmagnshleðsla nemans endist í um 10 sólarhringa,“ segir Axel en þrjú „Door Explorer“ kerfi eru þegar komin í fiskiskip hér á landi og fyrsta tveggja trola útfærslan af því var á dögnum sett um borð í frystitogara Samherja, Snæfell EA.


Trident fyrir flottrollsveiðarnar

Önnur nýjung undir merkjum Marport Pro heitir Trident og er fjögurra geisla þráðlaust höfuðlínustykki sem Axel segir þróað fyrir flottrollsveiðar eða botnvörpur með mikilli höfuðlínuhæð.

„Þetta kerfi höfum við verið með í þróun síðustu þrjú ár og það hefur komið mjög vel út í prófunum. Kerfið gefur skipstjórnendum mjög skýra mynd af því hvernig lífmassi gengur inn í trollið, hvort hann kemur inn hægra megin eða vinstra megin, auk þess að sýna hvað er að gerast bæði fyrir ofan og neðan höfuðlínuna. Trident kerfið er þess vegna mjög góð viðbót við hefðbundnið sórnarkerfi í skipum og styrkir allar upplýsingar sem skipstjórnarmenn hafa aðgang að þegar trollið er dregið. Allt stuðlar þetta að markvissari og árangursríkari veiðum sem aftur skilar hagkvæmni,“ segir Axel en líkt og toghleraneminn hefur



■ Nýja heimahöfnin, Marport Pro Dock, mun gefa skipstjóra og útgerð meiri yfirsýn yfir stærri og öflugri nemakerfi.



■ „Marport Pro Door Explorer sýnir hæð frá botni ásamt endurvarpi.“

höfuðlínustykkið mjög mikla rafhlöðuendingu, allt að 96 klukkustundir. „Við trúum því að þessi nýjung muni sanna sig fyrir öll uppsjávarskip því hver klukkutími sem nýttist betur skilar miklu fyrir útgerðina.“

Ný heimahöfn fyrir nemana

Þriðja nýjungin sem Marport hefur þróað og kynni á sýningunni er Marport Pro Dock – heimahöfn, sem er nokkurs konar snjöll tengikví fyrir hleðslu veiðarfærana en nú verður í gegnum hana hægt að forrita og sækja ýmsar upplýsingar beint í nemana, auk þess sem nemarnir gefa í heimahöfninni til kynna ef eitthvað þarfnast lagfæringar.

„Þessu má t.d. líkja við aðvörunarljós í

bílum sem allir þekkja. Þetta tryggir bæði öryggi í rekstri nemanna og hámarks afköst, sem að sjálfsögðu er krafa notendanna,“ segir Axel og í þessu sambandi nefnir hann að Marport vinni nú einnig að þróun vefgáttar sem geri notendum enn auðveldara að fylgjast með ástandi og viðhaldi sinna nemakerfa.

„Nýja heimahöfnin opnar okkur möguleika á að þróa aðgengi að mun meiri upplýsingum úr nemunum en mögulegt er að sækja þráðlaust og þau gögn geta nýst skipstjórnendum og útgerðum á margvíslegan hátt í þeirra upplýsingakerfum,“ segir Axel.



PIONEERS IN *HIGH-QUALITY* HIGHLY-INSULATED FISH CONTAINERS

PROTECTING FRESHNESS AND QUALITY FOR DECADES

MADE IN ICELAND

Borgarplast.is/en
borgarplast@borgarplast.is

BORGARPLAST
SINCE 1971

Í mörgu að snúast hjá Beiti í Vogunum



Það er í nógu að snúast hjá fyrirtækinu Beiti í Vogum á Vatnsleysuströnd. Framundan eru sjávarútvegssýningar í Laugar-dalshöll og í grænlenka bænum Ilulisat. Beitir smíðar margvíslegan búnað fyrir veiðar og vinnslu. Þekktust eru línukerfin, sem nú fara einkum til Kanada og síðan netakerfi sem framleidd eru fyrir íslenskan og norskan markað. Einnig hefur Beiti smíðað vinnslubúnað fyrir fiskvinnslu og laxaslátrun.

Hafsteinn Ólafsson rekur fyrirtækið ásamt þóru eiginkonu sinni og hefur leiðin legið nær stöðugt upp á við síðan Hafsteinn byrjaði að smíða í skúrnum hjá sér fyrir margt löngu.

„Við höfum verið mikið í því núna að smíða netabúnað fyrir smáa og stóra báta, bæði hér heima og í Noregi. Við erum að láta steypa fyrir okkur fjórar



■ Hafsteinn Ólafsson í Beiti segist geta smíðað nánast hvað sem er af búnaði fyrir veiðar og vinnslu.

ECA VATN

BYLTING Í MATVÆLAIDNAÐI

Nú geta allir framleitt sitt sóttreinsi- og þvottaefni á staðnum eftir þörfum.

Ísblik býður framleiðslubúnað fyrir ECA vatn í mörgum stærðum, allt frá handhægum einingum fyrir heimilið upp í einingar sem þjóna geta stærstu matvæla-fyrirtækjum og fiskiskipum.

Með því að framleiða ECA vatn á staðnum má losa sig við kemísk efni og umbúðir sem þarf að farga.

Fjöldi klínískra rannsókna og vottana staðfesta virkni og öryggi ECA vatns.

Minkaðu kolefnisspor þinnar starfsemi og gakktu í lið með náttúrunni.

Það er öllum til hagsbóta.

Ísblik ehf. | www.isblik.is | 537 3331 | isblik@isblik.is



gerðir af netaskífum til að geta átt og þjónustað alla flórana. Við smíðuðum meðal annars netakerfi í stóra bátinn Jökul, sem er frá Húsavík og svo allt niður í þessa litlu. Þar orðið smá afturhald í línunni en vaxandi áhugi á netakerfunum,” segir Hafsteinn.

Þungt í vöfum

Útflutningur á línukerfum fyrir smábáta í Kanada vegur þungt í framleiðslu Beitis. Hafsteinn segir að þetta sé þungt í vöfum vegna kerfisins í Kanada. Útgerðarmenn þar sækja um styrki til hins opinbera til að fjármagna kaupin og til að fá þá verði þeir að sýna að þeir séu alvöru sjómenn, ekki einhverjir hobbýkarlar. Þetta geti svo tekið tíma í kerfinu. Nú liggja fyrir fjórar pantanir á línukerfum undirskrifaðar með fyrirvara um styrkveitingu. Það séu miklar fyrirspurnir þaðan en hlutirnir gangi afar hægt fyrir sig.

„Það er ýmislegt í gangi en ekki frágengið. Við erum í vandræðum við stóran erlendan aðila sem er áhugasamur um samvinnu við okkur um framleiðslu á heilu vinnslulínunum fyrir laxaslátrun og fiskvinnslu. Maður skoðar allt sem kemur á borðið en það er ekkert frágengið í þessu máli,” segir Hafsteinn. „Það gæti orðið mikil breyting ef þetta gengur eftir.“

Aðspurður segist Hafsteinn geta smíðað nánast hvað sem er í búnaði fyrir veiðar og vinnslu. Þetta sé allt hannað og smíðað af mönnum og hægt sé að verða við óskum viðskiptavina í langflestum tilfellum.

Tvær sýningar framundan

„Við verðum auðvitað á Sjávarútvegi 2022 í Laugardalshöll. Hún hefur reynst okkur vel og við áttum svakaleg flotta sýningu þar



■ Línukerfi í bátnum Midnight Star á Nýfundnalandi.



■ Netakerfi komið í bát. Töluverð eftirspurn er nú eftir slíkum kerfum.

síðast. Það hafði ekki lengi náðst svona góður árangur á sýningu hér heima. Það versta er að við gætum lent í vandræðum með

hluti til að sýna því öll framleiðsla er rífin af okkur jafnóðum. Við erum svo í framhaldinu að fara á sýningu í grænenska bænum Ilul-


issat 11. til 13. október og erum búin að selja nánast allan búnaðinn sem við förum með á sýninguna en við höfum verið að smíða

hrognavinnslubúnað fyrir Grænlandinga,” segir Hafsteinn.

beiti.is

Að sjá verðmæti...

Þar sem aðrir sjá þau ekki er einn dýrmætasti hæfileiki sem fólk býr yfir. Okkar hlutverk er að auðvelda þeim sem hafa þennan hæfileika að þroska og framkvæma hugmyndir sínar, samfélaginu öllu til hagsbóta.



Matís er öflugt þekkingarfyrtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsókn-, þjónustu- og nýsköpunarstarfi í matvæla- og líftækniöðnaði // www.matis.is



VOGIR

Eltak sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjóðum **MESTA** úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is

Nýjasta tækni verði nýtt til að stórauka eftirlit Fiskistofu

Rætt við Ögmund Knútsson, fiskistofustjóra, í tilefni af 30 ára afmæli stofnunarinnar

Fiskistofa fagnar 30 ára afmæli á þessu ári en tilkoma hennar árið 1992 markaði upphaf heildstæðrar feiskveiðistjórnunar, gagnaskráningar, kvótastýringar og eftirlits með fiskveiðum í einni og sömu stofnuninni. Í Fiskistofu voru sameinuð verkefni sem áður höfðu verið í sjávarútvegsráðuneytinu, Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnun og Ríkismati sjávarafurða. Eftirlitshlutverkið er og hefur alla tíð verið kjarninn í starfsemi Fiskistofu og segir Ögmundur Knútsson, fiskistofustjóri, að mikil tækifæri séu til að nýta tækniþróun samtímans til að auka skilvirkni í eftirliti og þjónustu stofnunarinnar.

Þríþætt hlutverk

„Okkar hlutverk má segja að sé þríþætt, þ.e. að annast framkvæmd laga um stjórn fiskiveiða, hafa eftirlit með fiskveiðum, veita sjávarútvegsgreininni þjónustu og vinna upplýsingar fyrir greinina, opinbera aðila, hagaðila, fjölmiðla og aðra. Kjarninn í okkar starfsemi er sá sami og lagt var upp með fyrir 30 árum en á þessum tíma hefur sjávarútvegurinn hins vegar þróast mjög hratt og er í dag orðinn einn tæknivæddasti og fullkomnasti sjávarútvegur í heimi. Þessari breytingu hefur Fiskistofa ekki náð að fylgja nægjanlega eftir í sinni tækniþróun og við erum hvað það varðar í ákveðinni tækniskuld. Okkar markmið er að bæta úr á þessu sviði, nýta fjölbreytta möguleika sem eru til staðar í dag til að beita tækninni þannig að eftirlit okkar verði enn öflugra, skilvirkara og markvissara. Við höfum nú þegar stóraukið drónaefirlit með mjög góðum árangri og fyrir liggur heimild fyrir tilraunaverkefni til notkunar á myndavélum um borð í fiskiskipum. Ég tel ekkert vafamál að við verðum að taka upp nýja hugsun í eftirlitsstarfið því jafnvel þótt við tvöfölduðum eða jafnvel þrefölduðum núverandi eftirlitsstarf okkar þá yrði hlutfallið sem við komumst yfir af greininni í heild mjög lítið. Mitt mat er að meiri tækni í okkar eftirliti sé leiðin inn í framtíðina,“ segir Ögmundur.

Brottkast mun algengara en talið var

Fiskistofustjóri bendir á að til ný tækni á borð við dróna og myndavélar í skipum til eftirlits kalli á breytingu á lögum og reglugerðum um eftirlitsstarfið.

„Sem eftirlitsaðili þurfum við ekki margar myndavélar um borð í hverju skipi heldur er mikilvægt að við höfum eftirlit með áhættustöðunum um borð; þar sem er verið að taka aflann inn og þar sem fiskurinn getur farið út. Brottkast er bannað samkvæmt íslenskum lögum og það vilja allir koma böndum á þessi brot þar sem þau geta skaðað trúverðugleika sjávarútvegs á samkeppnismörkuðum. Skilvirk eftirlit er mjög mikilvægur grunnur að vottunum sem eru víða í sjávarútvegi, bæði hvað varðar veiðar og vinnslu. Þess vegna er það allra hagur að brottkastið sé upp-rætt,“ segir Ögmundur. Í þessu sambandi vísar hann til árangurs af notkun eftirlitsdróna en fyrir tíma þeirra voru kærúmal Fiskistofu vegna brottkasts 3-10 á ári en voru yfir 140 á fyrsta árinu sem drónar voru notaðir.

„Út frá þessum tölum sjáum við að brottkastið er mun útbreiddara en við töldum. Við höfum við átt gott samstarf við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi um þessi mál og útgerðir hafa aukið fræðslu til sjómanna því við höfum leiðir á borð við VS afla, reglur um að helmingur undirmálsfisks sé dreginn frá kvóta og fleiri leiðir til að komast hjá brottkasti. Það eru því úrræði til staðar og ég tel afar brýnt að út-



■ Ögmundur Knútsson, fiskistofustjóri.




■ Varðskipið Þór og eftirlitsmenn Fiskistofu á miðunum. Landshelgisgæslan og Fiskistofa eiga gott samstarf um eftirlit á miðunum.

gerðir meti og taki þátt í umræðum um hvort þessi úrræði eru að virka eða hvort breyta þurfi hvötunum til að vinna gegn brottkasti. Okkar tölfræði segir að um helmingur þeirra skipa og báta sem við fljúgum yfir með drónum er staðinn að brottkasti. Þetta er því augljóslega brýnt verkefni og heilt yfir finnum við ekki annað en útgerðir vilji vinna að þessu með okkur. Nú höfum við skýra lagastöð fyrir notkun dróna og sú tegund eftirlits kemur til með að aukast á komandi árum, jafnframt því sem við getum farið að lesa stöðugt betur út eftirlitsgögnunum hvort áhættan sé meiri á einstökum svæðum en öðrum, hvort brottkastið sé frekar stundað í ákveðnum stærðum báta og svo framvegis. Þannig þróast drónaefirlitið og ég bind vonir við að myndavélaeftirlit um borð í skipum muni með sama hætti eflast og þróast,“ segir Ögmundur.

Skynjar þrýsting á eftirlit með samþjöppun í sjávarútvegi

Mikil umræða er um samþjöppun í sjávarútvegi og að aflaheimildir séu að færast á



■ Á fyrsta heila árinu sem Fiskistofa notaði dróna til eftirlits fjölgaði brottkasts mála verulega. Þau voru yfir 140 það ár en höfðu fram að því verið að jafnaði 3-10 á ári.

of fáar hendur. Ögmundur viðurkennir að Fiskistofa finni fyrir auknum þrýstingi á auknið eftirlit samþjöppun aflaheimilda.

„Ákallið er að gripið sé inn í þegar um tengda aðila í viðskiptum er að ræða en lögin eru hins vegar skýr hvað það varðar að eignarhald þarf að vera 50% eða meira til að aðili teljist skyldur. Hér þarf þess vegna að koma til umræða af hálfu löggjafans um hvort lækka þurfi þessi mörk og þá lagabreytingu í framhaldinu til að Fiskistofa geti gripið inn í þessa þróun. Við fögnum því ef til kæmu fleiri eftirlitsúrræði á þessu sviði en til þess þurfa lögin að vera til staðar og endurspegla vilja löggjafans með skýrum hætti,“ segir Ögmundur.

Stafræn þróun, nýr vefur og sjálfvirkni í gagnagreiningum

Stöðugt er unnið að þróun í upplýsingavinnslu Fiskistofu og er af hennar hálfu lögð mikil áhersla á stafræna þróun nú um stundir. Ögmundur segir markvisst unnið með Stafrænu Íslandi, island.is, að þróun upplýsingamiðlunar og umsóknarkerfa, raf-ræns pósthólfs, kerfa til skráningar á afla

og ráðstöfun hans og fleira megi nefna. Nýr vefur Fiskistofu verður opnaður í haust og búið er að þróa mælaborð með upplýsingagjöf um fiskveiðar til að auka gagnsæi í sjávarútvegi á Íslandi en segja má að gagnsæi og rekjanleiki séu lykilhugtök í allri upplýsingavinnslu Fiskistofu.


„Framundan er margt mjög spennandi í þróun á öllum sviðum okkar starfsemi. Þróunin kallar á fjölbreyttari menntun og nýja fagþekkingu innan okkar raða, t.d. þekkingu á brottastarfsemi og rannsóknum á því sviði, svo eitt dæmi sé nefnt. Við erum með tölvunarfræðing á eftirlitssviði okkar sem er að þróa sjálfvirkar gagnagreiningar og ég sé líka fyrir mér auknið samstarf með öðrum stofnunum til að þróa gagnagreiningar og eftirlit með útflutningi afurða og tollamálum til að koma í veg fyrir möguleg skattsvik. Þannig mætti áfram telja. Sjálfvirkni og notkun greininga og áhættumats mun skila okkur markvissara og skilvirkara eftirliti í framtíðinni og til þess þurfum við bæði mannskap og sérhæfða þekkingu,“ segir Ögmundur Knútsson, fiskistofustjóri.



Markus Lifenet maður fyrir borð björgunarbúnaður

Markus Lifenet ehf. (Björgunarnetið Markús)

Er sérhæft í þróun og framleiðslu búnaðar til að bjarga fólki úr sjó. Meðal þekktra framleiðsluvara eru Markúsarnet og léttabátanet en einnig eru framleiddir þar neyðarstigar og kastlínur sem henta einkar vel um borð í smábátum.



Neyðarstigi í dekkbáta með allt að 1,8 m borðhæð sem haga má þannig að maður í sjó geti kippt stiganum niður og klifrað upp.



Markúsarnet

Fyrir allar tegundir skipa og báta

Léttabátanet / Veltinet


Er létt, auðvelt að festa og fljótlegt til björgunar, tekur lítið pláss og pakkast hratt og örugglega, leggst mjúklega utan um einstaklinginn og er einfalt í notkun.



Stök kastlína í kastpoka fyrir allar gerðir skipa og báta og til að hafa merðiferðis á ferðalögum.



Áreiðanlegar vélar frá Mitsubishi og Solé Diesel



ICELAND FISHING
EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022

„Stærsti einstaki þátturinn í okkar starfsemi og í þjónustu við sjávarútveg er umboðssala, varahluta- og viðhaldsþjónusta á aðal- og hjálparvélum frá Mitsubishi fyrir stærri skip. Fyrir smábáta og hraðfiskibáta erum við einnig með öflugan vélbúnað frá Solé Diesel. Hvort tveggja eru þetta merki sem hafa verið far-sæl í íslenskum sjávarútvegi,“ segir Kári Jónsson, rekstrarstjóri og annar eigenda MD Véla ehf., aðspurður um áherslur fyrirtækisins í þjónustu við sjávarútveginn.

Mitsubishi traustur valkostur fyrir varaaflið

Auk þess sem Mitsubishi vélar eru í notkun í íslenskum fiskiskipum hafa þær vinsælar sem varaafli í rafmagnsframleiðslu.

„Þar er t.d. um að ræða varaafli-stöðvar fyrir raforkufyrirtæki, gagnaver, sjúkrastofnanir, flugvelli, banka, fjarskiptafyrirtæki og slík lykilfyrirtæki og stofnanir í þjóðfélaginu. Fiskeldisfyrirtækin hafa líka verið í mikilli sókn í uppbyggingu varaafils enda mjög mikið í húfi þar ef truflun verður á rafmagni fyrir dælubúnað, fóður- og hreinsikerfi. Ég tel að ástæðan



■ Kári Jónsson, rekstrarstjóri og einn eigenda MD Véla ehf.

fyrir því að Mitsubishi vélar hafi náð sterkri stöðu í vali vélbúnaðar fyrir varaafli er hversu áreiðanlegar vélar eru,“ segir Kári.

MD Vélar þekkt fyrir góða þjónustu

Aðspurður segir Kári að góð þjónusta sé lykilþáttur að baki þeirri stöðu sem MD Vélar hafi í þjónustu við sjávarútveg og aðrar greinar atvinnulífsins. Flestar útgerðir landsins séu í viðskiptavinahópi fyrirtækisins.

„Við búum að góðu orðspori fyrir þjónustu á þessu sviði til fjölda ára, sérþekkingu og sérhæfðu verkstæði til að þjónusta bæði þessar dieselvélur, sem og annan vélbúnað hvort sem er á verkstæðinu eða á staðnum hjá viðskiptavininum. Við erum með stóran hóp góðra birgja og oft með áratuga samstarf að baki. Reynsla og þekking á þessu sviði er mikilvæg og að bregðast við þörfum viðskiptavina hvenær sem er sólarhringsins. Það kemur oft fyrir að við getum veitt þjónustu og ráðgjöf utan hefðbundins vinnutíma í gegnum símann,“ segir Kári.

Vöxtur í sölu þenslutengja

Á allra síðari árum hafa MD Vélar sótt fram í sölu þenslutengja hér

á
■ MD Vélar selja og þjónusta aðal- og hjálparvélar frá Mitsubishi.

landi. MD Vélar selja þenslutengi frá Willbrandt og Metraflex en Willbrandt hannar og framleiðir þenslutengi úr gúmmí, vef og stáli og er bæði með standard tengi en með verkfræðinga sem hanna eftir þörfum viðskiptavinarins.

„Við erum með góðan lager af algengustu gúmmítengjunum á lager,“ segir Kári. „Stál og vefur er aftur á móti framleitt eftir pöntunum. Við sjáum að í verkfræði- og lagnahönnun húsa er að verða æ algengara að nota þenslutengi í lagnakerfum. Ávinningurinn er margvíslegur; t.d. aukið öryggi í kerfunum gagnvart hreyfingu og spennu og hljóðlátari langakerfi. Þetta þjónustusvið er í sókn hjá okkur,“ segir Kári. „Nýjasta við-



■ Notkun þenslutengja fer stöðugt vaxandi. MD Vélar selja þenslutengi frá Willbrandt og Metraflex.

bótin hjá okkur eru tengi fyrir vatnsúðakerfi eða á aðrar lagnir þar sem getur verið mjög mikil hreyfing. Þessi tengi eru sérhönnuð fyrir jarðskjálftasvæði og henta því einstaklega vel fyrir íslenskan markað. Við erum með

Evrópuumboð fyrir þessi tengi og höfum því verið að selja bæði til innlendra og erlendra viðskiptavina.“

mdvelar.is

VOGIR

Eltak sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum





Þjóðum **MESTA** úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is



AFLANN Í ÖRUGGA HÖFN

faxafloahafnir.is

 [faxaports](#)

 [faxafloahafnir sf](#)



Faxafloahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



■ Ljóni punkturinn í úthlutun aflaheimilda nýs fiskveiðars er aukning ýskuvótans. Þorskvóti hefur nú verið skertur þrjú fiskveiðiar í röð.

Skerðing aflaheimilda kallar á viðbrögð útgerðanna

Niðurskurður á fiskveiðiheimildum setur svip sinn á nýhafid fiskveiðiar. Hann kemur illa við útgerðir landsins, en það að gripið yrði til niðurskurðar þorskaflaheimilda þriðja árið í röð kom mönnum ekki á óvart. Sjávarútvegsfyrirtækin munu bregðast við samdrætti með ýmsum hætti og eru að fara yfir hvaða leiðir séu fýsilegastar í þeim efnum. Einn af kostum greinarinnar er mikil aðlögunarhæfni og stöðug leit að nýjum verkefnum hefur sömuleiðis einkennt hana. Útgerðarstjórar sem Sóknarfæri talaði við eru sammála um að fiskveiðiárið verði strembið en kvíða því ekki að takast á við þær áskoranir sem staðið er frammi fyrir.

„Ég get ekki sagt að niðurskurðurinn núna hafi komið á óvart. Maður hefur fylgst með þessu lengi, frá ári til árs og þetta er í samræmi við fyrri niðurstöður. Niðurskurðurinn í þorski hafði í raun verið boðaður fyrir fram í endurmati á stofninum síðan 2020,“ segir Sverrir Haraldsson, sviðsstjóri botnfisks hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum, um niðurskurð á aflaheimildum fyrir nýhafid fiskveiðiar. „Það var fyrirsjáanlegt að aftur yrði skorið niður og ljóst að þessi samdráttur sem verður í veiði lykiltægunda, kemur sér illa fyrir okkur líkt og aðra í greininni.“

Sverrir segir að niðurskurður í þorskvóta sé óheppilegur fyrir Vinnslustöðina, fyrirtækið sé þó með fjölbreytta starfsemi, vinni bæði botn- og uppsjávarfisk. „Það er má segja skerðing í nánast öllum megintegundum botnfisks núna í ár fyrir utan ýsu, nokkrar aðrar tegundir eru undanskildar, s.s. langa, langlúra og keila en þær veiga ekki þungt í heildarveiðinni.“

Aðlaga starfsemina að nýjum veruleika
Sverrir segir að þorskvóti hafi verið skorinn niður frá árinu 2020, frá því ári og þar til nú

nemi niðurskurðurinn samanlagt 23%. „Öll þessi samanlagða skerðing í þorski hefur mikil áhrif á okkur eins og alla aðra í greininni. Við höfum verið að byggja okkur mikið upp á mörkuðum í Portúgal og á Spáni í söltuðum þorskaflum og þetta kemur beint niður á framleiðslu og sölu okkar þar. Við höfum þó verið að laga okkur að skertum afla undanfarin tvö ár og bjuggumst frekar við einhverri skerðingu núna eins og raunin er.“

Vinnslustöðin mun aðlaga starfsemi sína þeim veruleika sem við blasir varðandi úthald skipa og umfang fiskvinnslu. „Við leggjumst yfir þetta en höfum ekki tekið endanlega ákvarðanir um hvernig best er að mæta þessu. Við vorum með sumarstopp hjá okkur á liðnu sumri og má búast við að það verði líka næsta sumar og örugglega ekki styttra.“

Horfum vonandi til betri framtíðar

Sverrir segir varðandi þorskin að jákvætt sé að hrygningarstofninn sé stór og sama megi segja um veiðistofninn, þrátt fyrir lækkun undanfarinna ára. Langtímahorfur ættu því að vera góðar „og við verðum að horfa til þeirrar framtíðar þrátt fyrir erfiða tíma núna og hugsanlega á allra næstu árum.“

Vinnslustöðin hefur verið stór í karfaveiðum og þar segir Sverrir að sé mikill niðurskurður, samdráttur í kvóta allar götur frá árinu 2017. „Undanfarin fimm ár hefur karfi verið skorinn niður, bæði gullkarfi og djúpkarfi og þessi niðurskurður nemur um 50% af þeim kvóta sem var árið 2017. „Það er búið að skera niður helming þess karfa-kvóta sem var fyrir fimm árum og munar um minna. Útlitid er því miður ekki gott í þeim efnum, stofninn stefnir enn niður á við og þess ekki að vænta að aukning verði á



■ Birkir Hranar Hjálmarsson, útgerðarstjóri ís- og frystitogara hjá Brim.

næstu árum. Það boðar auðvitað ekki gott.“

Einnig er lækkun á ráðgjöf í fleiri tegundum og segir Sverrir að síld skipti Vinnslustöðina miklu máli, „en hún dregst saman og eru vonbrigði þar sem síldarstofninn hefur verið á uppleið.“ Þá nefnir hann að kvóti minnki í fleiri tegundum; ufsa, skötusel, þykkvalúru og fleiri tegundum þannig að heilt yfir sé staðan neikvæð.

Reyna að auka virði aflans

Sverrir segir að einu góðu fréttirnar sem skipti verulegu máli séu aukning í ýsu, eða um 23%. Ýsustofninn hefur verið á uppleið og virðist í góðu standi. „Þetta hjálpar okkur mikið þar sem erum með mikinn ýskuvóta



■ Sverrir Haraldsson, sviðsstjóri botnfisks hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum.

og hófum ýsvinnslu í Hafnarfirði á síðasta ári. Ýsan mun því veiga eitthvað á móti skerðingum í þorski og karfa en þó bara að hluta til. Styrkur okkar gagnvart skertum aflaheimildum er að samsetning okkar heimilda er fjölbreytt og það gefur okkur sveigjanleika. Það blasir samt sem áður við að svo mikil skerðing í svona mörgum tegundum hefur áhrif á bæði umfang fiskvinnslunnar og úthald skipanna,“ segir hann.

Mestu skipti að sögn Sverris að bregðast við niðurskurði með aðgerðum sem auki virði þess afla sem fyrirtækið hefur úr að spila. Vinnslustöðin sé í góðri stöðu til þess, þar sem öflug virðisbættja hafi verið byggð



upp, t.d. í Portúgal þar sem áframvinnsla fer fram og dreifing á markaði með fyrirtækinu Grupeixe sem Vinnslustöðin á. Uppbygging hafi einnig orðið víðar og skipti enn meira máli en áður.

Vissulega segir Sverrir að gagnrýna megi ýmislegt varðandi ráðgjöfina, en hún sé þó það eina sem við höfum til að byggja heildaraflann á. „Farsælast er að atvinnugreinin og vísindin vinni saman og það samstarf má auka verulega. Einnig er afar slæmt að vita sem er að hafrannsóknir hafa skerst vegna minna fjármagns til þeirra frá ríkinu og um leið erum við með þessar slæmu niðurstöður núna.“

Finum nýjar leiðir, önnur verkefni

„Þetta verður verulega stíft, það er ljóst. En við kvíðum því ekki. Það skiptast alltaf á skin og skúrir, sjávarútvegurinn er í öldudal núna sem við þurfum sigla upp úr. Það góða við greinina er að hún hefur mikla aðlögunarhæfni, sem hefur margoft sýnt sig. Við finnum nýjar leiðir, önnur verkefni og komumst einhvern veginn frá þessu,“ segir Birkir Hrannar Hjálmarsson útgerðarstjóri ís- og frystitogara hjá Brimi.

Niðurskurður á kvóta mun setja svip sinn á reksturinn á nýhðfna fiskveiðiári en Birkir Hrannar segir að enn séu menn að skoða hvernig bregðast skuli við. „Síðasta fiskveiðiár var okkur erfitt en þá var mikill nið-

urskurður í fjölda tegunda. Ef við tókum bara þorsk, ufsa, ýsu og karfa var niðurskurður í þeim tegundum samsvarandi aflu á einu skipi okkar,“ segir hann. Brugðið var á það ráð í ágúst í fyrra að leggja einu skipanna, Höfrungi AK-205. Utgerðarstjórinn segir að hvert skipa félagsins veiði að meðaltali yfir árið fyrir 3,2 til 3,5 milljarða króna. „Þannig að þetta var stór biti. Og ljóst að nýhafið fiskveiðiár verður þungt líka,“ segir hann og bætir við að niðurskurður aflaheimilda undanfarin þrjú fiskveiðiár nemi 50 til 60% yfir heildina sem vissulega komi niður á sjávarútvegsfyrirtækjunum.

Helmingur aflamarks í karfa horfinn

Birkir Hrannar nefnir að Brim hafi verið með þeim stærstu í veiðum á bæði djúp- og gullkarfa. „Hvað djúpkarfann varðar má segja að um helmingur af aflamarki í þeirri tegund hafi horfið en við vorum yfirleitt að veiða tæp 40% af aflanum. Það hefur líka verið skorið hressilega niður í gullkarfanum sem við voru líka stórir í. Hann er farinn að veiðast víðar en áður og mun örugglega verða útgerðum erfiður á komandi tíð því hann kemur mikið upp með öðrum tegundum; ýsu og ufsa.“

Á árunum 2013 til 2014 veiddu skip Brims 10–11 þúsund tonn af gullkarfa. Nú hefur um 25% af því magni verið skorið niður. „Þetta er umtalsverður niðurskurður og kemur illa við okkur,“ segir hann.

Vega og meta hvernig brugðist verður við

Birkir Hrannar segir að á móti þeim skuggahliðum sem niðurskurður á aflaheimildum er séu líka jákvæðar hliðar. Loðnuvertíð hafi gengið vel og skilað góðum tekjum og eins sé afurðaverð hátt um þessar mundir og ekki líklegt að það lækki í bráð. Þá hafi komið dágóð aukning í ýsukvóta sem mildi höggið þó hún vegi alls ekki að fullu upp annan niðurskurð. „Sjávarútvegurinn hefur mikla aðlögunarhæfni og við nýtum hana þegar á bjátar og leitum nýrra verkefna. Við erum enn að skoða, vega og meta hvernig brugðist verður við núna, það kemur ýmislegt til greina,“ segir hann.

Birkir Hrannar á ekki von á að heilt skip verði tekið úr rekstrinum nú, frekar að úthald þeirra fimm skipa sem Brim gerir út, verði styt, stoppað tímabundið eða tekið lengra sumarstopp en áður. „Það eru áskoranir fram undan í rekstrinum, erfið verkefni en við kvíðum því ekki að takast á við þau. Það finnst alltaf lausnir,“ segir hann.



VELDU ÖRYGGI, AFL OG ÁREIÐANLEIKA

Gæði, öryggi, hagkvæmni, ending og áreiðanleiki eru aðalsmerki Volvo atvinnutækja. Sérþekking og löng reynsla er meðal starfsmanna Veltis á Íslandi. Rekstraröryggi Volvo atvinnutækja skiptir máli og því leggjum við ríka áherslu á vel tækjum búið vélaverkstæði og að þar starfi vel þjálfaðir og öflugir fagmenn sem vilja að viðskiptavinir okkar nái framúrskarandi árangri eins og við. Volvo atvinnutækjasvið er einnig með sterkt net þjónustuaðila um land allt.

Hafðu samband í dag

Hafðu samband við sérfræðinga okkar varðandi Volvo Penta með því að hringja í síma 510 9100 eða sendu okkur fyrirspurn á volvopenta@veltir.is eða komdu til okkar í kaffi til að ræða málin í nýrri glæsilegri þjónustumiðstöð okkar að Hádegismóum 8. Hjá okkur starfar framúrskarandi teymi fagmanna sem búa yfir áratuga reynslu í söluráðgjöf og þjónustu við Volvo atvinnutæki.

**VOLVO
PENTA**

Volvo Penta á Íslandi
Hádegismóar 8
Sími 510 9100
Salah8@veltir.is

VELTIR

Yanmar veðjar á vetnið



ICELAND FISHING
EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022

„Orkuskipti í sjávarútvegi eru það sem allt snýst um í okkar heimi í dag og sú þróun sem við sjáum er afar spennandi,“ segir Hallgrímur Hallgrímsson, sölumaður hjá Marás, umboðsaðila Yanmar hér á landi. Það fyrirtæki vinnur nú að áhugaverðu verkefni í samvinnu við Toyota í Japan um smíði framdriftsbúnaðar fyrir skip sem knúinn verður með



■ Prófanabátur með vetniskerfi Yanmar á fullri ferð. Í sjávarútvegi er mikill áhugi á orkuskiptum og hröð þróun hjá framleiðendum vélbúnaðar.



■ Þessi 300kw efnarafall frá Yanmar umbreytir vetni og súrefni í rafmagn.

vetni. Búnaðurinn mun byggja á tækni sem Toyota hefur verið að þróa fyrir bíla og verður mjög umhverfisvæn lausn.

Hallgrímur bendir á að IMO [International Maritime Organization] hafi gefið út að gróðurhúsagás (GHG) skuli verða 70% minna árið 2050 en árið 2008 og að brennsla á jarðefnaeldsneyti komi til með að renna sitt skeið. Loftlagsreglur IMO fyrir vélbúnað skipa eru að verða harðari og æ stærri svæði heimsins fullgilda samninga um mengun vegna brennslu jarðefnaeldsneytis um borð í skipum. Svarið sem Yanmar horfir til er vetni sem er framleitt með endurnýanlegum orkugjöfum og hefur ekkert kolefnisspor.

Tilbúin fyrir framtíðina

Vetnisvélaþróunin er ekki eina skref Yanmar í orkuskiptum því fyrirtækið hefur leitt þróun svokallaðra „dual fuel“ véla en þær brenna náttúrulegu gasi og dísilolíu.

„Sú tækni uppfyllir þau skilyrði sem eru gerð til framdriftsbúnaðar í skipum í dag. Á vélum sem eru að brenna MGO eða ADO er einnig notaður afgangshreinsibúnaður til að uppfylla kröfur. En til að mæta kröfum framtíðarinnar ætlar Yanmar að vera fremst í flokki með vetnisknúinn framdriftsbúnað fyrir skip. Tæknin er þegar komin á prófun í fyrsta skipinu með góðum árangri,“ segir Hallgrímur en um er að ræða 38 feta bát sem er um 8 tonn að eigin þyngd og útbúinn tveimur vetnissellum sem skila 250 kW eða 340 hestöflum. Hallgrímur segir að Yanmar geri ráð fyrir að vélar fyrir stærri skip verði til afgreiðslu eftir þrjú til fjögur ár.

Yanmar í flestum nýju skipunum

Hallgrímur segir að Yanmar vélar hafa verið notaðar í skip og báta á Íslandi í yfir 50 ár og hafi þær staðið sig mjög vel. Þetta megi til að mynda sjá á þeim nýsmíðum sem komið hafa til Íslands síðustu misseri og ár. Flest séu nýju skipin með vélbúnaði frá Yanmar.

„Þessi nýju skip hafa dregið umtalsvert úr kolefnisspori fiskveiða á Íslandsmiðum,“ segir Hallgrímur.

Marás, sem er umboðsaðili fyrir Yanmar á Íslandi, er einnig að selja og þjónusta ýmsan annan búnað fyrir skip og báta, t.d. skráfur, gíra, dælur, rafstöðvar, legur, hliðarskrúfur, rúðuþurkur, vökvakrana, brúarstóla, brúarglugga, áspétti, véltengi, rafala, skipshurðar, autotrawl og spil. Hægt verður að kynna sér vörurval Marás og fræðast nánar um nýjustu þróunina í vetnisframdriftsbúnaði Yanmar í bás Marás á sýningunni Sjávarútvegur 2022 í Laugardalshöll.

maras.is

Framsæknar lausnir í sjávarútvegi

EFLA er sjávarútveginum innan handar og veitir sérsniðnar lausnir á sjó og landi.

Við erum leiðandi ráðgjafi í orkuskiptum, landtengingu skipaflotans og útreikingum á kolefnisspori. Við veitum alhliða ráðgjöf í fiskeldi og fiskvinnslu þar sem umhverfismál eru lykilatriði.



☎ 412 6000

🌐 efla.is/sjavarutvegur

EFLA

Við færum þér lífsgæði með lögnum



Hitaveita



Vatnsveita



Fráveita



Raf- og gagnaveita

Lífsgæði Íslendinga grundvallast af náttúrulegum auðlindum en fáar þjóðir eiga jafn mikla möguleika á farsælli framtíð á sviði orku og umhverfsimála. Set á að baki áralangt og gott samstarf við veitufyrirtæki landsins við nýtingu og flutning gæðanna.



Framúrskarandi
fyrirtæki



Set ehf • Röraframleiðsla



■ Pétur S. Sigurðsson, sölustjóri Skeljungur, fyrir framan skrifstofur og birgðastöð félagsins í Oddeyrarskála á Akureyri. Pétur var um tíma svæðisstjóri Skeljungur á Norður- og Austurlandi.

Fjölþætt þjónusta Skeljungur við sjávarútveginn



„Skeljungur hf. hefur að baki sér yfir 90 ára sögu í þjónustu við íslenskan sjávarútveg sem er ein af okkar stærstu stöðum. Eldsneytissala er stærsti einstaki þáttur sjávarútvegspjónustu Skeljungur en hún nær yfir mörg önnur svið. Við byggjum á sterku og öflugum þjónustuneti út um allt land og veitum viðskiptavinum þjónustu hvenær sem þeir þurfa á sólarhringnum. Sjávarútvegur er grein sem aldrei sefur og minn sími er aldrei stilltur á talhólf utan hefðbundins dagvinnutíma,” segir

Pétur S. Sigurðsson, sölustjóri Skeljungur, brosandir um verkefni þessa gróna þjónustufyrirtækis í sjávarútvegi en Skeljungur er umboðsaðili á Íslandi fyrir Shell olíur. Auk sölu til innlendra útgerða er eldsneytissala til erlendra skipa stór þáttur í rekstri Skeljungur.

Olíur og efnavörur

„Fyrir utan eldsneyti seljum við smurólíur og smurfeiti, margs konar efnavörur, svo sem hreinsiefni, sýrur og fleira. Skeljungur styrkti sig enn frekar í efna- og hreinsivörum í fyrra þegar við keyptum meirihlutann í fyrirtækinu Ecomar sem sérhæfir sig í sölu á slíkum vörum og nú rekum við öflugan verslun í Skútuvogi 1 þar sem við erum með allar okkar olíuvörur, smurfeiti, hreinsivörur og aðrar sérvörur á einum stað,”

segir Pétur en auk birgðastöðvar í Reykjavík er Skeljungur með slíkar stöðvar í Grundarfirði, á Patreksfirði, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði, Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum. Endursöluaðilar úti á landi eru Vélsmiðjan Brymur á Ísafirði og Vélsmiðja Grindavíkur.

„Birgðastöðvarnar gera að verkum að við erum með allar helstu vörur í næsta nágrenni við okkar viðskiptavinum þegar þeir þurfa á að halda. Það á við um sjávarútveginn og aðrar atvinnugreinar þar sem okkar vörur eru notaðar.”

Smurólíusýni og smurkort fyrir útgerðirnar

Pétur segir að mörg af stærstu sjávarútvegspjónustufyrirtækjum landsins séu í föstum viðskiptum við Skeljungur, bæði hvað varðar vörur og þjónustu. Pétur er sjálfur mennt-



■ Höfuðstöðvar Skeljungur eru í Skútuvogi 1 í Reykjavík og þar er jafnframt birgðastöð og öflug smásöluverslun með olíur, smurfeiti, hreinsivörum og efnavörum.

aður vélfræðingur og var til sjós í mörg ár en hann á einnig að baki nám í Fisktækniskólanum og er því gjörkunnugur notkun á vörum Skeljungur í greininni.

„Meðal þjónustupáttar okkar við útgerðina er greining smurólíusýna sem tekin eru reglulega í aðalvélum, glussakerfum og öðrum olíukerfum. Þessi sýni sendum við til Shell í Bretlandi þar sem þau eru greind og með þeim fást mikilvægar upplýsingar um ástand véla og hvort eitthvað í smurólíunni sé fyrirboði um yfirvofandi bilanir. Þetta er útgerðunum mikilvægt,” segir Pétur og tekur undir að almennt sé mikil þróun vélbúnaði skipa og báta.

„Eitt af því sem við gerum fyrir útgerðir eru sérstök smurkort fyrir vélbúnaðinn í skipunum sem byggja á þeim tæknilegu ráðleggingum um olíur og smurkerfi sem framleiðendur gefa upp. Þannig fá viðskiptavinir upplýsingar um hvaða vörur frá okkur beri að nota á vélarnar til að framfylgja kröfum vélaframleiðenda. Allt stuðlar þetta að betra rekstraröryggi og meiri endingu,” segir Pétur.

Floti eldsneytisflutningabíla og dætur í 27 höfnum

Skeljungur er með eigin flutningabíla í dreifingu á eldsneyti um allt land en í sjávarútvegi er eldsneyti flutt að skipshlið þegar stærra skip er að ræða. Sú undantekning er þó á því að skemmtiferðaskip og önnur stór skip eru þjónustuð í Reykjavíkurhöfn með sérstökum olíuflutningabát, Barkinum, þar sem alla jafna er um mjög mikið magn eldsneytis í hverri afgreiðslu. Einnig geta stærra skip komið að bryggju við Eyjagarð í Reykjavík og er þá dælt beint um borð.

„Þjónusta okkar nær einnig til smábátaflotans um allt land því við erum með samning um afsláttarkjör við Landssamband smábátasjómanna sem semur fyrir hönd félagsmanna sinna. Við rekum 27 olíudætur við hafnir hringinn í kringum landið og þær nýta smábátasjómenn sér og í reynd bátar allt upp undir 30 tonn að stærð. Í sjávarútvegi sem öðrum greinum er aðalatriðið að veita góða þjónustu.”

skeljungur.is

Ráðinn viðskipta- og þróunarstjóri iTUB

Bragi Smith hefur verið ráðinn viðskipta- og þróunarstjóri hjá iTUB á Íslandi. Bragi mun leiða sölu félagsins á Íslandi og vinna að viðskiptastefnu þess.

Áður starfaði Bragi sem markaðsstjóri OMAX heildverslunar. Hann setti á laggirnar Lín Design árið 2007 og rak fyrirtækið þar til hann seldi það í lok árs 2017. Þar áður starfaði Bragi í bankageiranum í 10 ár, lengst af hjá Kaupþingi sem viðskiptastjóri í eignastýringu. Bragi er með MBA gráðu frá University of New Haven í Bandaríkjunum og stundar nú mastersnám í markaðs- og al-

þjóðfræðum við Háskóla Íslands.

iTUB sérhæfir sig í leigu á endurnýtanlegum umbúðum fyrir sjávarútveg í Norður Atlantshafi. iTUB er með starfsstöðvar í Norvegi, Danmörku og á Íslandi, auk þjónustustöðva á öllum helstu fiskvinnslusvæðum í norðanverðri Evrópu. iTUB er leiðandi í þjónustulausnum á kerum fyrir veiðar, vinnslu og flutning á hráefni. Sjálfbærni er ávallt höfð að leiðarljósi og býður iTUB eingöngu upp á fullkomlega endurvinnanleg ker sem framleidd eru af Sæplast í Dalvík.



■ Bragi Smith leiðir þjónustu iTUB á Íslandi.

BEITIR EHF

HÖNNUN - SÉRSMÍÐI - LAUSNIR
EINGÖNGU SMÍÐAÐ Í RYÐFRÍTT STÁL.

Beitir ehf. hefur þjónustað
bátaflotann og fiskvinnslur
í 35 ár.

Verið velkomin
á bás A-13

ÞJÓNUSTA Í SÉRFLOKKI

Hafið samband
424 6650

Jónsvör 3,
190, Vogar, Iceland,
Tel.: (+354) 424 6650,
Fax.: (+354) 884 2845,
E-mail: beitir@beitir.is,
Website: www.beitir.is

Aukin gæði og verðmæti við vinnslu ufsa

Ufsinn er einn helsti nytjafiskur Íslendinga, sá þriðji í botnfiskveiðum á eftir þorski og karfa. Árið 2021 veiddu Íslendingar um 60 þúsund tonn af ufsa og urðu verðmæti hans það árið um 10 milljarðar íslenskra króna. Í dag er ufsinn ekki hátt skrifaður sem matfiskur á Íslandi, af botnfiski borðum við helst þorsk og ýsu en síður ufsa og karfa. Útlit ferskra ufsaflaka er dekkra og flökin yfirleitt ekki jafn falleg ásýndar og fersk þorsk- og ýsuflök en eftir eldun er ufsinn hvítur og lítur oft vel út á disk. Margar þjóðir telja ufsann hins vegar góðan matfisk og þjóðverjar kaupa til dæmis mikið af íslenskum ufsa. Þar er hann kall-

aður sjólax [seelachs] og löng hefð er fyrir neyslu hans.

Undanfarin ár hefur það gerst að kvótaheimildir fyrir ufsa eru ekki að fullu nýttar en ein ástæða þess er að ufsinn er oft vandfundinn á miðunum og getur verið tregur til veiða. Lítil vöruþróun hefur verið á sjófrystum ufsa-afurðum og í gegnum árin hafa oftast fengist lág verð fyrir ufsa í samanburði við þorsk og ýsu og sveiflur í verðum meiri. Hlutfall ufsans í sjófrystingu er hins vegar hátt miðað við þessar tegundir en eins og þekkt er hefur ferskur þorskur verið lang verðmætasta botnfiskafurðin undanfarna áratugi.



■ Þjóðverjar kaupa mikið af ufsa frá Íslandi og þar er hann kallaður sjólax.

Matís í samstarfi við Útgerðarfélag Reykjavíkur fékk á dögnum vilýrði fyrir styrk frá Matvælsjóði í rannsóknarverkefnið „Bætt gæði

á sjófrystum ufsa“. Verkefninu stýra Sæmundur Eliasson sem starfar hjá Matís á Akureyri og Þorlákur Guðjónsson hjá Útgerð-

arfélagi Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er að ná fram bættum gæðum á sjófrystum ufsaafurðum en aðilar verkefnisins telja að með bættum og jafnari gæðum geti falist mikil tækifæri í markaðssókn ufsaafurða erlendis. Til þess að ná því markmiði þarf að ná fram ljósari litblæ afurða og einsleitari gæðum. Þannig er hægt að lyfta orðaspori ufsans sem hefur oft ekki risið hátt í samanburði við annan bolfisk. Meðhöndlun og blæðing ufsa hefur verið rannsökuð að nokkru leyti og er vitað að hægt er að ná fram ljósari litblæ og einsleitari gæðum en til þess að yfirfæra þá meðhöndlun á sjófrystingu þarf að gera tilraunir með mismunandi breytum og mögulega endurhanna vinnsluferlana um borð. Áætlaðar afurðir verkefnisins verða þá meðal annars ný þekking og úrbætur á vinnsluferlum í sjófrystingu ufsa.

Í samanburði við þorsk og ýsu eru ufsaafurðir með dekkra holdi og oft misjafnan og fjölbreyttari litblæ sem getur verið út í rauð-, grá-, blá- eða brúnleitan blæ. Auk þess er dökkt vöðvalag næst roði hans. Ýmislegt hefur verið prófað til þess að ná útlitsfegurri afurðum, m.a. að hvítta flökin með aukefnanotkun en í saltfiskvinnslu er þekkt notkun fosfats sem tryggir hvítari afurð. Einnig hafa framleiðendur notað djúpa roðflettingu [deep skinning] til þess að ná dökka vöðvanum með roðinu og enda þá með ljósara flak. Þetta er oft kallað fitufláning á ufsaflökum þótt dökka vöðvalagið sé ekki beint fita, það er fituríkara vöðvalag sem væri í raun áhugavert hráefni í vöruþróun þar sem það inniheldur magn fosfólípíða og ómega fitusýrur. Við djúpa roðflettingu lækkar flakanýtingin hins vegar um 20% miðað við heilt óunnið flak þannig að forsenda þess að vinna flökin á þann hátt væri að huga vel að nýtingu allra afurða í ferlinu og fá hærri verð fyrir ljósari flök eða bita. Í fyrra komu Matís og Útgerðarfélag Reykjavíkur að nemendaverkefni við Háskólann á Akureyri þar sem meðal annars var prófað að skera fitufláð hnakkastykki úr ufsaflökum en fersk hnakkastykki úr þorski eru í dag verðmætasta og eftirsóttasta afurð Íslendinga. Niðurstöður fortíðra hafa sýnt að hægt er að ná fram flottum ferskum hnakkastykkjum úr ufsa en áskorun er að ná jöfnum ljósum lit og einsleitum gæðum.

Samtöl við aðila í ufsavinnslu og veiðum hafa leitt í ljós að oft er minni gæðavitund kringum ufsann og lág verð hafa á tíðum verið staðreynd en spyrja má sig um tengingar þar á milli, hænuna og eggid - hvort er lítil gæðavitund vegna lágra verða eða lág verð vegna lítillar gæðavitundar? Markmið þessa nýja Matvælsjóðsverkefnis er að sýna fram á að hægt sé að ná fram jöfnum og réttum gæðum, og fá þannig hærri verð og vekja meiri áhuga hjá neytendum fyrir afurðum úr ufsa.

Höfundar eru Sæmundur Eliasson [Matís] og Þorlákur Guðjónsson [Útgerðarfélag Reykjavíkur].



Verið velkomin
á bás B-23

STÁLSMÍÐJAN
FRAMTAK



535-5800
535-5850

210 GARÐABÆR

VESTURHRAUN 1

info@framtak.is
blossi@blossi.is

Fjölbreyttar reimalausnir fyrir alla flutninga




Sterkbyggðu M5085 böndin eru einstaklega þrifavæn



Lestarbönd í miklu úrvali

Erum sterk í öllum matvælaböndum hvort sem er á sjó eða landi



Þéttlistar fyrir lestarlúgur og vatnsþétt skilrúm



**GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.**



Sérfræðingar í gúmmí og reimum í sjötíu ár



Gúmmísteypa Þ. Lárusson býr yfir áratugalangri reynslu af því að framleiða og setja upp vörur úr gúmmí fyrir sjávarútveg og annan matvælaíðnað, tæknifyrirtæki, álver og malarvinnslur. Þetta rótgróna fyrirtæki fagnar sjötíu ára starfsafmæli sínu á þessu ári.

Gúmmísteypa Þ. Lárusson hét upphaflega Gúmmísteypa Þ. Kristjánsson og var stofnuð árið 1952. Á þeim tíma snerust verkefnin m.a. um viðgerðir á gúmmíblökkum fyrir síldarveiðar. Sjötíu árum síðar steypir fyrirtækið enn margvíslega hluti úr hrágúmmí sem notaðir eru vítt og breitt í atvinnulífinu.

Berglind Steinunnardóttir er framkvæmdastjóri fyrirtækisins, sem er eigu foreldra hennar. Hún er í grunninn klínískur sálfræð-

ingur en stakk sér út í djúpu laugina og tók við stöðu framkvæmdastjóra árið 2017. „Ég kom inn í þetta alveg græn en hef lært ótrúlega mikið á stuttum tíma.“ Hún segir það eitt af því sem einkenni rekstur fyrirtækisins hve verkefni séu fjölbreytt. Til dæmis hafi hún nýlega selt 950 metra langa reim sem sett verður upp við álverið í Straumsvík. Um er að ræða lengstu reim sem fyrirtækið hefur afgreitt en bandið flytur ál á milli skips og verksmiðju.

Borgar sig að kaupa vandaða vöru

Öll efni sem notuð eru til framleiðslu matvælabanda Gúmmísteypu Þ. Lárussonar eru vottuð og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í matvælaíðnaði. Berglind segir að miklu máli geti skipt að velja ekki ódýrasta kostinn þegar kemur að mikilvægum hlekkjum í framleiðsluferli fyrirtækja. Þannig hafi forsvarsmenn álversins í Straumsvík ákveðið að velja hágæða vöru frá Fenner Dunlop, sem Gúmmísteypan er með umboð fyrir. Með því hafi fyrirtækið lagt áherslu á endingu vörunnar.



■ Starfsmenn Gúmmísteypu Þ. Lárusson. „Við byggjum á áratuga reynslu og góðri þjónustu. Gæðin skipta öllu máli,“ segir Berglind Steinunnardóttir, framkvæmdastjóri.

Berglind segir að iðulega komi fljótt í ljós hvers vegna ódýrt gúmmí kostar minna en það sem er vandað. Það springi fljótt og tapi eiginleikum sínum hratt. „Hér búum við að sérfræðikunnáttu í færriböndum. Við byggjum á áratuga reynslu og góðri þjónustu. Gæðin skipta öllu máli og það borgar sig að kaupa vandaða vöru, þegar upp er staðið,“ segir hún.

Viðskiptavinir úr ýmsum áttum

Á meðal viðskiptavina eru tækni-fyrirtæki á borð við Marel og

Völku, hátækni-fyrirtæki í sjávarútvegi sem sameinuðust í fyrra, PCC BakkiSilicon, Malarvinnslan, BM Vallá, Björgun og Íslenska kalkþörungafélagið á Bíldudal. Fyrirtækið framleiðir líka og setur upp léttar reimar með matvælavottun í fiskvinnslur, bakarí og önnur matvælafyrirtæki. Af vörum fyrir sjávarútveginn má nefna t.d. pressuhjól í flestar gerðir neta-spila og sjóvéla, gúmmíklædd álkefli fyrir spil og blakkir, auk viðgerðarþjónustu á netaniðurleggj-urum.

„Það eru ekki allir sem átta sig

á að stundum er hagstæðara að kaupa vörur eins og gatareimar beint af okkur, frekar en að versla við milliliði. Við hvetjum smærri jafnt sem stærri fyrirtæki til að hafa samband ef endurnýja þarf reimar eða fá ráðgjöf um val á reimum,“ segir Berglind að lokum en þess má geta að fyrirtækið verður með bás á svæði A-1 á Sjávarútvegi 2022 í Laugardals-höll.

gummisteypa.is


- ✓ AUKIÐ VÖRUÚRVAL
- ✓ BETRI ÞJÓNUSTA
- ✓ ÖFLUGRI ÞRÓUN

VAKI ER SNJALLARI

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á
▶ VAKI.IS



VAKI



3M | PELTOR™



3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI

TENGDU 2 SÍMA VIÐ HEYRNARHLÍFINA

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint. Samskiptamöguleiki við 2 síma, FM útvarpi og umhverfishljóðnema. Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi þar sem míkrafónnin í heyrnarhlífin útilokar allan umhverfishávaða.



Um 1700 tonn af rusli hreinsuð úr fjörum landsins í yfir 400 verkefnum

„Starfið í sumar hefur verið mjög öflugt, við höfum verið mikið á ferðinni og árangurinn er góður,“ segir Tómas Knútsson hjá Bláa hernum en sá her hefur farið fremstur í flokki undanfarin ár við hreinsun stranda og hafna hér við land, auk fleiri svæða. Blái herinn hefur í gegnum árin hreinsað um 1700 tonn af rusli úr fjörum landsins og tekið þátt í yfir 400 verkefnum. Sjálfboðaliðar sem tekið hafa þátt í verkefnum eru yfir 11.000. Tómas hefur sjálfur lagt fram yfir 10 þúsund vinnustundir.



■ Tómas Knútsson hjá Bláa hernum.



■ Frá hreinsun sjálfboðaliðanna í SEEDS og Marel við Ósbotna og Þórshöfn.

Heimavöllur Bláa hersins er á Suðurnesjum og hefur myndast gott samstarf við ýmsa bakhjarla eins og sveitarfélögin á því svæði og Reykjanes Geopark um hreinsun á strandlengjunni þar í kring. Á liðnu ári var farið yfir tæplega 22 kílómetra á Reykjanesi og hreinsuð um 15 tonn. Þá skiluðu tvö verkefni úti á landi um 6 tonnum af um 4 kílómetra strandlengju. Blái herinn hefur tekið þátt í verkefnum á 13 stöðum úti á landi í samstarfi við aðra.

„Það skiptir verulegu máli að hafa góðan stuðning og við höfum verið svo heppin að hafa góða og öflugra stuðningsaðila sem

styðja dyggilega við bakið á okkur. Það gerir okkur kleift að vera stöðugt að og þá næst árangur,“ segir Tómas.

Fjöruhreinsun nýtur vaxandi vinsælda.

Hann segir að á liðnum árum hafi færst í aukana að hópar af ýmsu tagi, fjölskyldur, vinnustaðir, starfsmannafélög eða vinahópar hafi sóst eftir að komast í fjöruhreinsun. Einnig ferðamenn, skólar og hermenn á vegum sendiráð-

anna á Íslandi, aðallega tengt loftrýmisgæslu NATO. „Fólk er almennt meðvitaðra um umhverfismál en það var áður og þar með talið hversu miklu máli það skiptir að halda fjörum hreinum. Það hafa alls konar hópar samband við okkur og við skipuleggjum viðburðinn, finnum fjöru við hæfi og hvaða bita af henni verður farið yfir. Oftast vill fólk enda hreinsunardaginn á því að grilla saman eða fá sér kaffi og bakkelsi. Þetta verður góð og gefandi stund, fólk

lætur gott af sér leiða, nýtur úti-veru og stundar líkamsrækt í leiðinni og á í lokin samverustund með hópnum yfir góðum veitingum,“ segir Tómas. Blái herinn skipuleggur hreinsun, útvegar poka og sekki og sér um að vigta og flokka það sem hreinsað er. Þannig fáum við góða yfirsýn yfir magnið sem tekið er úr fjörum.“

Tómas kveðst bíða spenntur eftir að eitthvað verði úr yfirlýsingu sem stjórnmöld hafi gefið út í

september í fyrra um markvisst átak við að hreinsa fjörur við Íslandsstrendur. Til stóð að koma upp vefgátt þar sem allir sem lögðu fram lið sitt við að þrifa fjörur gátu skrifað inn stað, stund og magn. „Þetta er ekki komið upp enn en við bíðum eftir að það gerist. Það yrði mjög upplýsandi að hafa vefgátt af því tagi og gæfi fólki góða yfirsýn yfir þær fjörur sem eru hreinsaðar og þá ekki síður þær sem brýn þörf væri á að þrifa,“ segir hann.

AQUA.is
ELDISVÖRUR EHF

Hágæða vörur fyrir fiskeldisstöðvar.

Tromlusíur og CO2 loftarar





AQUA.is - Eldisvörur ehf.
Gjótuhraun 8 - 220 Hafnarfjörður
Sími 833 5575 - www.aqua.is

Fiskidælur og flokkarar



FAIVRE





■ Fjörugóss sem tint var upp í hreinsun í Hólmfirði árið 2020



■ Drykkjarumbúðir sem finnast í fjörum við Ísland eiga uppruna sinn í 80% tilvika í útlöndum.

Hafa vakt að nokkrar fjörur um árabíl

Tómas segir að Blái herinn hafi vakt að nokkrar fjörur á Suðurnesjum um langt árabíl og vitað sé nokkurn veginn hvað skili sér árlega af rusli upp í þær. Yfirleitt þurfi að fara annað hvert ár í þessar fjörur til að halda þeim alveg hreinum. „Það er mikilvægt að sveitarfélög séu með okkur í þessu, að þau séu meðvitund um gildi þess að hafa fjörurnar hreinar. Þau gætu staðið fyrir átaks-hreinsunum hvert á sínu svæði og virkjað fólk með,” segir hann og bætir við að FISK Seafood á Sauðárkróki hafi gefið gott for-dæmi í ár þegar félagið bauð borgun, 10 þúsund krónur, fyrir hvern þátttakanda í fjöruhreinsun. „Þetta er dæmi um átak sem gekk vel fyrir alla, fjörur í Skagafirði urðu hreinar og íþróttafélögin fengu fé til að standa straum af rekstri sínum.“ Alls tóku um 600 manns þátt í áttakinu í Skagafirði og hreinsuðu um 9 þúsund kg. af rusli úr fjörum í héraðinu. „Það er óskandi að fleiri taki sér þetta til fyrirmyndar.“

Nefnir Tómas að mikilvægt sé að fá sveitarfélög eða styrktaraðila að borðinu því kostnaður við að farga fjörugóssinu geti orðið umtalsverður þegar mikið safnast. Um 40 krónur kostar að farga einu kíló af rusli.

Golfstraumur ber draslið yfir hafið

Sjálfboðaliðasamtökin Seeds Iceland hafa lagt Bláa hernum lið í fjölda verkefna og samstarfið er yfir 15 ára gamalt. Meðal annars hafa samtökin verið á ferð á Reykjanesskaga og safnað gríðarlegu magni af alls kyns dóti. Hann segir að það sem lendi í fjörum á Reykjanesi komi yfirleitt um langan veg, Golfstraumurinn beri draslið yfir hafið og skili því á endanum upp í fjörurnar. Nefnir hann sem dæmi að drykkjarumbúðir sem finnast eigi í 80% tilvika uppruna sinn í útlöndum. Sanddölum frá Karabíska hafinu skoli á land við Ísland og sumt sem finnst beri þess merki að hafa velkst um hafið um langt árabíl. Tómas segir að ganga þurfi fjörurnar annað hvert ár ef halda eigi þeim hreinum. „Al-gengast er að það sem við hreinsum upp séu hlutir sem tengjast fiskveiðum og sjávarútvegurinn gæti vel sett meira fjármagn og drifkraft í hreinsunarverkefni líkt og gerðist í Skagafirðinum. En ábyrgðin er okkar allra, að hafið og fjörurnar séu hreinar. Því miður er það svo að það er yfirleitt um eitt tonn af rusli á hverjum kílómetra af strandlengjunni.“

KLÁRIR Í BÁTANA



Tudor rafgeymar • Traust gæði í 40 ár



Lokaðir Síru

Hleðslutæki

12 eða 24v í mörgum stærðum

Purrir AGM

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • 577-1515 • **NÝTT** Vefverslun: www.skorri.is

Hröð útbreiðsla grjótkrabba er ógn við lífríkið

Grjótkrabbi er ágeng tegund við Íslandsstrendur og hefur hratt numið land. Á mjúkum hafsbotni við suðvesturhornið er að jafnaði einn krabbi á hverja tvo fermetra.

„Grjótkrabbanum reiðir betur af en okkur grunaði þegar hann kom hingað fyrst. Hann hefur fundist allt frá Faxaflóa, norður með landinu og alla leið austur í Stöðvarfjörð.“ Þetta segir dr. Sindri Gíslason, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands. Grjótkrabbi, uppruninn við austurströnd N-Ameríku, fannst fyrst við Íslandsstrendur sumarið 2006. Um er að ræða fyrsta landnám tegundarinnar utan heim-



■ Starfsmenn við vitjun. Frá vinstri: Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Joana Micael og Sindri Gíslason.

Mynd: Sindri Gíslason

kynna sinna, ef frá er talið eitt eintak grjótkrabba sem fannst í Kattegat við Svíþjóð árið 2019.

Sindri hefur, ásamt dr. Halldóri Pálmari Halldórssyni, forstöðumanni Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum, staðið fyrir vöktun á útbreiðslu grjótkrabba í Hvalfirði frá árinu 2007. Nú er svo komið að á kjörbúsvæði krabbans sem er mjúkur hafsbotn er þéttleiki krabbans slíkur að hálfur grjótkrabbi er að meðaltali á hverjum fermetra.

Þessar niðurstöður byggja á þéttleikamati sem fram fór á árunum 2011 til 2014, þegar á fimmta þúsund grjótkrabbar voru merktir. Undanfarin tvö ár hefur

sprenging orðið í atvinnuveiðum á krabba, sem gæti verið vís-bending um enn meiri útbreiðslu.

Hinar krabbategundirnar víkja

Hlutdeild grjótkrabba í aflasamsetningu Sindra og félaga jókst mjög hratt eftir landnám hans. Árið 2007 var hlutdeildin 60% en undanfarin fimm ár hefur hlutfallið verið yfir 97% aflans. Íslensku tegundirnar, bogkrabbi og trjónukrabbi, virðast hafa orðið undir í baráttunni um búsvæðið í Hvalfirði. Sindri segir óvíst hvað veldur því en grunsamlegt þykir að íslensku tegundirnar gefi eftir á sama tíma framandi tegund nemi land og ná mikilli útbreiðslu.

Landnámið er hins vegar ekki dans á rósum fyrir tegundina, ef svo má að orði komast. Alvarleg sýking hrjáir nú grjótkrabban en Sindri segir að almennt séð séu sýkingar tíðari eftir því sem þéttleiki tegundar sé meiri. Undanfarin þrjú ár hefur yfir 60 prósent þeirra grjótkrabba sem veiðst hafa við vöktun í Hvalfirði borið svartflekjka skelsýkina [e. black-spot disease], sem er regnhlífarheiti yfir skelsýkingar í krabbadýrum.

Unnið er að rannsóknum á þessum sýkingum í samvinnu við Rannsóknastofu fisksjúkdóma á Keldum. Þegar hafa sex afbrigði kítínólítískra baktería, sem valda þessum sýkingum, verið einangruð. Frekari niðurstöður liggja hins vegar ekki fyrir.

Hár lífvænleiki

Grjótkrabbi er skilgreindur sem framandi tegund við Ísland. Sindri bendir á að samfelld vöktun framandi tegundar eins og grjótkrabba allt frá landnámi hans til þessa dags þykir einstök en verkefninu hafa þessar tvær stofnanir sinnt án sérstakra fjárveitinga. Um einsdæmi sé að ræða að svo náði hafi verið fylgst með landnámi tegundar í sjó. Hann tekur fram að jafnvel þó að þeir Halldór hafi leitt verkefnið frá upphafi hafi fjölmargir komið að því með beinum eða óbeinum hætti og þar hefur helst að nefna Jörund Svavarsson prófessor við Háskóla Íslands sem hóf vegferðina með þeim.

Eins og fyrr segir hefur nán vöktun verið í Hvalfirði og við Suðvesturhorn landsins en grjótkrabba er nú að finna við 70% strandlengjunnar. Við kjörskilyrði hafi þéttleikinn mælst mjög mikill en Sindri segir jafnframt að rannsóknir þeirra hafi sýnt fram á að erfðabreytileiki stofnsins sé hár. Mikill erfðabreytileiki landnema-tegundar eins og grjótkrabba er mikilvægur því hann varðveitir aðlögunarhæfni tegundarinnar og eykur þannig lífvænleika stofnsins.

Áhrif á aðrar tegundir

Grjótkrabbin er alæta. Hann étur til dæmis burstaorma og skeljar, s.s. krækling. Hann getur orðið upp undir 600 grömm að þyngd. Sindri segir raunar að stærsti einstaklingur tegundarinnar hafi fundist hér; eintak sem var 15,3 cm að þvermáli og 576 grömm. Hann bendir á að stórir krabbar þurfi mikla orku og ljóst sé að þeir taki sinn toll þegar kemur að fæðu. „Við getum hins vegar ekki sagt með neinni vissu að hann sé að hafa sérstök neikvæð áhrif á

Allt fyrir ferskleikann

Laxinn er viðkvæmur og vandmeðfarinn



23 kg Laxakassinn er þannig hannaður að hann viðheldur ferskleika laxins lengur en sambærilegar umbúðir.

Kostir kassans eru eftirtaldir:

- ✿ Aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum.
- ✿ Fiskurinn raðast betur innan kassa.
- ✿ Meira rými er fyrir ís eða kælimottur.
- ✿ Rúnnuð hornin auka einangrun og lengja geymsluþol.
- ✿ Stærð kassanna er 79 x 39,2 sm og staflast þeir betur á vörubrettin.
- ✿ Vegna aukins styrks er hægt að stafila í hærri stæður en áður.
- ✿ Betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti.

Laxakassinn frá Tempura sér til þess að laxinn kemst ferskur til neytenda um allan heim.


TEMPURA
einangrun - umbúðir

TEMPURA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempura@tempura.is • www.tempura.is



■ Fjórir grjótkrabbar; þrjár sýktir og einn heilbrigður.

Mynd: Sindri Gíslason



■ Gildir fullar af grjótkrabba

Mynd: Sindri Gíslason

tiltekna stofna hjá okkur. Til að svara því þyrfti að ráðast í sér- tækar rannsóknir, sem ekki hefur verið gert, en það er bæði flókið og kostnaðarsamt. Áhrifa ætti helst að verða vart á botnlægum tegundum s.s. samlokum [kræk- lingur, hörpudiskur], sniglum [beitukóng], ígulkerjum, krabba- dýrum og burstormum. Eins gæti hann lagst á egg fiska sem hrygna á botn líkt og hrogn grá- sleppunnar," útskýrir hann.

Ástæða til að hafa áhyggjur

Þekkt er að í maga þorsks og flat- fiska finnast stundum krabbar. Aðspurður svarar Sindri því til að allar tegundirnar þrjár sem hér hafa verið nefndar hafi t.d. fund- ist í þorskinum. Hann bendir hins vegar á að grjótkrabbar, sem séu komnir yfir 10-12 cm að stærð, eigi sér fáa óvini. Það sé helst steinbíturinn sem ráði við slíka stærð. Í Kanada, þar sem grjótkrabbin er upprunninn, er helsti óvinur krabbans ameríski humar- inn. Yfir 50% af fæði humarsins er grjótkrabbin. Þann óvin hefur hann ekki hér."

Sindri segir að ástæða sé til að hafa áhyggjur af framandi tegundum því alltaf séu líkur á því að þær verði ágengar, eins og í tilfalli grjótkrabbans. Þá sé horft á hvort tegundir sýni mikla eða hraða útbreiðsluaukningu af eigin rammleik, valdi eða séu líklegar til að valda minnkun líffræðilegrar fjölbreytni, efnahagslegu eða umhverfislegu tjóni eða séu skaðlegar heilsufari fólks.

„Við höfum áhyggjur af þess- um framandi tegundum sem hingað berast, en fjöldi þeirra hefur aukist mikið á undanfór- um tveimur áratugum. Grjótkrabbin er líklega þeirra þekkt- astur og er hann að hringja mörgum viðvörunarbjöllum. Hér er t.d. engin tegund í hafinu sem heldur grjótkrabbanum niðri. Hann nær þessum mikla þéttleika og af því höfum við áhyggjur," segir Sindri. Óljóst sé til dæmis hvaða áhrif svartfleckja skelsýk- ingin geti haft á aðrar tegundir krabba hér við land.

Hefur komið vísinda- mönnum á óvart


Hitastig sjávar er ráðandi þáttur í útbreiðslu tegundarinnar að sögn Sindra. Hagstæðustu skilyrðin fyrir grjótkrabbann eru á suð- vesturhorni landsins. Tegundin hefur þrátt fyrir það verið að færa út kviarnar. „Við bjuggumst ekki við því, í upphafi, að krabbinn færi austur en í Eyjafjörð," segir Sindri. Þroskun lirfa krabbans er háð því að hitastig sé yfir 10 gráðum. Þroskunartíminn fer eftir hita- stigi, hann tekur t.d. um 30 daga við 15°C en yfir 50 daga við 10°C.

Fullorðinn krabbi þoli hins vegar mjög vítt hitabil, frá 0 til 32 gráð- ur.

„Grjótkrabbin er þegar búinn að plumma sig betur í köldum sjó en okkur grunaði," segir Sindri og bætir við að tegundir séu oft fljótar að afsanna kenningar sem þessar. Sú sé raunin með grjótkrabban. „Þess vegna er mikil- vægt að halda úti þessari vöktun. Við vitum til dæmis að krabbinn er kominn alla leið austur á Stöðvarfjörð en við vitum ekki hvort hann er að fjölga sér þar."



KONGSBERG



Spilstjórnun
Viðvörunarkerfi
Tankapælikerfi
DP kerfi
Töflur og tíðnibreytar

Brattvaag
spilbúnaður


Hliðarskrúfur

Stýri og stýrisvélur
Ulstein og Kamewa
skrúfubúnaður

Bergen og MTU vélur
HSG samkeyrslukerfi
Skrúfustýringar


PM-rafmagnsvindur

Bergen Engine
B33:45
C 25:33 L



BERGEN
E N G I N E S
ON LAND. AT SEA.


Héðinn selur og þjónustar búnað frá
Kongsberg Maritime og Bergen Engines



≡ HÉÐINN ≡
1922 — 2022

hedinn.is

Fjölbreyttar og hagkvæmar gámalausnir fyrir atvinnulífið



ICELAND FISHING
EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022

Fyrirtækið Stólpi Gámar ehf. býður atvinnulífina fjölbreyttar gámalausnir, allt frá hefðbundnum gámum til vöruflutninga eða geymslu á vörum yfir í svokölluð gámahús, þ.e. innréttaðar einingar fyrir starfsmannaástöðu, kaffistofu, salerni, gistirými skólastofur fyrir grunn- og leikskóla og margt fleira. Fyrirtækið þjónar þannig mjög víðu sviði atvinnlífsins og mun kynna sína starfsemi á sýningunni Sjávarútvegur 2022 í Laugardalshöll. Fyrirtækið er á bás nr. B-33 inni og á E svæði úti.

Frystigámar hagkvæm lausn fyrir sjávarútveginn

Sjávarútvegur er meðal þeirra atvinnugreina þar sem gámalausnir frá Stólpa Gámum koma við sögu. Þar er leiga og sala á frystigámum stór þáttur en einnig hafa fyrirtæki í þeirri grein sem öðrum nýtt



■ Innréttaðar gámaeiningar nýtast víða í atvinnulífina.

sér gámahús til margvíslegra verkefna.

Stólpi Gámar býður viðskiptavinum gáma bæði til leigu í lengri og skemmri tíma en einnig hefur fyrirtækið gáma til sölu ef sú leið hentar viðskiptavinum betur.

Sveigjanleikinn er því mikill og fyrirkomulagið eins og fellur best að þörfum viðskiptavina.

Sem dæmi um tímabundnar þarfir í gámalausnum í sjávarútvegi má nefna loðnuvertíðina þar sem mikil afurðaframleiðsla er á



■ Í boði eru lokaðir þurrgámar í stærðunum 6, 8, 10, 20 og 40 fet.

stuttum tíma og aukin þörf er fyrir geymslurými fyrir frystar afurðir. Þannig má með hagkvæmum hætti stórauka geymslurýmið til að mæta þörf þar til fullnum vörum er skipað út. Frysti- og kæligámar eru í stærðunum 10, 20 og 40 fet hjá Stólpa Gámum.

Margt í boði

Stólpi Gámar er með lokaða þurrgáma í stærðunum 6, 8, 10, 20 og 40 fet en í boði eru einnig opnir 20 og 40 feta gámar en þeir geta verið opnir á toppi og einnig eru til gámar sem eru með opnanlegum hliðarhurðum. Jafnframt eru til 40 feta stálfleti, einangraðir gámar og tankgámar bæði til sölu og leigu.

Stólpi Gámar býður til sölu allar gerðir gáma og ef þeir eru ekki til þá getur fyrirtækið útvegað þá.

Af öðrum þjónustupáttum má nefna að fyrirtækið býður viðgerðarþjónustu á gámum og varahluti í þá.

Þá selur fyrirtækið blásara, lofthreinstæki, rakatæki og útsogsblásara frá Heylo, tjaldskemmur frá Hallgruppen, léttbyggða geymslugáma frá BOS auk þess sem það selur vinnulyftur frá Maber, vinnuljós og margt fleira.

Nánari upplýsingar um félagið og vörur þess má finna á heimasíðunni fyrirtækisins.

stolpigamar.is



■ Frystigámar koma að góðum notum þegar þarf að auka frystirými tímabundið, t.d. yfir loðnuvertíðina.



Hjá RUBIX færðu allt fyrir sjávarútveginn:

- Slöngusmíði
- Legur
- Dælur og síur
- Gíra- og rafmótora
- Loft- og vökvabúnað
- Vinnufatnað
- Öryggisbúnað
- Verkfæri
- Vökvamótora
- Efnavörur o.fl.

RUBIX | Dalvegi 32a | 201 Kópavogi | S: 522 6262 | rubix.is | rubix.is@rubix.com



VIÐ GERUM
ÚT Á GÓÐA
ÞJÓNUSTU



Héradspenn


FJARÐABYGGÐARHAFNIR

- Mjóafjarðarhöfn
- Norðfjarðarhöfn
- Eskifjarðarhöfn
- Mjóeyrarhöfn
- Reyðarfjarðarhöfn
- Fáskrúðsfjarðarhöfn
- Stöðvarfjarðarhöfn
- Breiðdalsvíkurhöfn



FJARÐABYGGÐ
www.fjardabyggd.is

Búa sig undir grænanan orkugarð



ICELAND FISHING
EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022

„Við sjáum fyrir okkur að geta orðið mikilvægur hluti af orkuskiptunum,“ segir Birgitta Rúnarsdóttir, verkefnastjóri hafna hjá Fjarðabyggð. Fjarðabyggðarhafnir búa sig um þessar mundir undir stækkun Mjóeyrarhafnar í Reyðarfirði til að takast á við auknar skipakomur.

Á Reyðarfirði er áformað að reisa svokallaðan grænan orku-



■ Stækkun Mjóeyrarhafnar er í undirbúningi.



■ Birgitta Rúnarsdóttir segir að Fjarðabyggðarhafnir geti orðið mikilvægur hlekkur í orkuskiptum.

garð, sem hverfast mun, ef að líkum lætur, um framleiðslu á vetni til þess að búa til rafeldsneyti. Rafeldsneyti er búið til úr vetni (H₂), sem verður til þegar vatns-sameindin (H₂O) er klofin í vetni og súrefni með rafgreiningu. „Við sjáum fyrir okkur að höfnin verði mikilvægur partur þeirrar framleiðslu, bæði til upp- og útskipunar,“ segir Birgitta.

Stórhuga áform

Á síðasta ári skrifuðu Fjarðabyggð, Landsvirkjun og Copenhagen Infrastructure Partners (CIP) undir viljayfirlýsingu um að meta kosti þess að þróa grænan orkugarð á Reyðarfirði. Verið er að kanna möguleika á framleiðslu rafeldsneytis í Reyðarfirði en einnig samlegðaráhrif við aðra starfsemi á svæðinu. Þar er meðal annars horft til orkuskipta í sjávarútvegi og landflutningum, endurnýtingu varma til húshitunar á Reyðarfirði og notkun súrefnis við landeldi á fiski. Einnig á að kanna kosti þess að afla orku á svæðinu fyrir mögulega starfsemi í græna orkugarðinum.

Birgitta segir að í stefnu stjórnvalda felist að rafeldsneytið yrði fyrst um sinn notað innanlands en að síðar gæti komið til útflutnings eldsneytisins.

„Besta hafnaraðstaðan til slíkra flutninga í Fjarðabyggð er í Reyðarfirði og við viljum vera búin undir það,“ útskýrir hún. Austurland gæti þannig orðið mikilvægur hlekkur í orkuskiptunum. Hún tekur hins vegar fram að ekkert hafi endanlega verið ákveðið og að tímasetningar liggja því ekki fyrir. „Það er búið að standa til að stækka Mjóeyrarhöfnina um hríð og við erum þessa dagana að vinna undirbúningsvinnu þar að lútandi.“

Vinna að öflugum landtengingum

Áformin, sem bera vott um framsýni sveitarfélagsins og hafnarinnar, eru ekki einu grænu skrefin sem til stendur að taka í hafntengdri starfsemi í Fjarðabyggð. Þegar þetta er skrifað stendur yfir vinna við lokafrágang nýs spennahúss sem búið er að reisa við Mjóeyrarhöfn. Þar er verið að komið fyrir tveimur öflugum spennum sem styðja við framtíðarlandtengingar fyrir skipin sem þjónusta áliðnaðinn í Reyðarfirði. Birgitta segir mjög fýsilegt fyrir þau skip að landtengjast þar sem þau stoppi venjulega í um þrjá daga við bryggju. „Umhverfislegur ávinningur, þegar þau þurfa ekki lengur að brenna olíu við bryggju, verður heilmikill,“ segir Birgitta.

fjardabyggd.is/hafnir

ÖRYGGI OG ÞEKking

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS HEFUR STAÐIÐ VAKTINA Í 50 ÁR

Félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands hafa alltaf verið í fararbroddi í þekkingu á raf- og tæknibúnaði og notkun hans.

Tryggjum öryggi og skiptum við fagmenn

RAFIDNAÐARSAMBANDIÐ STENDUR VAKTINA og stendur vörð um réttindi þín, starfsumhverfi, vellíðan og starfsöryggi.

STOLTUR BAKHJARL



AÐILDARFÉLÖG RAFIDNAÐARSAMBANDSINS





Allt sem þitt fyrirtæki þarf

í einum öruggum pakka

Kíktu í
kaffi til okkar
á bás B21



Öryggi

Næstu kynslóðar eldveggur veitir aukið öryggi á netlagi umfram hefðbundinn eldvegg.



Uppsetning

Sérfræðingar Símans koma og setja upp búnaðinn og tryggja að allt virki.



Vöktun 24/7

Búnaður er vaktður af kerfum Símans allan sólarhringinn. Tilkynnt er um allt óeðlilegt.




Yfirsýn

Þú færð senda reglulega skýrslu sem gefur þér yfirsýn yfir þitt umhverfi.

siminn.is/fyrirtaeki

N1 fylgir þér á sjó og landi


Sýningin Sjávarútvegur 2022 verður haldin
21.–23. september í Laugardalshöll



Við hlökkum til að sjá þig í bás B-23

N1 þjónar íslenskum sjávarútvegi með þéttu neti afgreiðslustaða um allt land og sér sjávarútvegsfyrirtækjum, stórum sem smáum, fyrir eldsneyti, smurolíum, efnavörum og vinnufatnaði.

Kynntu þér nýjungar í þjónustu N1 á sýningunni Sjávarútvegur 2022.



ICELAND FISHING
EXPO 2022

Sjávarútvegur 2022

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ